

Fjárhagsáætlun



Sveitarfélagið Ölfus

2018 - 2021

ásamt greinargerð

EFNISYFIRLIT

Inngangur	2
00. Skatttekjur	4
02. Félagsþjónusta.....	6
03. Heilbrigðismál.....	12
04. Fræðslu- og uppeldismál	13
05. Markaðs- og menningarmál	20
06. Íþróttá- og æskulýðsmál.....	23
07. Brunamál og almannavarnir	26
08. Hreinlætismál	27
09. Skipulags- og byggingarmál	31
10. Umferðar- og samgöngumál.....	34
11. Umhverfismál	36
13. Atvinnumál	42
21. Sameiginlegur kostnaður.....	43
28. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	45
31. Eignasjóður	46
33. Þjónustumiðstöð	49
B-hluta fyrirtæki	51
41. Þorlákshöfn.....	52
43. Vatnsveita.....	65
53. Íbúðir eldri borgara.....	68
55. Uppgræðslusjóður	70
57. Félagslegar íbúðir	73
61. Fráveita.....	75
Greinargerð bæjarstjóra.....	77
Fjárhagsáætlun 2018-2021.....	82
Sundurliðuð rekstraráætlun 2018	88
Fjárfestingaráætlun	130
Skýringar fjárfestinga.....	134
Viðhaldsáætlun.....	146
Skýringar viðhalds.....	147
Skipurit Sveitarfélagsins Ölfuss.....	150

INNGANGUR

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árin 2018-2021 var lögð fram til fyrri umræðu þann 30. nóvember 2017 og til síðari umræðu og staðfestingar þann 14. desember 2017.

Fjárhagsáætlun þessi hefur verið unnin sameiginlega af kjörnum fulltrúum, bæjarstjóra, bæjarritara, forstöðumönnum stofnana og málaflokka og fleiri starfsmönnum Sveitarfélagsins Ölfuss. Fjárhagsáætlun 2018-2021 hefur verið til umræðu á öllum fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs frá 31. ágúst 2017 en auk þess hafa verið haldnir fjöldi vinnufunda vegna áætlunarinnar.

Rammi áætlunarinnar var markaður af bæjarstjórn/bæjarráði með það að markmiði að tryggja íbúum Sveitarfélagsins Ölfuss sem besta grunnþjónustu samhliða áframhaldandi uppbyggingu í þágu íbúa og samfélags.

Samkvæmt 60 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skiptist starfsemi sveitarfélaga á eftirfarandi hátt:

- a) Sveitarsjóður, þ.e. aðalsjóður sveitarfélags auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum.
- b) Stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Meginreglan er sú að í A-hluta, flokkast þær rekstrareiningar sveitarfélagsins sem fjármagnaðar eru að hluta eða öllu leyti með skatttekjum (aðalsjóður, eignasjóður og þjónustumiðstöð), en í B-hluta flokkast þær rekstrareiningar (þjónustueiningar) sem reknar eru sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar og hafa lagaheimild til að innheimta þjónustugjöld til þess að standa að fullu undir útgjöldum sínum (vatnsveita, hafnarsjóður, íbúðir eldri borgara, félagslegar íbúðir, uppgræðslusjóður og fráveita).

Heildartekjur Sveitarfélagsins Ölfuss (A- og B-hluta) á árinu 2018 eru áætlaðar 2.418 m.kr. Þar af eru skatttekjur áætlaðar 1.450 m.kr. framlög úr jöfnunarsjóði 454 m.kr. og aðrar tekjur 514 m.kr.

Rekstrargjöld eru áætluð 2.214 m.kr. Þar af eru laun og launatengd gjöld 1.132 m.kr. annar rekstrarkostnaður 908 m.kr. og afskriftir 174 m.kr.

Rekstarniðurstaða samstæðunnar er því áætluð jákvæð um 203 m.kr. fyrir fjármagnsliði. Fjármagnsliðir eru áætlaðir nettó 72 m.kr. og er áætluð rekstarniðurstaða samstæðunnar því jákvæð um 131 m.kr.

Áætlað veltufé frá rekstri er 368 m.kr.

Afborganir langtímalána eru áætlaðar 121 m.kr. og tekin verða ný lán að upphæð 355 m.kr.

Gert er ráð fyrir 2.5% verðbólgu innan ársins í samræmi við spár Seðlabanka Íslands.

Gjaldskrár sveitarfélagsins verða almennt hækkaðar um 2.2%.

Á árinu 2018 er áætlað að verja 620 m.kr. til framkvæmda. Helstu framkvæmdir verða að lokið verður við endurbætur á elsta hluta leikskólans og eru áætlaðar 89 m.kr. til verksins. Þá eru áætlaðar 262 m.kr. til uppbyggingar íþróttamannvirkja og ber þar hæst endurbætur og stækkun íþróttahússins 220 m.kr. og nýir heitir pottar við sundlaugina 25 m.kr. Þá eru áætlaðar 65 m.kr. til uppbyggingar á móttöku- og flokkunarstöð fyrir úrgang. Hafist verður handa við hönnun viðbyggingar við Egilsbraut 9 og eru áætlaðar 15 m.kr. til verksins. Unnið verður að uppbyggingu fráveitu og vatnsveitu í nýju iðnaðarhverfi bæjarins vestan Þorlákshafnar svo og frekari endurbætur innan Þorlákshafnar og áætlaður framkvæmdakostnaður beggja veitnanna alls 100 m.kr. Þá er gert ráð fyrir framkvæmdum


við höfnina fyrir um 133 m.kr. á árinu og ber þar hæst endurnýjun á stálþili við Svartasker. Þá hefur sveitarfélagið samþykkt að leggja fram 37 m.kr. stofnframlag til byggingar almennra leiguíbúða í Þorlákshöfn sem leiguíbúðafélagið Bjarg mun byggja en mikill skortur hefur verið á leiguhúsnæði nú síðustu ár. Helmingur stofnframlagsins verður greiddur á árinu 2018 og lokagreiðsla fer fram þegar íbúðirnar verða tilbúnar til útleigu en búist er við því vorið 2019.

Á árunum 2019-2021 er gert ráð fyrir að rekstur sveitarfélagsins verði með svipuðum hætti og á árinu 2018. Áfram verður unnið að frekari uppbyggingu á innviðum og mannvirkjum sveitarfélagsins með það að markmiði að bæta þjónustu við íbúana ennfrekar.


Helstu framkvæmdir áætlunarinnar á árunum 2019-2021 eru eftirfarandi: Fyrirhugaðar eru miklar framkvæmdir í endurnýjun eldri gatna svo og nýframkvæmdir en á þessum þremur árum er áætlað að veita 475 m.kr. til þessa málaflökks. Töluverðar framkvæmdir eru fyrirhugaðar við fráveitu bæjarins svo hún uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til slíkra mannvirkja og eru áætlaðar 118 m.kr. til verksins. Þá verður áfram unnið í frekari uppbyggingu á vatnsveitu bæjarins á tímabilinu og áætlaðar í það verkefni 35 m.kr. Einnig er fyrirhugað að byggja við Egilsbraut 9 og fjölga leiguíbúðum fyrir eldri íbúa sveitarfélagsins og er kostnaður við það áætlaður um 300 m.kr. Áfram verður unnið að frekari uppbyggingu hafnarinnar og áætlaður kostnaður við þær framkvæmdir á tímabilinu 421 m. kr. Áformuð er stækkun við Grunnskólann í Hveragerði í samvinnu með Hveragerðisbæ en áætlaður hlutur sveitarfélagsins í henni er 21 m.kr. Á tímabilinu verða einnig greiddar eftirstöðvar stofnframlaga til byggingar almennra leiguíbúða í Þorlákshöfn 18 m.kr. Til að mæta þessum kostnaði er gert ráð fyrir lántökum á árunum 2019-2021 að upphæð 535 m.kr.

Áætlunin hefur verið unnin með það að markmiði að efla enn frekar öflugna grunnþjónustu samhliða enn frekari uppbyggingu á ýmsum sviðum í þágu íbúa og samfélagsins í heild. Fjárhagsáætlunin hefur verið unnin í góðri samvinnu bæjarstjórnar sveitarfélagsins í heild sinni, forstöðumanna stofnana sveitarfélagsins og fastanefnda. Bæjarstjórn þakkar starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir þeirra framlag til þessarar vinnu.

Vísitala neysluverðs



00. SKATTTEKJUR



Álagningarhlutfall fasteignaskatts er óbreytt frá fyrra ári eða 0,38% á íbúðarhúsnæði og 1,65% sem er hámarks fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði skv. lögum. Gert er ráð fyrir afslætti á fasteignaskatti og fráveitugjaldi til elli- og örorkulífeyrisþega samkvæmt sérstökum reglum sem samþykktar hafa verið í bæjarstjórn. Hámark fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði skv. lögum er 0,5%.


Fasteignaskattur á opinbert húsnæði er ákveðinn með lögum og er 1,32% af fasteignamati. Gert er ráð fyrir óbreyttri lóðarleigu á milli ára eða 0,7% af fasteignarmati lóðar.

Álagning gjalda 2018

Útsvar	14,52%
Fasteignaskattur íbúðarhús A.....	0,38%
Fasteignaskattur B, opinbert húsnæði	1,32%
Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis C	1,65%
Vatnsskattur	0,12%
Vatnsskattur skv. mæli kr. pr. m ³	11,80
Holræsagjald	0,25%
Lóðarleiga A-flokkur	0,70%
Lóðarleiga B-flokkur	0,70%
Lóðarleiga C-flokkur	0,70%
Lóðarleiga D-flokkur	Skv. lóðarleigusamningi


Gjalddagar fasteignagjalda verði átta þ.e. 01.02.18 – 01.09.18

Skipting skatttekna - áætlun 2018



Ákveðið er að útsvarshlutfall fyrir árið 2018 verði hámarksútsvar, þ.e. 14.52% af útsvarsstofni.


Þróun skatttekna



Það er athyglivert að sjá hversu mikið stökk skatttekjur taka uppávið frá árinu 2015 en á því ári hófst veruleg fjölgun íbúa sem ekki er séð fyrir endann á.

02. FÉLAGSPJÓNUSTA

Þróun reksturs félagsþjónustu



Árið 2011 tóku sveitarfélögin yfir málefni fatlaðra og hækkuðu þá útgjöld til málaflokksins auk þess sem álagt útsvar hækkaði á móti.

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings bs.

Sveitarfélögin í Árneshýslu utan Árborgar reka byggðasamlag um sameiginlega skóla- og velferðarþjónustu, sem ber nafnið Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings bs, og er varnarþing byggðasamlagsins í Hveragerðisbæ. Byggðasamlagið sér um skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu fyrir leik- og grunnskóla og velferðarþjónustu sveitarfélaganna skv. IX. kafla laga um grunnskóla nr. 91/2008, VIII. kafla laga um leikskóla nr. 90/2008, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 91/2008 með síðari breytingum, barnaverndarlögum nr. 80/2002 með síðari breytingum. Byggðasamlagið sér um sérfræðiþjónustu fyrir skóla- og velferðarþjónustu með sameiginlega skólaþjónustu- og velferðarnefnd. Sameiginlegur forstöðumaður er yfir þjónustunni. Skólaþjónustan starfar á einu starfssvæði en velferðarþjónustan er með þrjú starfssvæði, Ölfus, Hveragerði, Uppsveitir Árneshýslu og Flóahrepps. Aðskilinn fjárhagur er á milli skóla- og velferðarþjónustu.


Velferðarþjónusta

Málaflokkar sem heyra undir velferðarþjónustu sveitarfélagsins Ölfus eru: félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, barnavernd, félagslegt leiguhúsnæði, húsaleigubætur, sérstakar húsaleigubætur, leiguhúsnæði sérstaklega ætlað öldruðum að Egilsbraut 9, félagsleg heimaþjónusta, dagvist aldraðra, tómstundarstarf aldraðra, liðveisla, ferðaþjónusta fatlaðs fólks, rekstur búsetueiningar fyrir fólk með fötlun að Selvogsbraut 1 og Viss, vinnu- og hæfingarstöð að Unubakka 4.

Framtíðarsýn

Fjárhagsaðstoð

Á árinu 2017 hefur þeim fækkað jafnt og þétt sem þurfa á fjárhagsaðstoð frá sveitarfélaginu að halda eins og sjá má á grafinu hér fyrir neðan:




Mynd 1. Fjöldi á fjárhagsaðstoð eftir mánuðum árin 2016 og 2017

Gera má ráð fyrir að þessi þróun muni halda áfram á næsta ári þar sem atvinnuástand hefur batnað til muna. Gert er ráð fyrir lækkun á útgjöldum vegna fjárhagsaðstoðar ár árinu 2018.

Barnavernd

Tilkynningar til barnaverndar á árinu 2017 hafa aukist mikið frá síðasta ári.

Á grafinu hér fyrir neðan má sjá fjöldi tilkynninga undanfarin fjögur ár en tilkynningar fyrir árið 2017 eru frá fyrstu 9 mánuðum ársins og líklegt að þeim fjölgi talsvert þar sem eftir er af árinu.



Markmið með barnavernd er að aðstoða foreldra við að sinna uppeldisskyldum sínum. Er það gert m.a. með því að veita uppeldisráðgjöf, stuðning og meðferð og tilsjón inn á heimili. Þegar slík úrræði duga ekki þá þarf að vista börn utan heimilis. Kostnaður í barnavernd hefur aukist til muna á þessu ári og mun halda áfram á næsta ári vegna fósturvistunar barna.


Sérstakur húsnæðisstuðningur

Nýjar reglur tóku gildi í byrjun árs 2017 um sérstakan húsnæðisstuðning. Sérstakur húsnæðisstuðningur er veittur fyrir börn á aldrinum 16-18 ára sem eru á heimavist og fyrir þá sem eru með lágar tekjur og búa við erfiðar félagslegar aðstæður. Sérstakur húsnæðisstuðningur hefur ekki verið veittu til þeirra sem eru í félagslegu leiguhúsnæði enda hefur leigan í því húsnæði verið mun lægri en á almennum markaði. Ákveðið hefur verið að hækka leigu í félagslegu leiguhúsnæði þannig að hún verði nær hinum almenna markaði og koma til móts við leigjendur með því að veita þeim sérstakan húsnæðisstuðning. Gera má ráð fyrir að við þessar breytingar geti útgjöld aukist lítillega.

Þjónusta við aldraða

Sveitarfélagið rekur öfluga þjónustu fyrir eldri borgara. Áfram verður haldið því góða starfi. Á Egilsbraut 9 fer fram fjölbreytt starfsemi, eins og félagsstarf, matur í hádegi, heimaþjónusta og dagdvöl.

Á grafinu hér fyrir neðan má sjá fjölda þeirra sem njóta félagslegrar heimaþjónustu undanfarin 4 ár.



Eldri borgurum fer fjölgandi í sveitarfélaginu og er mikilvægt að fara að huga að frekari uppbyggingu á Egilsbraut 9.

Málefni faltaðs fólks

Starfsemi Viss, vinnu- og hæfingarstöð fluttist í nýtt húsnæði á árinu. Nú er starfsemin rekin alla virka daga frá 8-16 og geta einstaklingar með fötlun nú átt val um hvort þeir sækja vinnu fyrir eða eftir hádegi. Þessi breyting hefur gefist vel og er vonast til að hægt sé að veita fleirum þjónustu. Félagsleg liðveisla er veitt börnum og fullorðnum með fötlun og er markmið með henni að rjúfa félagslega einangrun. Mikil aukning hefur verið á þessu ári og er fyrir séð að útgjöld muni aukast vegna liðveislu á næsta ári. Ástæða þess er að auðveldara hefur verið að fá starfsfólk til að sinna liðveislu og einnig hefur íbúum í Ölfusi fjölgað.

Húsnæðismál

Á síðasta ári vann Skólaþjónustu- og velferðarnefnd að þarfagreiningu vegna uppbyggingar félagslegs leiguhúsnæðis í sveitarfélaginu. Sú greining var notuð í gerð húsnæðisáætlunar sveitarfélagsins sem nýlega var lokið við.

Gjaldskrá

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd hefur samþykkt eftirfarandi hækkun á gjaldsskrá og grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar og vísað til bæjarstjórnar.

Fjárhagsaðstoð

Fjárhagsaðstoð sem við höfum veitt skv. reglum Skólaþjónustu- og velferðarnefndar hafa verið með þeim lægstu á landinu. Lagt er til að hækka Grunnfjárhæð um 4/8% og að sama skapi lækka fjárhæð til þeirra sem búa í foreldrahúsum.

	2017	2018
Grunnfjárhæð (1.0)	144.635	150.000
Búa í foreldrahúsum (0,45)	72.318	67.500
Hafa kostnað af húsnæði án þinglýsts húsaleigusamnings (0.8)	112.169	120.000
Grunnfjárhæð hjóna (1,6)	231.415	240.000
Akstur pr. km.*	31.34	31.34

*fylgir gjaldskrá SÍ

Stuðningsfjölskylda Barnavernd

Greiðslur vegna stuðningsfjölskyldna í barnavernd hafa hækkað lítið undanfarin ár. Erfiðlega hefur gengið að fá fólk til að sinna þessari þjónustu. Fyrir eina helgi hjá stuðningsfjölskyldu höfum við greitt kr. 23.830. Algengast er að sveitarfélög hafi greitt fyrir eina helgi sem jafngildir mánaðargreiðslur barnalífeyrir eða kr. 32.530. Lagt er til að greiðslu verði hækkað úr 23.830 í 32.530 fyrir helgarvistun.

Stuðningsfjölskylda málefni fatlaðs fólks

Þjónusturáð Suðurlands leggur til að stuðningsfjölskyldur hækki umtalsvert því erfitt hefur verið að fá stuðningsfjölskyldur til starfa fyrir börn með fötlun. Þetta er mikilvæg þjónusta sem léttir álagi á fjölskyldum fatlaðra barna.

	Greiðslur á sólarhring		
	2017	2018	hækkun
1.flokkur	17.503	26.000	0,67
2.flokkur	13.811	23.000	0,60
3.flokkur	11.422	18.000	0,63

Heimaþjónusta þrif

Viðmiðunartekjur í gjaldskrá eru reiknaðar út samkvæmt lífeyrissjóðsgreiðslum. Þeir sem eingöngu eru með tekjur frá Tryggingastofnun greiða ekkert fyrir heimaþjónustu.

	2017	2018	<i>hækkun</i>
Lægra gjald	kr. 505	kr. 520	0,27
Hærra gjald	kr. 765	kr. 785	0,27

Skólaþjónusta

Á haustmánuðum 2017 flutti skólaþjónustan í varanlegt húsnæði að Fljótsmörk 2 í Hveragerði.

Markmið skólaþjónustu er að:

- Styrkja og styðja faglega við starf skólanna þannig að innan þeirra sé hægt að leysa flestu þau verkefni sem upp koma með öflugri ráðgjöf og fræðslu til kennara og starfsfólks.
- Styrkja nemendur, foreldra og starfsfólk skólanna. Stuðla að bættri líðan nemenda og efla þá í námi og starfi með hugmyndafræði snemmtækra íhlutunar.
- Styðja við og efla samvinnu leik- grunn- og framhaldsskóla í Árnesþingi og stuðla að samvinnu skóla og fagfólks á svæðinu.
- Stuðla að framþróun í skólastarfi og kynna nýjungar með tilliti til sérstöðu hvers skóla.

Skólaþjónusta á að styðja við nemendur, foreldra, kennara, stjórnendur og annað starfsfólk skólanna. Hlutverk hennar á að vera að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst viðfangsefni sem upp koma með þverfaglegri ráðgjöf. Sérfræðingar skólaþjónustu þurfa að kynna vel fyrir kennurum hvaða þjónusta er í boði fyrir áðurtalda aðila og ekki síður hvað felst í þjónustunni. Skólaþjónustan sinnir margskonar málum svo sem endurmenntun í formi námskeiða og fræðslufunda, viðtalsbeiðnum, skimunum, heiltækri kennsluráðgjöf vegna nemenda eða hópa í leik- og grunnskólum, sálfræðilegum og málfarslegum greiningum, bráðamálum, reglulegum fundum með skólastjórum, eftirfylgd mála, teymisvinnu, setu í nemendaverndarráðum o.fl.

Framtíðarsýn

Gerður G. Óskarsdóttir kennslufræðingur setti fram hugmyndafræðina sem lögð var til grundvallar við stofnun Skólaþjónustu Árnesþings. Gerður gerði svo úttekt á faglegu starfi skólaþjónustu í febrúar 2015. Helstu niðurstöður voru þær að almennt eru skólastjórar og starfsfólk skóla mjög ánægt með þjónustu skólaþjónustu, en að bið eftir athugun sálfræðinga væri of löng. Nú rúmum tveimur árum síðar hafa biðlistar enn lengst og erfitt að sjá fram á breytingu á því á næstunni. Þess vegna hafa sérfræðingar skólaþjónustu skoðað í þau hvaða leiðir geta verið færar til að bæta úr þessu, án þess að skerða gæði athugana sálfræðinga og án þess að skerða aðra þjónustu þeirra, til dæmis varðandi viðtalsbeiðni, ráðgjöf, námskeið og fræðslu, bráðamál, setu í nemenda-verndarráðum o.fl.

Sérfræðingar Skólaþjónustu Árnesþings hafa eins og fyrr segir skoðað ferli tilvísanamála og viðtalsbeiðna vandlega og aðlagð umrætt módel að þeim aðstæðum og þeim björgum sem þjónustan hefur úr að spila og utanaðkomandi úrræðum í nærumhverfinu. Um leið og ferli tilvísana hefur verið breytt lítillega er það nú sett fram á skýrari hátt en áður. Þjónustan er eins og áður stigskipt, getur verið allt frá vægu inngrípi með einu til tveimur viðtölum/ráðgjöf

-til verulegrar íhlutunar/inngríps, þar sem farið er í djúpa og tímafreka greiningu eða þverfaglega ráðgjöf vegna vanda barns.

Hér á eftir eru myndir sem sýna á skýran hátt hvert ferli máls getur verið eftir að tilvísun berst til Skólaþjónustu Árneshvíls. Tilgangurinn með umræddum breytingum er að minnka áherslur á greiningar og að leggja meiri áherslu á að sérfræðiþjónusta geti komið fyrir að málum en nú er í formi ráðgjafar og viðtala. Einnig að mál sem betur eiga heima á öðrum þjónustustigum sé þegar beint þangað.




Ferli mála Skólaþjónustu Árneshvíls, athugið að þetta ferli á ekki við ef um bráðamál er að ræða.

Gjaldskrá dagvistar eldri borgara (mötuneyti)

Matur fyrir eldri borgara kr. pr. dag, morgun- og hádegismatur	1.448
Hádegismatur kr. pr./máltíð	1.060
Morgunmatur kr. pr./máltíð.....	388
Kvöldmatur kr. pr./máltíð.....	388


03. HEILBRIGÐISMÁL



Undir liðinn heilbrigðismál er fært framlag sveitarfélagsins til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Framlagið er miðað við fjölda íbúa í sveitarfélaginu og er áætlað að það verði tæpar 1,8 m.kr. á árinu 2018. Á línuritinu hér að ofan sést vel hvaða áhrif íbúafjöldaaukningin hefur á útgjöldin til málaflokksins þó svo að tölurnar í heildarsamhengi séu óverulegar.

04. FRÆÐSLU- OG UPPELDISMÁL

Þróun reksturs fræðslu- og uppeldismála



Staða fræðslumála

Í Þorlákshöfn er rekinn Leikskólinn Bergheimar og Grunnskólinn í Þorlákshöfn. Þá á sveitarfélagið 14% eignarhlut í Grunnskólanum í Hveragerði og 9% í leikskólum Hveragerðisbæjar. Um skólavist barna sem búa í dreifbýli Ölfuss fer samkvæmt samningum milli Ölfuss og Hveragerðis annars vegar og Ölfuss og Árborgar hins vegar. Fræðslunefnd fer með málaflokkinn í umboði bæjarstjórnar. Sveitarfélagið á fulltrúa í fræðslunefnd Hveragerðis.

Sveitarfélagið er aðili að Tónlistarskóla Árnesinga. Skólanefnd fer með málefni skólans í umboði hlutaðeigandi sveitarfélaga. Framlag sveitarfélagsins er til greiðslu launakostnaðar kennara og skólastjóra.

Sveitarfélagið styður námsmenn á framhaldsskóla- og háskólastigi sem stunda nám utan sveitarfélagsins með styrkjum samkvæmt sérstökum reglum sem settar hafa verið af bæjarstjórn og hefur svo verið um árabil.

Sveitarfélagið niðurgreiðir vistun hjá dagmæðrum, en í þéttbýli Ölfuss eru að jafnaði starfandi dagmæður.

Sveitarfélagið Ölfus er aðili að sameiginlegri sérfræðipjónustu fyrir skóla- og velferðarþjónustu sjö sveitarfélaga. Sveitarfélögin eru, auk Ölfuss; Hveragerðisbær, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur. Markmið samstarfsins er að efla samstarf á milli sveitarfélaganna á sviði skóla- og velferðarþjónustu, minnka faglega einangrun starfsmanna og skapa teymi starfsmanna sem vinnur að því að bæta þjónustu við íbúa, nemendur, starfsfólk skóla og félagsþjónustu. Í teymi skólalþjónustunnar eru tveir kennsluráðgjafar og

einn sálfræðingur. Eitt meginmarkmið þjónustunnar er að styðja við skóla, skólastjórnendur og starfsfólk þeirra til að takast á við hlutverk sitt samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla.

Skólaeldhús er rekið í húsnæði leikskólans Bergheima sem sér nemendum og starfsfólki leik- og grunnskóla í Þorlákshöfn fyrir fæði.

Grunnskólinn í Þorlákshöfn

Sveitarfélagið Ölfus rekur Grunnskólann í Þorlákshöfn sem er heildstæður grunnskóli með 11 bekkjardeildum og 229 nemendum og fer þeim ört fjölgandi. Við grunnskólann eru þrjú stjórnendur, Guðrún Jóhannsdóttir skólastjóri, Ólína Þorleifsdóttir aðstoðarskólastjóri og Ragnhildur Þorsteinsdóttir deildarstjóri stoðþjónustu. Frístundaheimili með lengdri viðveru er rekið við skólann fyrir nemendur í 1. – 4. bekk og eldri nemendur í sérstökum tilvikum. Frístund er staðsett í tveimur kennslustofum þar sem yngri deildir skólans er.

Skólaárið 2017 - 2018 eru elstu nemendur Leikskólans Bergheima og starfsfólk deildarinnar Goðheima með aðstöðu í tveimur kennslustofum í grunnskólanum. Í Goðheimum eru 23 leikskólabörn og 5 starfsmenn.

Skólinn sinnir kennslu á grunnskólastigi og er nemendum sem hafa lokið grunnskólanámi í ákveðnum námsgreinum boðið að stunda fjarnám í þeim greinum í framhaldsskólum.

Deild Tónlistarskóla Árnesinga hefur verið til húsa í grunnskólanum til margra ára og er það skólanum til framdráttar. Fræðslunet Suðurlands og fleiri stofnanir hafa fengið húsnæði grunnskólans lánað fyrir námskeið á þeirra vegum og oftar en ekki hafa það verið kennarar skólans sem hafa kennt á þessum námskeiðum. Einnig hefur skólinn talsvert verið notaður sem gististaður fyrir íprótta- og tónlistarhópa sem hafa verið hér í æfingabúðum eða keppnisferðum. Útleiga á skólahúsnæðinu hefur aukist á undanförunum árum sem og öll umsvif tengd því.

Skólastjóri er yfirmaður alls starfsfólks skólans og stjórnar öllum daglegum rekstri skólans og öllu mannhaldi. Við skólann starfa 52 starfsmenn í rétt rúmlega 45 stöðugildum sem hér segir:

- 3 stjórnendur, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri
- 26 kennarar í 23,4 stöðugildum
- verkefnisstjóri læsis í 50% starfi
- náms- og starfsráðgjafi í 50% starfi
- 2 þroskaþjálfar
- danskennari í 57% starfi
- 7 stuðningsfulltrúar í 4,54 stöðugildum
- skólaritari í 80% starfi

- húsvörður í fullu starfi
- bókavörður í 92% starfi
- 5 skólaliðar í 4,4 stöðuhlutfalli
- forstöðumaður frístundar í 70% starfi
- 3 starfsmenn í frístund í 1,5 stöðugildum

Þegar litið er til kennslu eru það list- og verkgreinarnar, heimilisfræði, smíðar/málmsmíði, myndmennt og textílmennt sem þurfa mest fjármagn og þarf því að bæta aðeins í þá áætlun sem gerð var fyrir fyrra ár. Fjölbreytileiki valgreina á unglíngastigi hefur einnig verið aukinn markvisst og er kostnaður vegna þeirra meiri en var þegar um fleiri bóknámsvalgreinar var að ræða. Lestrarstundir á elsta stigi eru hugsaðar til að auka lestur undir stjórn kennara og efla fjölbreytileika í kringum lestur og bregðast við niðurstöðum Lesferils sem mælir lesfimi nemenda. Markmiðið er að nemendur geti lesið sér til gagns við útskrift úr grunnskóla eins og kveðið var á um í Þjóðarsáttmála um læsi. Skólinn skuldbindur sig til að vinna hörðum höndum að því að efla lestrarfærni nemenda því er alls ekki við hæfi að skerða það fjármagn sem ætlað er til bókakaupa heldur frekar að auka við.

Í Aðalnámskrá grunnskóla er bent á mikilvægi þess að öflug og góð samvinna sé á milli skólastiga og að nemendur í 1. bekk séu vel aðlagðir þegar kemur að flutningi milli leik- og grunnskóla. Það krefst þess að notaðar séu fjölbreyttar kennsluaðferðir og að vægi leiks sem kennsluaðferðar sé aukið í yngstu bekkjum grunnskólans. Það kallar á fjölbreytt kennslugögn svo sem kaplakubba, plúskubba og önnur kennslutengd leikföng sem stuðla geta að auknum þroska og skilningi nemenda.

Undir liðnum borð og stólar fellur eðlileg endurnýjun húsgagna sem liður í því að halda við fallega búnum skóla og endurnýja þann húsbúnað sem genginn er til ára sinna. Eins þarf að bregðast við fjölgun nemenda með kaupum á nauðsynlegum húsgögnum. Sófar sem staðsettir eru á göngum skólans og annars eru hið mesta þrýði hafa eðlilega látið á sjá eftir margra ára notkun og er þörf á viðgerðum eða jafnvel að hefja endurnýjun á þeim.

Nauðsynlegt er orðið að festa kaup á nýrri ljósritunarvél.

Kostnaðarliðurinn ljósritun og blek í prentara má alls ekki skera niður þar sem blekhylki og allur prentkostnaður hefur hækkað mjög mikið í verði á undanförunum árum.

Ýmis ný kennslutæki þarf að kaupa s.s. tölvur og ípad samkvæmt áætlun um endurnýjun.

Efniskostnaður við ræstingu hefur hækkað frá því á síðasta ári og þarf að huga að því að ávallt sé leitað hagstæðustu tilboða þegar kemur að hreinlætisvörum. Spurning hvort ekki ætti að horfa til alls sveitarfélagsins í innkaupum á hreinlætisvörum til að ná fram frekari hagræðingu.

Nemendum hefur fjölgað um ríflega 30 á undanförunum tveimur árum og því þarf að reikna er með að starfsmönnum fjölgi eitthvað á næsta skólaári ef áfram heldur sem horfir með nemendafjölgun. Nokkrir árgangar eru orðnir það stórir að þörf er á öðrum umsjónarkennara

til að geta komið til móts við margbreytilegar þarfir nemenda. Eins er foreldrasamstarf orðið umsvífameira í fjölmennum árgögnum.

Ávallt þarf að gera ráð fyrir veikindum starfsmanna og óvæntum tilfellum sem leysa þarf með forfallakennslu og/eða tímabundnum nýráðningum. Að því gefnu getur launaliður því hækkað frá því sem gert er ráð fyrir í áætlun. Forfallakennslu þarf að sinna eins vel og nokkur kostur er og ávallt skal leysa forföll hjá yngstu nemendum fyrst þar sem óheimilt er að senda þá nemendur fyrr heim úr skólanum. Forðast skal í lengstu lög að fella niður kennslu vegna forfalla kennara.

Sérfræðipjónusta verður áfram í höndum Skóla- og velferðapjónustu Árnesþings og að auki er áframhald á verktakasamningi skólans við talmeinafræðing. Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings hefur stutt við bakið á skólastarfinu með aðkomu ráðgjafa að nemendateymum, ráðgjöf til einstakra kennara í kjölfar greininga á nemendum og með fjölbreyttum tilboðum á námskeiðum/fræðsluerindum. Eftir sem áður þarf starfsfólk skólans að komast á námskeið eða fá fræðslu sem ekki eru á þeirra vegum og því þarf að gera ráð fyrir ákveðnum kostnaði í sí- og endurmenntunarnámskeið, bæði ferða-, námskeiðsgjalda- og fæðiskostnað.

Gjaldskrá fyrir fæði í Grunnskólanum í Þorlákshöfn og Frístund

Matur fyrir börn í skóla og frístundaheimili 378 kr. pr. máltíð

Kaffi/hressing í skóla og frístundaheimili 128 kr. pr. hressing

Mjólk pr. einingu kr. 31

Ávaxtamáltíð pr. máltíð kr. 87

Matur v/starfsmanna 552 kr. pr. máltíð

Gjaldskrá frístundaheimilis 2018

Vistun frá lokum skóladags til kl. 17:00 kr. pr./mánuð 13.400,-

Vistun frá lokum skóladags til kl. 16:00 kr. pr./mánuð 8.200,-

Vistun frá lokum skóladags til kl. 15:00 kr. pr./mánuð 5.470,-

Veittur er systkinaafsláttur 25% með öðru barni og 50% með þriðja barni.

Systkinaafsláttur nær yfir þjónustu Frístundaheimilis, leikskólþjónustu og þjónustu dagforeldra. Ef barn er hjá dagforeldri og systkin þess á leikskóla/Frístundaheimili er systkinaafsláttur veittur af leikskólagjaldinu/Frístundaheimilisgjaldinu.

Foreldrum sem stunda dagnám er veittur afsláttur af gjaldi Frístundaheimilis og greiða þeir samkvæmt forgangsgjaldi sem er greiðsla fyrir börn einstæðra foreldra og nemur afslátturinn 30% af fullu gjaldi.

Einstæðir foreldrar njóta ekki jafnframt námsmannaafsláttar.

(Ath. Afsláttur af gjaldi Frístundaheimilis er aðeins veittur ef viðkomandi stundar nám sem er a.m.k. 24 ECTS einingar á önn).

Sækja þarf um afsláttinn til skólastjóra fyrir skólaárið og leggja fram staðfestingu frá skóla um að viðkomandi hafi fengið skólavist og staðfestingu á fjölda eininga á önn. Afslátturinn fellur sjálfkrafa niður í lok maí. Sækja þarf um niðurfellingu fyrir 1. september, ásamt því að endurnýja fyrri umsóknir.

Leikskólinn Bergheimar

Í málaflokki leikskólans er starfsmannahald, búnaður, leiktæk, viðhald og annað sem fellur til daglegs reksturs. Leikskólinn er í dag fyrir börn á aldrinum 2ja til 6 ára og fimm deilda. Ekki er pláss í leikskólanum fyrir alla nemendur vegna breytinga á elsta húsnæðinu. Til að leysa úr því var fengin aðstaða í grunnskólanum og var henni framlengt til sumarsins 2018 fyrir elsta árganginn. Alls eru 23 börn þar í upphafi skólaárs 2017-2018, en fleiri börn eru væntanleg í þennan árgang. Þar sem rýmkaðist örlítið um í Bergheimum var ákveðið að taka inn nokkur yngri börn og var yngsta barnið aðeins 17 mánaða þegar það byrjaði í haust.

Leikskólinn vinnur eftir Aðalnámskrá leikskóla og fer eftir lögum og reglugerðum. Leikskólinn starfar allt árið en lokar í fimm vikur vegna sumarleyfa.

Dagleg störf eru frá kl. 07.30-17.00 og eru flestir starfsmenn í fullu starfi. Stöðugildi þeirra sem vinna með börnunum eru 21, stuðningi 1,3, afleysing 0,5 og í stjórnun eru 3,0. Í leikskólanum starfa 7 leikskólakennarar og 5 til viðbótar háskólamenntaðir starfsmenn A og B, 6 leikskólaliðar og svo eru hinir með hinar ýmsu menntaðir. Einn starfsmaður er í námsleyfi frá hausti 2017 til vors 2018. Einn starfsmaður er á fyrsta ári í leikskólakennaranámi, þrír eru í fæðingarorlofi og einn starfsmaður er á leið í fæðingarorlof í febrúar 2018. Einnig er vitað um nokkur styttri veikindaleyfi framundann sem ekki er komin tími á.

Reglur sveitarfélagsins um nám starfsmanna voru endurskoðaðar í maí 2016.

Meðalaldur starfsfólks er 44,3 árið 2017 og langflestir með langan starfsaldur og þar með aukin réttindi. Aldur og fjöldi barna auk réttinda vegna menntunar og starfsaldurs ræður starfsmannfjölda.

Í leikskólanum starfa einnig ræsting, kokkur og aðstoð í eldhúsi en þau stöðugildi eru 4,5%. Eldhúseiningin er sjálfstæð rekstrareining og vinnur í samstarfi við starfsfólk leikskólans.

Endurbótum á elstu byggingu leikskólans á skv. áætlun að ljúka 1. apríl 2018. Áætlað er að hafa viðmiðunaráldur 18 mánaða í skólann og með slíkri breytingu þarf það kaupa búnað og leikföng sem henta þessum aldurshópi. Eftir er hönnun og framkvæmd í lóð þeim hluta sem ætlaður er yngri börnum og bálhúsið sem var á upprunalegri áætlun. Einnig þarf að búa til varanlegt upphitað útiskúr á lóðinni til að geyma útidót t.d hjólin sem við erum með, en þau þola ekki útiskúrana sem eru núna. Starf við ræstingu eykst þegar nýja húsið verður komið í gagnið

Laga þarf þakið á 98 byggingunni og setja loftræstikerfi úr nýju byggingunni í 98 bygginguna og það þarf að vinna það í sumarleyfinu. Þarf framkvæmdum og þrifum að vera lokið þegar leikskólinn byrjar eftir sumarleyfi. Málningarvinna þarf að fara fram í nánast öllu húsnæði leikskólans og einnig þarf að gera við ramma utan um nokkra glugga. Eftirlitskerfi þarf á frysti og kælikápinn og öryggiskerfi þarf í leikskólann.

Leikskólinn er „leikskóli á Grænni grein“ og mun halda áfram að aðlaga sig að Grænfánastefnu. Nú þegar hefur leikskólinn fengið fyrsta fánann fyrir „góða frammistöðu og fyrir að leggja sitt af mörkum til þess að efla og bæta umhverfismál innan skólans og í nær samfélaginu“. Næsta markmið var að efla lýðheilsu og fáum við þann fána núna haust 2017 og þarf að halda áfram að sinna því vel að halda í fánana m.a. að halda áfram að bjóða upp á hollan og góðan mat.

Þá hefur sveitarfélagið og þar með leikskólinn skuldbundið sig að halda markmið SVÁ og kallar það á aukna menntun starfsfólks í formi námskeiða og samráðsfunda. Og þarf að gera ráðstafanir að borga námskeiðsgjöld, ferðir og uppihald. Annað hvert ár er unnin tekin reglubundin foreldrakönnun og starfsmannakönnun Skólapúlsins og verður það næst febrúar/mars 2019. Samstarf verður áfram við talmeinafræðing og nauðsynlegt að hlúa vel að talmeinaþjónustu eins og gert hefur verið. Einnig er nauðsynlegt að hafa aðgang að túlkþjónustu áfram vegna fjölda erlenda barna hjá okkur.

Árið 2015-16 var farið af stað með þróunarverkefnið Gaman saman og þar unnið að því að styðja við erlenda foreldra og börn þeirra með það að markmiði að virkja þátttöku þeirra í samfélaginu og tryggja að þau með börnum sínum, noti alla þá kosti sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða. Stefnt er að því að halda þessi námskeið árlega fyrir nýja foreldra enda þykir námskeiðið hafa aukið traust foreldra til leikskólans. Stefnt er að hafa næsta námskeið í mars 2018.

Sérstakar áherslur árið 2018 verða á eftirtalda þætti:

Klára lagfæringu á elsta hlutanum, húsgögn og annað sem fylgir nýju húsi kaup á búnaði leiktækjum og leikföngum vegna ungbarnadeilda. Öryggisvarsla í lóðina og á frysti og kælikápur í eldhúsi, þak á 98 byggingu, loftræstiskerfið í "98 bygginguna, hönnun lóðar með yngstu börnin í huga og varanlegt upphitaðann geymsluskúr fyrir útidót. Aukið starfshlutfall 50 % vegna sérkennslu vegna fjölda erlenda barna og annara sem þurfa aðstoð og 50 % vegna afleysingu sem sinnir frítöku, námskeiðsafleysingu og veikindafríum. Skoða þarf breyttan vistunartíma á árinu og breytingar á vöktun starfsfólks vegna þess.

Gjaldskrá leikskólaþjónustu

Tímagjald milli kl. 08:00 og 16:00 kr. pr. mánuð..... 3.280

Gjald fyrir hverja 15 mín. vistun frá kl. 07:30-08:00 og 16:00-17:00 kr. pr. mánuð..... 1.555

Hádegismatur kr. pr. mánuð 5.470

Morgun- / síðdegishressing kr. pr. hressing pr. mánuð 2.130

Systkinaafsláttur verður 25% með öðru barni og 50% með þriðja barni. Þá verður foreldrum sem stunda dagnám veittur afsláttur af leikskólagjaldi og greiða þeir samkvæmt forgangsgjaldi sem er greiðsla fyrir börn einstæðra foreldra og nemur afslátturinn 30% af fullu gjaldi.

Einstæðir foreldrar njóta ekki jafnframt námsmannaafsláttar.

(Ath. Afsláttur af leikskólagjaldi er aðeins veittur ef viðkomandi stundar nám sem er a.m.k. 24 ECTS einingar á önn).

Sækja þarf um afsláttinn til leikskólastjóra fyrir skólaárið og leggja fram staðfestingu frá skóla um að viðkomandi hafi fengið skólavist og staðfestingu á fjölda eininga á önn. Afslátturinn fellur sjálfkrafa niður í lok maí. Sækja þarf um niðurfellingu fyrir 1. september ásamt því að endurnýja fyrri umsóknir.

Skólaeldhús Sveitafélagsins Ölfuss


Í byggingu leikskólans fer fram starfsemi sem sinnir bæði leik- og grunnskóla í mat. Eldhúsreksturinn er sjálfstæð rekstrareining í húsi leikskólans og vinnur í nánú samstarfi við forstöðumenn beggja skóla. Áhersla hefur verið lögð á ferskt og fjölbreytilegt mataræði nemenda og kennara. Meðaltal þeirra sem borða við báðar stofnanir eru um 320 í hádeginu. Einnig sér eldhúsið fyrir morgunmat, ávexti og kaffitíma fyrir börnin í leikskólanum. Í

Grunnskólanum er séð til þess að krakkar sem eru í frístund fái hressingu en þeir eru um 50 með starfsmönnum þegar þetta er ritað. Þau börn í Grunnskólanum sem skráð eru í ávexti fá þá nýskorna að morgni. Starfsfólk skólaeldhússins eru alls fimm, einn matreiðslumaður og fjórir matráðir sem fylla í fjóra og hálfu stöðu. Rekstrinum er þannig stýrt að matreiðslumaður mætir fyrstur, svo koma heils dags starfsmenn klukkan átta og eru til sextán, sá starfsmaður sem er í hálfri stöðu mætir svo klukkan níu og líkur sínum degi klukkan þrettán. Nánast öll framleiðsla fer fram í leikskólanum en þangað mæta allir starfsmenn nema einn sem sér um að undirbúa ávexti og annað sem snýr að grunnskólanum.

Mikil áhersla hefur verið lögð á matarsóun og verður skólaárið 2017-18 engin undantekning frá því. Síðast skólaár gekk vel, en betur má en duga skal. Við ákváðum að stíga skrefi lengra en í fyrra og mæla frákast frá hverjum bekk fyrir sig, en það er gert í nánu samstarfi við umhverfisnefnd grunnskólans. Nemendur eru mjög meðvitaðir um stöðu mála og fylgjast spennt með nýju tölum sem birtar eru vikulega.

05. MARKAÐS- OG MENNINGARMÁL

Þróun reksturs menningarmála



Staða markaðs- og menningarmála

Með málefni markaðs-, menningar-, viðburða- og ferðamála í sveitarfélaginu fer markaðs- og menningarnefnd ásamt markaðs- og menningarfulltrúa sem er í 100% stöðugildi.

Sveitarfélagið er aðili að Héraðsnefnd Árneseinga bs. og fer stærsti hlutur framlaga til nefndarinnar til reksturs Héraðsskjalasafns, Listasafns og Byggðasafns Árneseinga.

Kostnaður vegna hátíðarhalda svo sem 17. júní, Sjómannadagsins og Hafnardaga, sem er árleg bæjarhátíð íbúa Sveitarfélagsins Ölfuss er færður undir málaflokkinn.

Bæjarstjórnir sveitarfélagsins hafa í mörg ár veitt vel til menningarmála og uppskera íbúar sveitarfélagsins í samræmi við það. Menningarlífið er í miklum blóma og ýmsir hópar á menningarsviði hafa unnið að stórum og metnaðarfullum verkefnum sem vakið hafa athygli á landsvísu.

Lýsing á málaflokknum

Markaðs- og menningarsvið Sveitarfélagsins Ölfuss nær yfir margvíslega starfsemi. Stærsti útgjaldaliðurinn felst í rekstri Byggða- og bæjarbókasafns Ölfuss. Bókasafnið er almenningsbókasafn og starfar samkvæmt lögum um bókasöfn nr. 150/2012.

Markaðs- og menningarfulltrúi hefur aðsetur á bæjarskrifstofum Ölfuss og er yfirmaður sviðsins. Einnig heyrir undir menningarsvið rekstur Versala, menningarsala í ráðhúsi Ölfuss. Á sviðinu starfa 5 manns í 3,0 stöðugildum.

Bæjarbókasafn

Hlutverk bókasafnsins er að vera upplýsinga- og menningarstofnun sem veitir öllum aldurshópum aðgang að fjölbreyttum safnkosti. Leitast er við að bjóða íbúum

sveitarfélagsins upp á frjálsan og óheftan aðgang að upplýsingum og ýta undir þekkingarleit bæði með safnkostinum en einnig með aðgengi að tölvum og aðstoð við upplýsingaleit. Til að geta sinnt þessu hlutverki kaupir safnið bækur, tímarit, dagblöð, hljóðbækur og annað sem stendur íbúum í sveitarfélaginu til boða að fá lánað.

Stærsti kostnaðarliður bókasafnsins, fyrir utan launakostnað og húsnæði eru innkaup á bókum og tímaritum.

Árið 2015 var stofnað til samstarfsverkefnisins Bókabæirnir austanfjalls, en um samstarfverkefni fyrirtækja og stofnana í Hveragerði, Árborg og Ölfusi er að ræða. Bæjarbókasafn Ölfuss er einn stofnfélaga verkefnisins og tekur Sveitarfélagið Ölfus ásamt Árborg og Hveragerði þátt í að greiða laun verkefnisstjóra. Árið 2017 var Barnabókahátíð haldin hátíðleg í Þorlákshöfn. Leikfélag Ölfuss sá um að setja upp dagskrána. Verkefnið þótti vel heppnað og mæting var með besta móti. Áfram er stefnt að því að þróa og kynna vörumerkið og mun Bæjarbókasafn Ölfuss vinna áfram að því að gera verkefnið sýnilegra í Þorlákshöfn og víðar í Ölfusi

Byggðasafn Ölfuss

Safnmunir byggðasafns Ölfuss eru rúmlega 600, bæði náttúru- og menningarminjar. Byggðasafnið er ekki með sýningaraðstöðu tileinkaða safninu en sett er upp sumarsýning á ári hverju í Galleríinu undir stiganum sem er staðsett á bókasafninu.

Í fyrra var ákveðið að færa muni byggðasafnsins á Byggðasafn Árnesinga til geymslu. Þar færi betur um þá og þeir væru skráðir rafrænt á Sarpur.is. Þegar færa átti munina kom í ljós að það var ekki nægt pláss í húsnæði þeirra og verið er að gera ráðstafanir á því. Á meðan þetta millibilsástand er verða munirnir geymdir í gám í nokkra mánuði. Munirnir munu ekki hljóta neinn skaða af þessari geymslu.

Árið 2015 var byrjað á verkefni sem felst í því að setja upp skilti með gömlu heitunum á götunum ásamt fróðleik um göturnar. Verkefnið hefur vakið mikla lukku og athygli og stefnt er að því að halda þeirri vinnu áfram á þessu fjárhagsári.

Viðburðir og hátíðir

Árið 2015 var ákveðið að láta markaðs- og menningarnefnd um að skipta þeirri fjárhæð sem ætlað er til menningarviðburða yfir árið. Þetta á þó ekki við um 17. júní, þar sem ákveðin fjárhæð er eyrnamerkt til hátíðarinnar og er það Ungmennafélagið Þór sem skipuleggur hátíðahöld í tengslum við þjóðhátíðardaginn. Með þessu breytta fyrirkomulagi gat nefndin úthlutað hærri fjárhæð til Hafnardaga, bæjarhátíðar Sveitarfélagsins Ölfuss.

Þegar kemur að öðrum viðburðum en þessum þremur er nefndin sammála um að halda færri viðburði en stærri fyrir bæjarbúa. Með reynslu hefur það sýnt að stærri viðburðir með vinsælli listamönnum vekja frekar áhuga heldur en fleiri minni viðburðir.

Versalir

Unnið hefur verið að því síðustu ár að bæta húsnæði og búnað í menningarsölunum með það að markmiði að hægt verði að nýta salina betur en gert er í dag. Í fyrra var skipt út skjávörpum og tjöldum í báðum sölunum. Gjaldskráin var einfölduð þar sem síðustu gjaldskrár hafa verið misvísandi og flóknar. Í ár er stefnt að því að skipta út gardinum í sölunum, setja myrkvatjöld svo betur sjáist á skjávarpa. Einnig er þörf á því að mála salina þar sem farið er að sjá á veggjum.


Ferðamál/kynningarmál

Útbúa þarf kynningarefni fyrir sveitarfélagið bæði er á íslensku og ensku. Unnið er að upplýsingakorti bæði af Þorlákshöfn og Ölfusi sem hægt er að dreifa á helstu upplýsingamiðstöðvar í nágrenninu. Ásamt upplýsingakortinu er óskað eftir fjármagni til að hanna og breyta skiltinu við innkeyrsluna í bæinn, hafa texta á bæði ensku og íslensku sem vekur athygli á því hvað er áhugavert að finna í sveitarfélaginu.

Frá árinu 2015 hófst vinna við stórt markaðs- og kynningarverkefni með auglýsingastofunni Hvíta Húsinu. Einnig var unnið að nýrri heimasíðu samhliða því. Verkefnið og heimasíðan fór í loftið síðastliðið vor við góðar undirtektir og er því verkefni formlega lokið.

06. ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSMÁL

Þróun reksturs æskulýðs- og íþróttamála



Núverandi staða

Undir málaflokkinn í fjárhagsáætlun heyrja eftirfarandi deildir (liðir); íþrótt- og æskulýðsnefnd, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi, leikvellir, vinnuskóli, smíðavöllur, íþróttanámskeið, félagsmiðstöð, íþróttahús, sundlaug, golfvöllur, Þorláksvöllur, Háaleitisvöllur, ungmennaráð, styrkir til íþróttafélaga, íþrótt- og afrekssjóður og forvarnarmál.

Um málefni íþrótt- og æskulýðsmála fer íþrótt- og æskulýðsnefnd ásamt íþrótt- og æskulýðsfulltrúa, aðrir starfsmenn eru starfsmenn íþróttamiðstöðvar og félagsmiðstöðvar.

Félagsmiðstöð

Félagsmiðstöðin er í góðum rekstri í Ráðhúsi Ölfuss. Við hana vinna fjórir starfsmenn. Félagstarfið er mjög öflugt og er hún vinsæl meðal barna og unglunga. Félagsmiðstöðin er opin tvisvar í viku fyrir börn í 6.-7. bekk og það er opið þrjúvöld í viku fyrir 8.-10. bekk. Á árinu 2018 þarf að fara í endurnýjun á húsgögnum, tölum og öðrum tækjabúnaði.

Tjaldsvæði

Vinsældir tjaldsvæðis aukast ár frá ári. Sumarið 2017 komu 2875 gestir á tjaldsvæðið sem er mikil aukning milli ára. Gistináttum fjölgaði einnig verulega en samtals voru gistinætur 3467. Töluverðar endurbætur hafa verið gerðar á tjaldstæðinu á undanförunum árum. Aðstaða fyrir losun úrgangs hefur verið stórbætt, svæðið verið þökulagt og vinna er í gangi við að fjölga salernum. Ennfremur er á dagskrá að setja uppskilti með upplýsingum gönguleiðir, þjónustu og fl.

Gervigrasvöllur

Skipt var um gúmmí á gervigrasvelli árið 2017 og grindverk málað. Fyrir liggur að það þarf að endurnýja tvö mörk.

Íþróttasvæði

Ljúka þarf deiliskipulagsvinnu við svæði merkt U- 3 í aðalskipulagi. Tillögur liggja fyrir. Í tillögunum er hugmynd að breyttri aðkeyrslu, staðsetningu bílastæða og salerna.

Helluleggja þarf 50m² ræmu sem liggur meðfram göngustíg og hlaupabrautar að vallarhúsi. Einnig þarf að koma upp tímatökuhúsi við endamark hlaupabrautar. Á gömlu íþróttavöllunum er gámur sem hýsir salerni og geymslu fyrir vellina. Þar þarf að koma upp palli.

Íþróttamiðstöð (íþróttahús)

Endurnýja þarf klæðningu á vesturgafli íþróttahúss og huga þarf að hönnun og uppsetningu loftræstingar. Einnig þarf aðskoða endurnýjun á lýsing í íþróttasal. Núverandi lýsing er úrelt og mjög dýr í rekstri. Áhorfendastúkur eru gamlar og erfiðar í uppsetningu og kominn tími til að setja upp nýjar og hentugri stúkur.

Viðbygging við íþróttahúsið sem mun bæta aðstöðu fimleikaíþróttarinnar er í hönnun.

Íþróttamiðstöð (sundlaug)

Tækjabúnaður sundlaugar og hús þarfnast mikils og stöðugs viðhalds. Mikið álag er á tækjabúnaði sem gengur allan ársins hring. Stærstu verkefni ársins á næstu árum eru: Endurnýjun á eftirlitsmyndavélakerfi, skipta um sand í tveimur til þremur sandsíum, endurnýja forhitara fyrir aðalsundlaugina og endurnýja gólfefni í búningsklefum.

Teikningar og hönnun á tveimur nýjum pottum við sundlaugina er lokið og framkvæmdir fara í gang fljótlega á árinu 2018.

Líkamsrækt

Líkamsræktin er mikið notuð og það þarf að endurnýja búnað og tæki á árinu.

Unglingalandsmót

Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið í Þorlákshöfn um verslunarmennahelgina 2018 þar af leiðandi munu fjárhagsáætlun ársins 2018 væntanlega taka töluvert mið af því. Ljúka þarf gerð tjaldstæðis. Klára strandblakvöll og áhugi er fyrir að keppt verði í Frisbígolfi á mótinu, auk ýmissa annarra smærri framkvæmda.

Gjaldskrá sundlaugar

Fullorðnir stakt gjald kr.....	900
10 miðar kr.	4.500
30 miðar kr.	9.500
Árskort kr.....	28.000
Börn að 18 ára aldri.....	frítt
Ellilífeyrisþegar	frítt
Öryrkjar	frítt
Sundföt leiga pr. skipti kr.....	650
Handklæði leiga pr. skipti kr.	650

Gjaldskrá í líkamsrækt


Mánaðarkort kr.	8.280
Sex mánaða kort kr.....	29.540
Árskort kr.....	46.190
Hjónakort kr.....	80.640
10 miða klippikort kr.	8.280
Stakt skipti kr.	1.740
Afsláttur til námsmanna er 20% og 40% til elli- og örorkulífeyrisþega.	
Þriggja mánaða kort fyrir nemendur 9. og 10 . bekkjar grunnskóla.....	7.670
Kortið veitir aðgang til kl. 17:00 virka daga og allan daginn um helgar.	
Leiga á sal íþróttahússins kr. pr. klst.	10.220

Gjaldskrá tjaldsvæðis

Fullorðnir pr. nótt pr. mann kr.	1.100
Börn að 16 ára aldri (í fylgd fullorðinna)	frítt
Ellilífeyrisþegar pr. nótt pr. mann kr.....	800
Rafmagn pr. tjaldeining pr. dag kr.	1.100

07. BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR

Þróun reksturs brunamála og almannavarna




Almennt um brunamál og almannavarnir

Sveitarfélagið Ölfus hefur verið aðili að Brunavörnum Árnassýslu frá 1. janúar 2010. Sveitarfélög í Árnassýslu hafa sameinast um eina almannavarnanefnd fyrir svæðið. Með sameiginlegri nefnd er verið að styrkja almannavarnarkerfið á svæðinu.

08. HREINLÆTISMÁL

Þróun reksturs hreinlætismála



Almennt um hreinlætismál

Sveitarfélagið er aðili að Sorpstöð Suðurlands. Þann 1. desember 2009 var sorpurðun hætt í Kirkjuferjuháleigu samkvæmt samkomulagi sem gert var milli Sveitarfélagsins Ölfuss og stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands 3. nóvember 2004 og er nú allt sorp úr sveitarfélaginu flutt til urðunar á Reykjavíkursvæðinu.

Til skoðunar hefur verið í nokkur ár að sveitarfélögin sem standa að Sorpstöð Suðurlands (SOS) gerist aðilar að SORPU. Í því sambandi hefur verið rætt hvort mögulegt sé að fá aðgang að svæði í Ölfusi til flokkunar, jarðgerðar og urðunar á óvirkum úrgangi. Bæjarstjórn bókaði eftirfarandi á fundi 26. nóvember 2015 vegna fyrirspurnarinnar:

„Í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss er skipulagt um 15 ha. svæði í Neslandi vestan Þorlákshafnar sem hugsað er fyrir móttöku- og flokkunarstöð fyrir úrgang.

Á svæðinu er hugsuð aðstaða til móttöku umhleðslu og flokkunar á úrgangi og endurvinnsluefnum sem þjónað gæti sveitarfélögum á Suðurlandi. Á svæðinu er gert ráð fyrir urðun á því sem ekki verður endurnýtt eða flutt burt.

Erindið sem nú liggur fyrir gerir ráð fyrir mun stærra og fjölmennara svæði en skilgreining aðalskipulagsins gengur út frá og því ná forsendur aðalskipulagsins ekki yfir beiðnina. Í erindinu er nefnt að fyrirhuguð rannsókn myndi m.a. lúta að því að skoða landið og aðstöðu m.t.t. að koma upp móttöku- og flokkunarstöð og til urðunar á óvirkum úrgangi. Í 3. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og í 3. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs er skilgreiningin á óvirkum úrgangi sú að um sé að ræða úrgang sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega og hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfið t.d. múrbrot, gler og uppmokstur. Í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2008-2020 sem er samstarfsverkefni Sorpu bs., Sorpstöðvar Suðurlands bs., Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. og Sorpurðunar Vesturlands hf. er skilgreining óvirs úrgangs á sama veg. Í áætluninni kemur fram að um 51 þús. tonn af óvirkum úrgangi hafi fallið til á svæðinu árið 2006 og voru um 88% af því

uppgróftur og ómengaður jarðvegur, gler 4%, steinsteypa, flísar, keramik um 2% og annar óvirkur úrgangur um 6%.

Ef tryggt er að ekki verði um skoðun á urðun annarra úrgangstegunda að ræða sér bæjarstjórn ekki meinbugi á því að farið verði í rannsóknir í samræmi við erindið.“

Bæjarstjórn hefur reyndar í þessu ferli lagt á það áherslu að sveitarfélögin sem standa að SOS eigi að taka höndum saman og leita lausna án þess að ganga inn í SORPU. Fyrsta skrefið væri að taka upp samræmt flokkunar- og hirðukerfi sem hefði það að markmiði að koma í veg fyrir urðun úrgangs. Í byrjun væri hægt að lágmarka það magn sem til urðunar fer verulega og miðað væri við að aðeins óvirkur úrgangur yrði urðaður í sveitarfélaginu.

Móttaka spilliefna, flokkunarsvæði o.fl.

Í maí var byrjað að flokka plast og lífrænt á öllum heimilum í sveitarfélaginu. Erum við þá með fjóra flokka þ.e. pappír/pappi, plast, lífrænn úrgangur og alment heimilssorp. Eftir að við byrjuðum að flokka plastið höfum við tekið eftir því hvað sorpið hefur minnkað í almennu tunnunni. Það hafa verið ýmsir byrjunarörðuleikar. Fólk hefur kvartað yfir fáum losunardögum og litlum ílátum sem dæmi. En við erum búin að fjölga losunum og erum að laga ílátin.

Nú er komin niðurstaða um að nýja gámasvæðið verði við Vesturbakka og er það í skipulagsferli. Verkið verður boðið út í vetur og vonandi hefjast framkvæmdir í vetur eða vor.

Ef við ætlum að vera framarlega í umhverfismálum og aukinni flokkun þá verðum við að hafa þetta í lagi hjá okkur. Það er vont ef að við ætlumst til að íbúar og fyrirtæki gangi vel um og taki til hjá sér og flokki, að við getum ekki gert það sama. Við verðum að sýna fordæmi. Í ár erum við búin að hreinsa geymslusvæðið að mestu. Munum við ljúka því verkefni næsta sumar. Höfum við útbúið nýtt geymslusvæði við hliðina á núverandi gámasvæði. Þar geta menn fengið að geyma gáma og borga fyrir það vægt gjald. Þar er engin gæsla né rafmagn og engin girðing. Óheimilt verður að geyma neitt annað en gáma og ekki verður leyfilegt að geyma dót fyrir utan gámanna.

Ástandi á jarðvegstippnum var nokkuð gott í ár. Eins og segir á upplýsingarskiltinu við jarðvegstippinn þá má eingöngu henda lífrænum úrgangi þarna og er ætlast til þess að hann sé flokkaður í fjóra flokka. Þó að reglurnar séu skýrar og greinilegar ber aðeins á að fólk sé að henda þarna alls konar drasli en við höfum reynt að passa uppá að taka það jafnóðum því ef það fær að liggja dregur það að sér meira drasl.

Undir þennan málaflokk heyrir einnig dýrahald. Hunda- og kattahald er bannað í sveitarfélaginu ef frá eru taldir þarfahundar á lögbýlum og hundar sem notaðir eru til björgunarstarfa svo og aðstoðarhundar blindra og fatlaðra einstaklinga. Hægt er þó að fá leyfi fyrir hundum og köttum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sbr. samþykktir um hunda- og kattahald.

Núna um áramótin verður sú breyting að hvert heimili fær 12 miða sem íbúar nota til að losað sig við gjaldskyldan úrgang þeim að kostnaðarlausu. Hver heimsókn kostar 1 miða en hver miði gildir fyrir allt að 1 m³.

Sorp frá heimilum: Gámasvæðið tekur við flokkuðum úrgangi frá heimilum í Ölfusi. Með framvísun miða fá íbúar ókeypis aðgang að svæðinum með 1 m³ gjaldskyldan úrgang allt að 12 sinnum á ári.

Sorp frá fyrirtækjum: Gámasvæðið tekur við flokkuðum úrgangi frá fyrirtækjum í Ölfusi gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Ölfusi

1. grein

Bæjarstjórn Ölfuss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og skal gjaldið innheimtast með fasteignagjöldum, samanber samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Ölfusi dagsett 1. desember 2005.

2. grein

Gjaldið er sem hér segir:

Sorphreinsigjald á íbúðarhús á ári kr.....20.700

Sorpeyðingargjald á íbúðarhús á ári kr.....11.835

Tunnuleiga, á tunnu á ári kr..... 557

Flutningur á tunnu (fyrsta tunna án gjalds hver ferð) kr.2.110

Fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna viðbótarpokaeiningar/tunnu á ári kr.19.110

Atvinnuhúsnæði fyrir hvern poka á ári kr.....40.980

Öll fyrirtæki, lögaðilar og aðrir sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skulu greiða sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald.

3. grein

Fyrirtæki, lögaðilar og aðrir sem hafa með höndum starfsemi og koma með sorp á sorpmóttökustað sveitarfélagsins í Þorlákshöfn og/eða til Sorpstöðvar Suðurlands skulu greiða móttöku- og sorpeyðingargjald samkvæmt magni.

Flokkur A (Efni með úrvinnslugjald og önnur efni sem ekki hafa kostnað í för með sér) 0 kr. eða gjaldfrjálst.

- Rúlluplast kr./m³ 0

- Hjólbarðar kr./m³..... 0

- Spilliefni kr./m³ 0

- Fernur kr./m³ 0

- Skilagjaldsskildar umbúðir kr./m³ 0

- Föt kr./m³..... 0

- Bílar skilagjald samkvæmt reglugerð.

Flokkur B (endurvinnanlegt efni) kr./kg.13,60

Flokkur B (endurvinnanlegt efni) kr./m³.....2.980

- Málmar 3.130

- Pappír 0

- Timbur 3.130

- Garðaúrgangur	3.130
- Veiðarfæri.....	3.130
- Kaðlar.....	3.130
Flokkur C (blandaður óendurvinnanlegur) kr./kg.	24,60
Flokkur C (blandaður óendurvinnanlegur) kr./m ³	5.750
- Heimilisúrgangur	6.040
- Rekstrarúrgangur.....	6.040
- Byggingarúrgangur	6.040

Hreinsun og losun rotþróa

Gjöld miðast við framkomna reikninga frá verktaka frá og með 1. janúar 2018.

Gjaldskrá fyrir hundahald

Hundagjald kr. pr./ár pr./hund.....	13.800
Handsömunargjald fyrsta skipti kr. pr./hund	6.640
Handsömunargjald ef til hands. kemur aftur innan sex mánaða kr. pr./hund.....	13.290

Gjaldskrá fyrir kattahald


Kattagjald kr. pr./ár pr./kött.....	4.090
Handsömunargjald fyrsta skipti kr. pr./kött	4.340
Handsömunargjald ef til hands. kemur aftur innan sex mánaða kr. pr./kött	8.690

4. grein.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ölfuss er sett með heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að gilda fyrir árið 2018.

09. SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL

Þróun reksturs skipulags- og byggingarmála



Almennt um skipulags- og byggingarmál

Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd ásamt sviðsstjóra skipulags-, byggingar- og umhverfissviðs, í 100% stöðugildi, fara með málefni skipulags-, byggingar- og umhverfismála í umboði bæjarstjórnar. Á sviðinu starfar einnig forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar í 100% stöðugildi, sem sér um rekstur Þjónustumiðstöðvarinnar og er forstöðumanni sviðsins til aðstoðar í skipulags- og byggingarmálum.

Nýtt gæðastjórnunarkerfi skipulags- og byggingarfulltrúa tók gildi á árinu 2015. Alfa Kristjánsdóttir hjá Skipulag og skjöl ehf. var fengin til aðstoðar við innleiðingu kerfisins en One skjalavistunarkerfið er grunnur kerfisins. Nokkur vinna fór í þetta og vonir standa til að hægt verði að heimfæra kerfið á allt skjalautanumhald sveitarfélagsins, bæði vistun og úrvinnslu.

Næsta skref er faggilding 1. janúar 2018 sem tekur til ferla við skipulags- og byggingarmál og einnig móttöku erinda til skjalavörslu, og þar með skönnun gagna. Gera þarf breytingar á sviðinu til að takast á við þau verkefni sem til verða. Horfa verður þó á málið þannig að verið sé að auðvelda alla verkferla og afgreiðslu mála með nýju kerfi. Mikilvægt er að starfsmaður sem verkefnunum sinni hafi þekkingu á afgreiðslumálum nefnda, fasteignaskráningu og lestri á teikningum. Hafi þekkingu á gjaldskrá sveitarfélagsins og sendi út til innheimtu á byggingarleyfisgjöldum og framkvæmdaleyfisgjöldum. Eftir fundi sjái viðkomandi um að gera svarbréf og halda utan um mál í skjalavistunarkerfinu.

Í fjárhagsáætlun ársins 2018 er gert ráð fyrir því að ráðinn sé nýr starfsmaður inn á skipulags- og byggingasvið.

Skrifstofuvélar, búnaður

Hugbúnaður við rafræna vinnslu. Um er að ræða AutoCad forrit og eða MicroStation PowerDraft. Mikilvægt er að hugbúnaður sem til þarf við að taka á móti teikningum, vinna með þær sé til staðar. Þessi búnaður er hluti af móttöku gagna og vistun þeirra í One Systems. Einnig til að koma á rafrænum samskiptum við þjóðskrá með afhendingu teikninga af fasteignum.

Húsgögn og innanstokksmunir

Undir þennan lið er það almennt fyrir skrifstofuna, að laga hirslur fyrir teikningar inni í geymslunni. Þær hirslur sem eru inni í geymslu verði skipt út fyrir betri hirslur. Gögn sem skönnuð eru inn í One Systems ber geyma frumritin og að flokka erindin eftir viðfangsefni. Við innleiðingu á gæðastjórnunarkerfinu koma leiðbeiningar um hvernig hirslur beri að nota þannig að gögn séu aðgengileg fyrir hvert mál.

Skipulagsmál

Skráningarkerfi fyrir teikningar og gögn. Vinna sem nú liggur fyrir er að fara yfir alla lóðarsamninga og samninga um öll lögbýli í Ölfusi og skrá þessar upplýsingar inn í One Systems gagnagrunn. Vinnan við yfirferð á þessum gögnum, getur skipulags- og byggingarfulltrúi ekki annað einn nema þá með breytingu á þeim verkefnum sem hann hefur með höndum. Þessi vinna sem og margt annað, kallar á aðstoð við vinnslu gagna.

Samningur er núna við Verkfræðistofuna Eflu á Suðurlandi sem áður var Verkfræðistofa Suðurlands með kerfi sem nefnist Granni til innsetningar allra þeirra upplýsinga sem þarf til að halda utan um, alla skráningu hjá skipulags- og byggingarfulltrúa er varðar mannvirki og innsent efni. Þetta er byggt upp á loftmyndir okkar af sveitarfélaginu. Þennan þátt þarf á móti One Systems til að halda utan um loftmyndir og teikningar. Þessi tvö kerfi eiga síðan að „tala“ saman með upplýsingar um hverja eign.

Samningur er í gildi við Ísgraf um loftmynd af Þorlákshöfn sem endurnýjuð er á tveggja ára fresti og húsagrunn.

Með þessum samningum næst eftirfarandi:

1. Gera kortagrunn af þéttbýli hæfan undir landupplýsingarkerfi. Það er gert með því að setja tenginúmer inn í grunninn sem er í AutoCad (teikni- og vinnsluforrit)
2. Gera kortagrunn af dreifbýlinu hæfan undir landupplýsingarkerfi með því að teikna upp hús eftir loftmyndakortum og setja tenginúmer á þau. Hluti af þessari vinnu er búið að gera vegna vinnu við heimreiðar og vegna vinnu Landskrár fasteigna.
3. Lagfæring á kortagrunnum fyrir lagnir, fráveitur og vatn. Setja þarf upp gagnagrunn og tengingar.
4. Setja upp kerfið og aðlaga að þörfum Ölfuss.
5. Tenging við gagnagrunn Þjóðskrár, fasteignagrunn.
6. Innsetning upplýsinga og skönnun teikninga. Teikningar eru skannaðar og vistaðar á tölvutæku formi.

Allar teikningar mannvirkja eru skannaðar inn í gagnagrunninn og eru beintengdar öllum upplýsingum sem settar eru inn um viðkomandi mannvirki.

Inni í því eru loftmyndir, skipulag, lagnakerfi vatnsveitu, fráveitu, hitaveitu, sýnir íbúðaskrá, beintenging við Fasteignamat ríkisins, sýnir aldursdreifingu fólks, byggingarstig mannvirkja og fl.


Þó kerfið sé sérstaklega ætlað byggingarfulltrúum nýtist það sveitarfélaginu s.s. við íbúðarskráningu, upplýsingar úr fasteignamatinu, aldursdreifingu íbúa s.s. við vegna skólabarna, aldraðra eða kosningaaldurs fólks.

Ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag af öllum bænum. Nú er þegar búið að vinna kortagrunn fyrir bæinn. Halda þarf áfram og gera deiliskipulag af öllum bænum, samkvæmt byggingar- og skipulagslögum, þar sem fram koma lóðarstærðir og byggingarreitir fyrir hvert hús. Eins greinagerð sem segir til um notkun hvernar byggingarlóðar. Þetta er hægt að vinna að stórum hluta hjá skipulags- og byggingarfulltrúa ef áður nefnt forrit er þar sett inn, sem reyndar er nauðsynlegt svo hægt sé að gefa út lóðarblöð og helst útprentun á teikningum fyrir hvert það svæði sem deiliskipulagið nær yfir. (Það þarf að liggja fyrir deiliskipulag af svæðum sem þegar eru byggð, hafi það ekki verið unnið áður).

Nauðsynlegt er að hjá skipulags- og byggingarfulltrúa sé virkur hugbúnaður til að taka á móti teikningum frá hönnuðum og eins frá Eflu sem er með allar mælingar fyrir okkur. Mælt er með Auto-CAD 2002 MAP eða sambærilegu. Slíkur hugbúnaður nýtist fasteignamati, vatnsveitu, fráveitu og gatnagerð og hugsanlega fleiru.

10. UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁL

Þróun reksturs umferðar- og samgöngumála



Vetrarþjónusta

Snjómokstur gekk nokkuð vel síðasta vetur hérna í þéttbýlinu í Þorlákshöfn, ef undan er skilinn einn dagur en þá snjóaði óvænt mikið, veðurspá gerði ekki ráð fyrir snjókomu og því var ástandið ekki vaktað eins og gert er þegar spáir snjókomu.

Í dreifbýlinu er í gildi samningur við tvo verktaka um að sjá um snjómokstur á heimreiðum sem eru utan þjónustu Vegagerðarinnar. Borgargerði ehf. (Sólmundur Sigurðsson) sá um heimreiðar að bæjum fyrir austan Hveragerði og Árbæjarhverfið, en það er skilgreint sem þéttbýli. Garpar ehf. (Þorsteinn Hannibalsson) sáu um vesturhlutan, frá Bæjarþorpsafleggjaranum og alveg að vatnsverkssmiðjunni í Hlíðarenda. Næsta vor renna samningarnir út hjá þeim og er fyrirhugað að bjóða út verkið að nýju.

Miðað hefur verið við að séu tvö heimili eða fleiri á sama afleggjara þá er mokað heim að innsta bæri á afleggjaranum eftir þörfum en að hámarki 3 sinnum í viku, þar sem börn á grunnskólaaldri búa er þó leitast við að búið sé að moka alla virka daga fyrir kl. 07.30, til að tryggja að skólabíllinn komist til að ná í börnin, þá daga sem sorphreinsun er var reynt að moka heim á hlað á öllum bæjum og hálkuverja sé þess þörf og tæki til þess aðgengileg.

Snjómokstri á gönguleiðum og gangstígum hér í Þorlákshöfn var betur sinnt á síðasta ári eftir að við fengum nýjan Kubota traktor en þó var ekki hægt að byrja á þeim mokstri fyrr en eftir kl. 07.30 því fyrr höfðum við ekki mannskap til að sinna því en við bættum við mann s.l. vor og er hann með meirapróf og vinnuvélaréttindi og vonandi getum við sinnt þessu betur. Sama má segja um hálkuvörnir/söndun á gönguleiðum að ekki er hægt að sinna því fyrr en eftir kl. 08.30, skoða þarf og ákveða hvar, hvernig og eða hvort það eigi að sandbera götur og gatnamót þegar það er hálka og klaki en núna höfum við enginn tæki í það nema lítinn dreifara sem dreginn er á eftir bíl eða traktor en hann er víða óhentugur.

Síðast liðinn vetur var búið að stilla upp skipulagi fyrir snjómoksturinn og aðra vetrarþjónustu þjónustumiðstöðvarinnar, hluti af því var að láta útbúa kort, sem búið er að setja á heimasíðu sveitarfélagsins, á kortunum eru götur og gangstígar litamerktar eftir því í


hvaða forgangi þær eru, sumar er ekkert þjónustaðar nema allt annað sé búið, til þess að hægt sé að synna þessu svo vel sé þarf að hafa fjóra menn sem hægt er að kalla út kl. 05.00 – 06.00 á nóttinni og eru með vinnuvélaréttindi og/eða meirapróf. Stundum þarf að láta mokstur á gangstéttum og við innganga á stofnunum bíða þar til eftir kl.08.00 og ekki hægt að hálkuverja þar fyrr en langt er liðið á daginn.

Eitt af því sem við vorum mikið að spá í síðasta vetur var hvernig best væri að vakta þörfina á snjómokstri, það fyrirkomulag sem prófað var og reyndist ágætlega var að, starfsmenn þjónustumiðstöðvar skiptust á að vera á bakvöktum yfir vetrartíman, innfalið í bakvaktinni var að fylgjast með og meta þörf á snjómokstri og hálkuvörnum og þá kalla út í samráði við verkstjóra þann mannskap sem þarf. Virka daga var þetta unnið þannig að seinni part hvers dags þá mátu verkstjóri og sá maður sem í vaktinni var, eftir að hafa kynnt sér veðurspá, hvort þörf sé á því að sá sem á vaktinni var þurfi að vakna kl. 04.00 og kanna færð með það í huga hvort ræsa þurfi út mannskap í snjómokstur svo að búið sé að moka helstu stofnbrautir og plön fyrir kl. 07.30.

Eitt af þeim tækjum sem notuð hafa verið í snjómokstur er tankbíll sem sveitarfélagið á og slökkvuliðið hefur notað og geymt inn hjá sér, þessi bíll er orðinn gamall og BÁ mönnum finnst hann ekki orðinn nóg traustur í þau verkefni sem þeir þurfa tankbíl í, eins má segja að það sé töluvert mikið álag á honum við snjómoksturinn. BÁ er búið að kaupa nýjann tankbíl og erum við búinir að taka okkar bíl. Við erum búin að fá bilið sem byggðarsafnið var með geymslu og þar erum við með bílinn. En það er nauðsýnlegt að endurnýja þennan bíl. En annars erum við ágætlega tækjum búin.

11. UMHVERFISMÁL

Þróun reksturs umhverfismála



Almennt um umhverfismál

Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd fer með framkvæmd umhverfismála. Undir málaflokkinn umhverfismál flokkast skrudgarðurinn, uppgræðslumál, fegrun sveitarfélagsins, jólaþrenging og minka- og refaeyðing. Rekstur málaflokksins er beint tengdur skipulags- og byggingarmálum.

Verksvið umhverfisstjóra skv. starfslýsingu er m.a. gerð fjárhagsáætlunar fyrir starfið ásamt tímasettri framkvæmdaáætlun í samstarfi við sviðsstjóra. Umhverfisstjóri hefur umsjón með málaflokknum umhverfismál hjá sveitarfélaginu. Undir umhverfismál heyrir m.a. umsjón með sorpi og móttöku- og flokkunarsvæði fyrir sorp, losun rotþróa og meðferð á seyru til notkunar við landgræðslu. Umhverfisstjóri hefur m.a. umsjón með skrudgarðinum í Þorlákshöfn og vinnuflokkum vinnuskólans og þeim verkefnum sem honum tengjast. Samvinna við íbúa og fyrirtæki varðandi flokkun úrgangs og nýtingu úrgangs til uppgræðslu heyrir undir starf umhverfisstjóra. Umhverfisstjóri starfar einnig með fjallskilanefnd og hefur umsjón með refa- og minkaeyðingu. Umhverfisstjóri er tengiliður sveitarfélagsins við Golfklúbb Þorlákshafnar og Landgræðslu ríkisins. Önnur umhverfismál, s.s. uppgræðsla, skógrækt, endurbætur og lagfæringar á gönguleiðum og reiðleiðum sem bæjarfélaginu viðkemur og verkefni þar sem bæjarfélagið tekur þátt í lagfæringum á ferðamannastöðum heyrir undir starfið. Umhverfisstjóri er hluti af snjómokstursflokki sveitarfélagsins. Umhverfisstjóri er yfirmaður annarra starfsmanna sem undir starfið heyrir, s.s. starfsmanna vinnuskóla.

Skýrsla umhverfisstjóra

Sumarið í sumar gekk vel þrátt fyrir frekar blautt sumar. Var mesta áherslan lögð á í sumar að hafa bæinn snyrtilegan og fallegan. Það skiptir svo gífurlega miklu máli að vera með snyrtilegt umhverfi. Tókst það mjög vel og var fólk almennt ánægt með bæinn.

Verkefni umhverfiseildar:

- Umhverfismál sveitarfélagsins.
- Umsjón með opnum svæðum.
- Umsjón með grasslætti á opnum svæðum og hjá stofnunum bæjarins.
- Umsjón og umhirða á öllum gróðri á opnum svæðum og hjá stofnunum bæjarins.
- Umsjón leikvalla og leiktækja.
- Umsjón með Skrúðgarðinum.
- Sorphreinsun.
- Umsjón með gámasvæði.
- Hreinsunarátak - Ruslahreinsun.
- Umsjón og rekstur Vinnuskóla Ölfuss.
- Ýmis þjónusta við íbúa sveitarfélagsins, ss. garðsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja.
- Landgræðslumál.
- Skógræktarmál.
- Eftirlit með verktökum er tengjast umhverfismálum.
- Garðlönd Þorlákshafnar.
- Tengiliður við Golfvöll Þorlákshafnar.
- Umsjón með jólaskeytingum bæjarins.

Opin svæði:

Eins og áður sagði þá skiptir miklu máli hvernig bærinn lítur út. Ég klippti og snyrti allan gróður í vetur og vor. Áburður var borinn á allan gróður en það er nauðsynlegt að gera það hér í Þorlákshöfn þar sem jarðvegurinn er svo næringarsnauður. Við settum nokkur hlöss af mold í öll beðin, þótt að við hefðum gert það í fyrra líka. Og við munum þurfa að gera það aftur á næsta ári.

Við plöntuðum sumarblómum og settum blómaker hér og þar um bæinn eins og við höfum gert undanfarin ár. Þá settum við blómakörfur á ljósastaura í kringum Ráðhúsið. Það kom mjög vel út og var svolítið öðruvísi.

Trén sem við plöntuðum meðfram Selvogsbrautinni í fyrra dafna vel. Þetta eru keisaraaspir og gráreynir og verður spennandi að sjá hvernig þeim dafnar hér næstu árin.

Það þarf að vanda valið á plöntum hérna í Þorlákshöfn. Það er ekki hægt að planta hverju sem er hérna hjá okkur þar sem við erum með lélegan og næringarsnauðan jarðveg. Sumar plöntur þola betur salt en aðrar, sumar eru vindþolnar, sumar skuggþolnar aðrar þurfa skjól o.s.frv. Það var eitruð fyrir maðki allsstaðar þar sem þurfti.

Grassláttur gekk mjög vel í sumar. Ég legg mikla áherslu á að grassvæðin líta vel út. Við erum með svo mörg grassvæði að við verðum að láta þau líta vel út. Áburður var borinn á öll grassvæði en það er mjög mikilvægt að það sé gert hér þar sem allt gras er á sandi og þar með er engin næring. Það var keuptur nýr Kubota traktor 40 hs sem nýttist bæði í snjómokstur og í sláttur og áburðargjöf. Við þurfum aðeins að endurnýja minni sláttuvélar á næsta ári.

Lúpínan er mjög aðgöngshörð planta og þarf að passa að slá hana svo hún sáir sér ekki. Við slógum töluvert í sumar en hefðum þurft að slá mikið meira. Hún er orðin mjög útbreidd við kirkjuna en þar þurfum við að slá mikið næsta sumar. Eins þarf að halda áfram að slá í kringum bæinn. Sumir garðeigendur kvörtuðu undan því að hún væri komin inn í garðana hjá

þeim. Fyrir utan lúpínuna, þá þarf að gæta þess að kerfillinn nái ekki að sá sér meira en orðið er. Hann er mjög erfiður að eiga við. Það er mjög tímafrekt að slá lúpínuna með orfum eins og við gerum. Það sem ég vill gera er að nota röff slátturvél sem er aftan í traktor. Það myndi auðvelda þessa vinnu mikið. Dalvíkurbyggð fór þessa leið nú í sumar og gekk það mjög vel. Það næst ekki að uppræta hana með slætti heldur erum við að halda henni í skefjum. Sum bæjarfélög eru að velta því fyrir sér að eitra með roundup fyrir lúpínunni og kerflinum.

Í sumar störfuðu 10 ungmenni á aldrinum 16 – 21 árs við slátt auk annara tilfallandi starfa.

Leikvellir:

Haldið var áfram í viðhaldi á leiktækjunum á öllum leikvöllum. Þau voru þússuð og máluð. En það eru nokkur leiktæki sem þarf að fara að skipta út fyrir ný. Best væri að skipta út 1-2 leiktækjum á ári, fer eftir verði leiktækis í hvert sinn.

BSI á Íslandi framkvæmdi aðalskoðun á öllum leikvöllum í eigu sveitarfélagsins. Þetta er gert á hverju ári og koma þá athugasemdir frá þeim um hvað við þurfum að laga. Það kom ýmislegt í ljós og erum við búin að laga það.

Grunnskólalóð:

Haldið var áfram að taka leiktækin í gegn. Fúavörn var borin á allar girðingar og skjólveggi. Beðin voru hreinsuð og allur gróður klipptur.

Það var hellulagt í svæðin sem eru sitthvorumegin við aðalinnganginn við anddyri skólans þar sem átti einu sinni að vera beð en er bara drullusvæði. Kom þetta vel út og eru skólastjórnendur mjög ánægðir með útkomuna.

Leikskólalóð:

Þótt að lóðin sé nýleg þá er heimikil vinna við umhirðu á beðum og gróðri. Var allur gróður klipptur og einnig var ónýtum trjám skipt út fyrir ný. Einnig var borin fúavörn á allar girðingar og einnig þurfti að mála leiktæki. Grasið undir kastalanum var endurnýjað.

Það sem þarf að gera auk venjulegs viðhald er að halda áfram með að skipta um girðinguna en kostnaður við það er um 800 þús. kr. En það þyrfti ekki að grafa holur og setja staura því við getum fest hana á steiptan vegg sem gamla girðingin er á.

Ráðhúslóð:

Við lögðum heilmikla áherslu á að lóðin í kringum Ráðhúsið væri falleg. Þetta er stór lóð með miklum gróðri. Vinnuskólinn var mikið í beðunum að hreinsa og gera beðin fín. Það þarf að laga og skipta um girðinguna við beðið sem liggur meðfram Hjallabraut. Kostnaður gæti verið um 300 þús.

Það þarf að fara að huga að endurnýjun á pollunum sem eru við bílastæðin. Þeir eru margir hverjir orðnir skakkir eftir ákeyrslur og eins er húðunin farin af á mörgum þeirra. Það væri gaman að setja nýja svipaða og voru settir í skrudgarðinn. Kostnaður gæti verið um 500 þús.

Skrúðgarður:

Skrúðgarðurinn kláraðist sumarið 2016 og var opnaður formlega á 17. Júní það ár. Tókust þessar endurbætur mjög vel í alla staði og er garðurinn notaður heilmikið af fólki.

Núna þurfum við að halda garðinum við þannig að þetta verði áfram snyrtilegur og fallegur garður.

Næsta sumar verða settar ruslafötur í garðinn en kostnaður gæti verið um 250 þús.

Hreinsunaráttak - Ruslahreinsun:

Á hverju vori er hreinsunaráttak í sveitarfélaginu. Á meðan að á áttakinu stendur fellur öll gjaldtaka niður. Þetta hefur gefist mjög vel og hafa fyrirtækin sérstaklega verið dugleg á að losa sig við rusl á gámasvæðið. Við höfum sent gáma frá Gámapjónustunni í dreifbýlið til þeirra sem eru með mikið rusl. Þetta er mjög kostnaðarsamt og legg ég til að við breytum þessu fyrirkomulagi á þá leið að við hættum að bjóða fyrirtækjum upp á þetta.

Ruslahreinsun í þéttbýlinu hefur Jón Karlsson sinnt eins og hann getur. Vinnuskólinn hefur líka farið í reglulegar ruslahreinsanir í fjöruna og um bæinn og í kringum hann. Í maíbyrjun fór grunnskólinn í ruslahreinsun um og við bæinn og nemendur hreinsuðu rusl sem safnast hafði saman í vetur. Fengu þau borgað fyrir sem þau nýttu í skólaferðalag.

Vinnuskólinn:

Vinnuskólinn var starfræktur með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Vinnuskólinn er mikilvægur í hverju sveitarfélagi. Bæði vinna unglingsarnir mjög þarft starf og einnig er nauðsynlegt að sjá þeim fyrir vinnu. Hér í Þorlákshöfn fá 13 ára krakkar vinnu sem er mjög gott, en sum önnur sveitarfélög taka ekki yngri krakka en 15 ára.

Vinnuskólinn var starfræktur frá 7. júní til 4. ágúst. Í ár var fjöldi unglunga um 67 sem er í

Fjöldi barna	Fæðingarár			
	2004	2003	2002	2001
Heildarfjöldi í Þorlákshöfn	26	26	26	25
Fjöldi í vinnuskóla	16	19	18	14
Hlutfall	62%	73%	69%	56%

hærri kantinum. Yngstu krakkarnir (árg. 2004) unnu 4 tíma fyrir hádegi og luku vinnu 5. júlí.

Markmiðið er að reyna að fá unglingana til að meta og virða náttúruna betur.

Skemmtiferðin var farin 6. júlí til Reykjavíkur í Smáralindina þar sem farið var út að borða í Pizza Hut og í bíó. Krakkarnir voru mjög ánægð með ferðina.

Helstu verkefni vinnuskólans voru beðahreinsun, plöntun, málningarvinna á leikvöllum og götu- og gangstéttahreinsun. Einnig þökuöldu þau heilmikið í sumar.

Ég var með þrjá flokksstjóra og einn yfirflokksstjóra, en Katrín Arna Kjartansdóttir var að vinna sitt fjórða sumar hjá okkur og þar af 2 s.l. sumur sem yfirflokksstjóri og stóð hún sig mjög vel. Svo bætti ég við tveimur aðstoðarflokksstjórum en hjálpaði mikið til að vera með þá. Krakkarnir og flokksstjórnarnir stóðu sig mjög vel í sumar og eiga mikið hrós skilið.

Þjónusta við íbúa sveitarfélagsins:

Við buðum uppá slátt þrisvar yfir sumarið þ.e.a.s. einu sinni í mánuði. Við buðum ekki uppá áburðargjöf eða beðahreinsun nú í sumar.

Þetta gekk mjög vel.

Það eru strákar hérna í Þorlákshöfn sem bjóða uppá slátt og hreinsun gegn sanngjörnu verði og væri það ekkert vitlaust að benda á þá. Einnig eru alltaf einhverjir sem misnota svona þjónustu, af því að „þeir eiga rétt á þessu“.

Ég hef rætt við kollega mína hjá öðrum sveitarfélögum og það eru allir hættir að bjóða uppá þessa þjónustu. Þeir benda á aukin mannafla og tækjakost, misnotkun á ýmsan hátt, önnur verkefni sitja á hakanum o.fl. Sumstaðar fer þessi þjónusta í gegnum félagsmálakerfið sem niðurgreiðir slátt til verktaka.

Landgræðslumál:

Í sumar fengum við bara um 2000 plöntur í landgræðsluskógaverkefnið. Var það aðallega birki. Krakkarnir í vinnuskólanum plöntuðu öllum plöntunum á einum degi. Voru notaðir plöntustafir en einnig voru notaðar skóflur þar sem krakkarnir mokuðu holu og settu svo hestaskít með. Svo voru nokkrir sem báru áburð á eldri gróður. Þetta gekk allt mjög vel og voru krakkarnir ánægðir með daginn.

Við munum væntanlega planta mun meira á næstu árum í gegnum verkefnið „Þorláksskóga“.

Garðlönd Þorlákshafnar:

Í sumar voru garðlönd í boði fyrir íbúana eins og í fyrra. Sett var meiri mold í garðinn og settum við brennistein í líka til að stilla hann í rétt sýrustig og allt tætt saman. Voru 10 reitir í boði hver um 24m², eða 3x8 m. Allir þessir 10 reitir flugu út strax, og fengu færri en vildu.

Umhverfisverðlaun 2017:

Þann 12. ágúst á Hafnardögum voru veittar viðurkenningar vegna snyrtilegra garða og í ár urðu Knarrarberg 3 og Grásteinn í Ölfusi fyrir valinu.

Tækjakostur:

Við þurfum að endurnýja hluta af sláttuvélum og orfum fyrir næsta sumar. Við keyptum eina litla loftþúðaslátturvél 2016 sem kostaði um 150.000 kr. og stefni ég að því að kaupa aðra svona vél næsta sumar. Einnig þarf að gera ráð fyrir orfum og eina nýja handslátturvél. Gæti orðið um 500.000 kr.

Umhverfi íbúa aldraðra:

Hef ég áhuga á að gróðursetja mun meira á þessu svæði (Mánabraut, Sunnubraut og Egilsbraut 9). Það þarf að búa til skjól og fegra umhverfið.

Við fengum gefins stórt grenitré frá íbúum að Selvogsbraut 13 sem við fluttum og gróðursettum á lóð 9:unnar. Það lifði ekki veturinn af.

Unglingalandsmót 2018:

Í sumar héldum við áfram að undirbúa tjaldsvæðið fyrir unglíngalandsmótið. Við létum endursá að hluta til í nýja tjaldsvæðið. Við bárum á gamla flugvöllinn og slógum hann 2-3 svar. Við munum halda áfram að bera áburð og slá þessi svæði næsta sumar.

Framtíðarsýn


Við eigum mjög fallegan og snyrtilegan bæ og þurfum að halda áfram að hugsa vel um hann. Halda áfram að gróðursetja og gera bæinn enþá fallegri og meira aðlaðandi. Hefur fólk komið til mín og hrósað okkur fyrir vel unnin störf hér í bænum í sumar sem er mjög ánægjulegt. Maður vill að íbúarnir séu ánægðir. En þá þarf líka að halda vinnunni áfram og gera enn betur og hlusta á íbúana. Eins þarf að hvetja og virkja íbúana sjálfa til að hjálpa okkur t.d. með því að hreinsa illgresi og gras sem vex upp á milli stéttar og lóðagarðs. Ef allir gerðu þetta við sína lóð væri það frábært.

Svo þegar framkvæmdum við innkomuna í bæinn verður lokið breytist ásýndin verulega.

Davíð Halldórsson
Umhverfisstjóri Ölfuss

13. ATVINNUMÁL

Þróun reksturs atvinnumála



Almennt um atvinnumál


Sveitarfélagið er aðili að Markaðsstofu Suðurlands. Markmið með þátttöku í Markaðsstofu Suðurlands er að koma sveitarfélaginu betur á framfæri við ferðamenn bæði innlenda og erlenda. Taka þátt í sameiginlegri markaðssetningu á Suðurlandi og koma starfsemi sveitarfélagsins og íbúa betur á framfæri. Unnið verður áfram að kynningu á sveitarfélaginu fyrir fjárfesta eins og verið hefur á mörgum síðustu árum.

Með tilkomu Suðurstrandarvegjar hefur opnast möguleiki á að nýta landið fyrir vestan Þorlákshöfn undir iðnaðarstarfsemi stóra sem smáa.

Stærsti einstaki liðurinn í rekstri atvinnumála er þátttaka í fjallskilum, rekstur fjárrétta og fjárgirðinga. Þá er leggur sveitarfélagið til fjárframlag til atvinnuþróunar á samstarfssvæði sunnlenskra sveitarfélaga eins og önnur sveitarfélög innan SASS.

Raunar mætti færa undir þennan málaflokk útgjöld í mörgum öðrum málaflokkum en markvisst er unnið að því að fjölga atvinnutækifærum í sveitarfélaginu og vonir standa til að árangur þeirrar vinnu skili sér hratt á næstu árum.

21. SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR



Núverandi staða

Undir málaflokkinn heyra eftirfarandi deildir (liðir) í bókhaldi; bæjarstjórn, endurskoðun, lögfræðiaðstoð, bæjarskrifstofur, innheimtukostnaður, móttökur, ýmis útgjöld (styrkir), starfsmannakostnaður, kjarasamningar, SASS, Héraðsnefnd Árnesinga og kosningar. Stærsti einstaki rekstrarliðurinn í málaflokknum eru bæjarskrifstofunnar, þar á eftir er bæjarstjórn en aðrir liðir eru minni að sniðum. Kynning sveitarfélagsins hefur verið eitt af verkefnum sem undir þennan málaflokk heyra en með þeirri breytingu sem gerð var á starfsheiti menningarfulltrúa og heiti menningarnefndar á árinu 2015 voru kynningarmálin að stærstu leyti færast undir verk svið þess málaflokks.

Undir bæjarstjórn fellur allur kostnaður við hana, s.s. laun kjörinna fulltrúa, akstur og annar kostnaður. Kjörnir fulltrúar eru sjö, sem fá föst laun en varamenn frá greidd laun fyrir fundi sem þeir sitja.

Stöðugildi á bæjarskrifstofu er þrjú auk bæjarstjóra; bæjarritari, deilarstjóri launadeildar og skrifstofumaður. Til viðbótar þessu er hlutfallslegt stöðugildi í ræstingu. Á bæjarskrifstofum er m.a. haldið utan um fjármál sveitarfélagsins, bókhald, móttöku, skráningu og greiðslu reikninga og áætlanagerð. Launavinnsla fyrir sveitarfélagið er í höndum starfsmanna bæjarskrifstofu, símsvörun, móttaka viðskiptavina, móttaka og frágangur erinda sem sveitarfélaginu berast. Þessi upptalning er ekki tæmandi en gefur ágæta sýna á það mikla starf sem fram fer á bæjarskrifstofunum en starfsemin nær til allra deilda og stofnana sveitarfélagsins.

Til viðbótar því starfsfólki sem heyrir undir rekstur skrifstofunnar eru þar starfandi forstöðumaður skipulags-, byggingar og umhverfissviðs, markaðs- og menningarfulltrúi sem gegnir forstöðu á markaðs- og menningarsviði og félagsráðgjafi sem heyrir undir velferðarsvið þó viðkomandi sé ekki eiginlegur starfsmaður Skóla- og velferðarþjónustu. Starfsfólk skrifstofunnar veitir þeim starfsmönnum sem heyra undir önnur svið en hafa

starfsaðstöðu á skrifstofunni ýmsa þjónustu og sér t.a.m. um alla símsvörun og móttöku viðskiptavina til þessara aðila.

Í desember 2017 voru 177 starfsmenn í starfi hjá sveitarfélaginu Ölfusi í 124,48 stöðugildum, þ.e. 170 starfsmenn og 7 bæjarstjórnarmenn. Starfsmannafjöldi jókst um 5,36% á milli ára og stöðugildum fjölgaði um 2,48%.

Stöðugildum hjá sveitarfélaginu hefur fjölgað um 36% frá árinu 2007. Árið 2011 fluttust málefni fatlaðra til sveitarfélaganna sem skýrir hækkun stöðugilda á árinu 2011. Áður, eða 1. ágúst 1996, höfðu verkefni grunnskólanna flust til sveitarfélaganna.

Framtíðarsýn

Miðað við óbreytta samsetningu á Sveitarfélaginu Ölfusi er ekki að vænta mikilla breytinga á fyrirkomulagi málaflöksins og rekstur bæjarskrifstofanna. Það er hins vegar ljóst að bæjarskrifstofunnar eru undirmannaðar, ýmis verkefni sitja á hakanum og starfsfólk á erfitt með að skipuleggja frí þar sem staðgengla skortir til að leysa þá af. Þau verkefni sem helst sitja á hakanum eru skjalavistun, eftirfylgni verkefna, uppfærsla heimasíðu, markaðs- og kynningarmál og almenn framtíðarsýn. Verkefnum á skrifstofunni er ekki að fækka, raunar er þeim að fjölga með auknum kröfum um upplýsingargjöf og verulega fjölgun íbúa.

Á síðustu árum hafa orðið miklar tækniframfarir sem snúa að utan um haldi verkefna á bæjarskrifstofum, s.s. bókhaldi, launavinnslu, skjalavistun og funda utanumhaldi. Þetta hefur leitt af sér fækkun stöðugilda á skrifstofunni en á móti hafa kröfur aukist mikið á sviði upplýsingagjafar og umsvif sveitarfélagsins hafa vaxið verulega. Fleiri breytingar á tæknilegu umhverfi hafa verið gerðar sem snúa að rekstri sveitarfélagsins í heild. Samningur var gerður við Gagnaveitu Reykjavíkur um lagningu s.k. bæjarnets en með því eru starfsstöðvar sveitarfélagsins tengdar saman með ljósleiðara, að undanskilinni höfninni en hún tengist kerfinu með örbylgju. Gerður var á árinu 2015 samningur við TRS um utanumhald og rekstur tölvu- og upplýsingarkerfis sveitarfélagsins og samningur við NOVA um símaþjónustu. Áður hafði þessi þjónusta öll verið á hendi Símans til þó nokkurra ára. Þessi breyting öll gerir það að verkum að hægt er að hafa eina sameiginlega nettengingu og eitt sameiginlegt innra kerfi fyrir alla starfsemi sveitarfélagsins og á það við um gagnavistun og samskipti. Hægt er að vera með allar starfsstöðvar á sömu símstöðinni og því er hægt að deila verkefnum á milli stofnana og starfsfólks með öðrum hætti en mögulegt hefur verið áður. Unnið er stöðugt í því að virkja þá jákvæðu möguleika sem þessar breytingar hafa í för með sér.

Sýnt er að fjölga þurfi stöðugildum á skrifstofunni. Líklegt er að 50% starf ritara myndi breyta miklu í vinnuumhverfi skrifstofunnar. Ýmis verkefni sem starfsfólk skrifstofunnar vinnur krefjast einbeitingar og nákvæmni. Má þar nefna launavinnslu, móttöku og skráningu erinda og skráningu og greiðslu reikninga. Ritari sem sæi um símsvörun, móttöku viðskiptavina og kæmi að verkefnum við skjalaskráningu myndi hafa verulega jákvæð áhrif á vinnuumhverfi alls starfsfólks skrifstofunnar og vonandi verða til þess að starfsfólk komist yfir verkefni líðandi stundar ásamt því að geta unnið að stefnumarkandi málum. Skrifstofa sveitarfélagsins þjónustar allar stofnanir og málaflökka sveitarfélagsins og því er ekki óeðlilegt að horft sé til samstarfs um þessi verkefni ef t.a.m. hægt er að samnýta starfsfólk. Rætt hefur verið um að víða innan stjórnsýslunnar sé utanumhaldi skjala ábótavant og gæti þessi ráðstöfun orðið til þess að árangur næðist t.a.m. við vistun skjala sem snúa að skipulags- og byggingarmálum og betri nýtingu upplýsingarkerfa sem til staðar eru og meiri gæði við meðferð gagna.

28. FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Almennt um fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Málaflokkurinn fjármunatekjur og fjármagnsgjöld er eins og á síðastliðnu ári nokkur óvissuþáttur í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Framvinda í efnahagsmálum þjóðarinnar gerir það að verkum að erfitt er að gera áætlun fyrir þennan málaflokk sem byggir á öruggum forsendum.

Gert er ráð fyrir 2,5% verðbólgu á árinu.


Undir málaflokkinn heyrir einnig arður af hlutabréfum s.s. frá Lánasjóði sveitarfélaga og framlög frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands.

31. EIGNASJÓÐUR

Eignir sem falla undir Eignasjóð

Eign	Stærð	Byggingarár
Slökkvistöð Þorlákshafnar	176,7	1989
Jörðin Þorlákshöfn		
Gatnakerfi		
Eyjahraun 8	128,2	1973
Aðrar fasteignir		
Búnaður í íþróttahús		
Grunnskólinn í Þorlákshöfn – Egilsbraut 35	4.023,9	1969-2006
Grunnskólinn í Hveragerði		
Leikskólinn Bergheimar – Hafnarberg 32	947,4	1983-2014
Leikskólar Hveragerði		
Íþróttahús Þorlákshafnar – Hafnarberg 41	1.756,2	1992
Sundlaug Þorlákshafnar – Hafnarberg 43	2.206,3	2008
Golfvöllur Þorlákshafnar		
Þorláksvöllur – Vallarhús, Hafnarberg 45	141,7	2008
Háaleitisvöllur		
Tjaldstæði Skálholtsbraut		
Hafnarberg 1 – Ráðhús	2.390,2	2000
Selvogsbraut 4	465,0	1970

Þróun reksturs Eignasjóðs



Almennt um Eignasjóð

Sú meginregla gildir að fasteignir sveitarfélaga eru færðar í sjálfstæða rekstrareiningu innan A-hluta sveitarfélagsins og er þessum eignasjóði ætlað að sjá um rekstur, nýbyggingar, kaup eða sölu eigna í umboði bæjarstjórnar. Eignasjóður leigir fasteignir til rekstrareininga sveitarfélagsins samkvæmt þörfum viðkomandi einingar og innheimtir svokallaða innri leigu í samræmi við raunverulegan kostnað sem viðkomandi fjárfesting ber. Meðal annars er tekið mið af afborgunum lána, vöxtum, afskriftum, viðhaldi og fasteignagjöldum.

Markmiðið með eignasjóði er að gera rekstrarkostnað fasteigna sveitarfélagsins sýnilegri og að sérhver rekstrareining beri þann raunkostnað sem af henni stafar.

Fjárfestingar, viðhald og rekstur

Í sundurliðaðri fjárfestingar- og viðhaldsáætlun sveitarfélagsins má sjá skýringar og fjárhæðir við allar helstu framkvæmdir sem ætlaðar eru varðandi fasteignir eignasjóðs á árinu 2018. Einnig má sjá allar áætlaðar rekstartölur í sundurliðaðri fjárhagsáætlun.

Þjónustumiðstöð: Í vor og sumar var skipt um alla glugga/gler og útihurðar í húsinu fyrir utan skrifstofubyggingu. Í vetur máluðum við gólfið. Það var útbúið port í sumar með lokuðu hliði. Það þarf að setja upp öryggis- og brunakerfi í allt húsið. Einnig þarf að fara að huga að málun á húsi og þaki á næstu árum.

Hafnarberg 1: Í sumar var húsið lagað að utan. Það var gert við múrinn að utan og húsið málað. Stenið var lagað á vesturhlið hússins og tókst það mjög vel. Fyrirhugað er að endurgera stenið á öðrum hliðum hússins sumarið 2018. Einnig liggur fyrir að mála húsið að innan þ.e. millibyggingu og Versali.


Grunnskóli: Loftræstisamstæðu í gamla turni þarf að lagfæra. Samstæðan var sett upp árið 1995 og niðurstaða þessarar lagfæringar og skoðunar gæti orðið sú að þörf sé á að endurnýja hana algerlega. Kostnaðaráætlun frá PH blikk vegna endurnýjunar loftræstisamstæðu í turni grunnskólans er 3,85 m.kr. m/vsk. Vandamál hefur verið með hita

í húsinu og yfirfara þarf lagnir í lagnakjallara undir gamla turni og í tæknirými við húsvarðarherbergi. Umræða hefur verið um að klæða „Gamla turninn“ að utan og skipta þá um glugga í leiðinni. Fjárhagsáætlun segir að eftir 5-6 ár verði skoðað með að klæða turninn að utan. Timburverk sem eru gluggar í Gamla turni og matsal og þakkantur á salnum og tónlistar- og handmenntaálmum. Hver gluggi í endurmálun kostar um 28 þ.kr. auk vinnupalla til verksins. Alls er um að ræða um 40 glugga í heildina. Heildarkostnaður gæti verið um 1,35 m.kr. Gera þarf áætlun um klæðningu á þeim byggingum skólans sem ekki eru þegar klæddar, s.s. tónlistarskólaálmum og gamla turni. Þarf að skipta um vatnsbretti á gamla turni. Endurbætur á brunaviðvörðunarkerfi 1,4 milljónir. Viðhald lóðar: Loka sorpskýlinu með hliði. Setja upp körfur eða fóboltapönnu á gamla bílastæðið.

Leikskólinn Bergheimar: Það þarf að huga að endurnýjun á þaki „98“ byggingarinnar, járn og kjölur er ónýtt og þarf að skipta út. Vantar loftræstikefi í "98 bygginguna. Þarf að leggja nýtt epoxi á golfið í andyrinu á "98 byggingunni. Málningarvinna, loftstokkaeftirlit, þrif o.fl. Klára að skipta út girðingarefni í þeirri hlið sem snýr í vestur. Eignaumsjón metur ástand og tekur ákvörðun um málningarframkvæmdir í öllum fasteignum. Framkvæmdatími er á sumarleyfistíma leikskólans.

33. ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

Þróun reksturs Þjónustumiðstöðvar



Starfsmenn Þjónustumiðstöðvarinnar:

Yfirmaður Þjónustumiðstöðvar er Umhverfisstjóri og er hann með skrifstofu þar.

Núna eru 5 fastráðnir heilsársstarfsmenn í Þjónustumiðstöðinni. Svo er einn starfsmaður í 35 % starfi á móttökusvæðinu en þar er opið frá kl. 15:00 – 18:00 mánudaga – fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 13:00 – 18:00 og annan hvern laugardag frá kl. 13:00 – 16:00.

Í sumar störfuðu í Þjónustumiðstöðinni 10 ungmenni á aldrinum 16 – 21 árs við slátt á grasi og lúpínu auk annara tilfallandi starfa.

Eitt af þeim verkefnum sem fyrir liggja varðandi starfsmannamál er að skilgreina betur, t.d. í betri starfslýsingum, hvaða föstu verkefnum hverjum starfsmanni er ætlað að sinna og skerpa á því að miðað við núverandi starfsmannahald hjá Þjónustumiðstöðinni eru takmörk fyrir því hvaða verkefnum Þjónustumiðstöðin getur sinnt og hvernig beiðnir koma til okkar, ég hef talað mikið um að ég vilji að allar beiðnir komi til okkar skriflega og með einhverjum lágmarks fyrirvara, til að við getum skipulagt okkur eitthvað, en eins og þetta er núna þá hringja forstöðumenn stofnananna, eða hinn og þessi starfsmaður, út og suður í hinn og þennan og menn hendast fram og til baka að reyna að slökkva elda út um allt og allir eru mis ánægðir. Auðvitað koma upp óvænt tilvik þar sem bregðast þarf fljót við en mér finnst ótrúlegt að það séu nánast bara svoleiðis aðstæður því að í þessum fáu skriflegu beiðnum sem við fáum, stendur að vinna þurfi verkið „STRAX“.

Helstu verkefni

Starfsemi Þjónustumiðstöðvarinnar er víðtæk og nær líklega til allra deilda sveitarfélagsins, a.m.k. þar sem um notkun fasteigna eða opinna svæða er að ræða. Helstu verkefni eru eftirfarandi:

- Rekstur á vatnsveitu og fráveitu fyrir þéttbýlið í Þorlákshöfn og rekstur á Vatnsveitunni Berglindi sem sér bæjum í dreifbýlinu sunnan Þjóðveggar 1 frá Völlum að Þórustöðum fyrir neysluvatni (og slökkvivatni) auk þess að þjóna Gljúfurbyggð.
- Umsjón og rekstur á götum, gangstígum, leikvöllum og opnum svæðum í þéttbýlinu í Þorlákshöfn, ss. snjómokstur, hálkuvarnir, grassláttur, umhirða á trjábeðum og hreinsun á rusli sem liggur á víðavangi.
- Rekstur á gámasvæðinu í Þorlákshöfn og umsjón með jarðvegstípp á Hafnarsandi.
- Umsjón og rekstur á Vinnuskólanum í Þorlákshöfn.
- Umsjón með lögbundnum tæmingum á rotþrómi í sveitarfélaginu.
- Ýmis þjónusta við stofnanir sveitarfélagsins sérstaklega verkefni sem lúta að viðhaldi fasteigna.
- Ýmislegt minniháttar viðhald á fasteignum sem heyra undir félagsþjónustuna og Eignasjóð sveitarfélagsins, auk þess að útvega iðnaðarmenn í meiriháttar viðhald.
- Aðstoð við umsjón með framkvæmdum sem í gangi eru í sveitarfélaginu.
- Ýmis þjónusta við íbúa sveitarfélagsins, s.s. garðsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja.
- Eftirlit með hunda- og kattahaldi.

Verkfæri og tæki:

Tækjabúnaður og bifreiðar: Það þarf að kaupa vörubíl með krana. Hugmyndin með að kaupa svona bíl er sú að hann muni leysa af núverandi tankbíl sem við höfum verið að nota í snjómokstri en hann er verður 30 ára gamall 2019. Hann er orðinn mjög lúinn og heilsuspillandi fyrir þann sem er að vinna á honum. Eftir að Brunavarnir Árnessýslu fengu nýjann bíll þá tókum við við tankbílnum. Eins og hefur verið í umræðunni um að sveitarfélagið taki við rekstri og viðhaldi á ljósastaurum í sveitarfélaginu þá kemur vörubíll með krana að góðum notum. Einnig getur höfnin nýtt sér kranann en það þarf t.d. að skipta um perur í innsiglingaljósunum. Eins mun svona bíll nýtast þegar það þarf að hífa menn upp við stofnanir bæjarins í ýmislegt viðhald. Svo nýtist hann við uppsetningu á jólas krauti bæjarins. Einnig nýtist hann við ýmsa flutninga td. timbur og rör, þar sem við getum þá híft upp á pallinn og flutt sjálfir. Að lokum þá getum við náð í efni eins og mól, grús, sand og mold upp í gryfjur sjálfir. Með því að hafa svona bíl þá getum við bjargað okkur mikið sjálf, þurfum ekki að kaupa þessa þjónustu annarsstaðar frá og spörum þá heilmikla peninga. Eins og þetta er núna með tankbílinn þá er hann bara notaður í snjómokstur en með nýjum bíl þá verður hann notaður allt árið um kring. Gamli tankbíllinn verður þá væntanlega seldur. Kostnaður er allt að 12.000.000 kr. Mögulega verður keypt sláttuvél fyrir Kubota fyrir gróf svæði, s.s. lúpínu. Kostnaður 300 þús. Kaupa þarf 2 litlar sláttuvélar og 1 orf = 450 þús. Það þarf að fjárfesta í pressvél og fylgihlutum. En píparinn hefur þurft að leigja þessa vél. Kostnaður er um 500 þús. Það verður að kaupa nýjann krókheysisgám á vagninn okkar. Þessi græni sem við eigum er orðinn ónýtur. Kostnaður er um 900 þús. Það vantar öryggiskerfi og brunakerfi í húsið. 1.000.000 kr. Æskilegt væri að kaupa sópa fyrir Kubota sem við getum notað til að sópa götur og plön. Kostnaður gæti verið um 1 m.kr. en á móti kemur að við erum að borga Hreinsitækni tæpa 1.5 milljónir á hverju ári fyrir að sópa göturnar okkar einu sinni á ári en hugsanlega mætti þó fá slíka þjónustu áfram einu sinni á ári í stærstu götur bæjarins. Með því að eiga svona sópa þá getum við sópað allt sjálf og þá oftast en einu sinni á ári.

Ennig er mikilvægt að halda áfram að endurnýja og kaup ný smáverkfæri sem tengjast þeirri viðhaldvinnu og nýframkvæmdum sem við erum að vinna fyrir stofnanir sveitarfélagsins.

Davíð Halldórsson umhverfisstjóri.

B-HLUTA FYRIRTÆKI

B-hluta fyrirtæki sveitarsjóðs eru:

Þorlákshöfn

Vatnsveita Þorlákshafnar


Íbúðir eldri borgara

Uppgræðslusjóður Ölfuss

Félagslegar íbúðir


Fráveita Ölfuss

Þróun framlaga til B-hluta stofnana



41. ÞORLÁKSHÖFN

Þróun tekna og gjalda Þorlákshafnar



Núverandi staða

Hafnarstjórn ásamt hafnarstjóra fer með málefni Þorlákshafnar í umboði bæjarstjórnar. Hjá Þorlákshöfn eru þrír hafnsögumenn auk hafnarstjóra. Þá er einnig einstaklingur á launaskrá í hlutastarfi vegna ræstingar og einn í hlutastarfi seim vélstjóri á dráttarbátnum Ölver.

Hafnarstjóri sinnir daglegum rekstri hafnarinnar auk þess að koma að vinnu við stefnumarkandi verkefni sem hafa það að markmiði að auka umsvif hafnarinnar. Starfsmenn hafnarinnar sjá um vigtun alls afla sem um höfnina fer auk vöruvigtunar, s.s. á jarðefnum. Þeir sjá um móttöku skipa og báta og sjá um að raða þeim niður á stæði í höfninni og sjá um að þjónusta skip með dráttarbátum þegar þörf krefur. Haldið er utanum bókahald komu, legu og brottfara skipa. Þá veita starfsmenn ýmsa þjónustu, s.s. afgreiðslu á rafmagni og vatni til skipa og utanumhald á rafmagnsnotkun. Þrif og viðhald á hafnarsvæðinu er í verkahring starfsmanna ásamt endurnýjun og viðhald á dekkjum á bryggjunni. Starfsmenn hafnarinnar sjá um að útbúa allar dekkjalengjur og þybbur.

Höfnin á og rekur lóðsbátinn Ölver. Hlutverk bátsins er að flytja hafnsögumann til og frá stærri skipum auk þess sem báturinn er til aðstoðar stærri skipum sem um höfnina fara, s.s. með að hjálpa þeim að og frá bryggju. Báturinn er einnig mikið öryggistæki fyrir sjófarendur við Suðurströndina. Öllum stundum er leitast eftir því að fá dráttarverkefni fyrir Ölver til að auka tekjur fjárfestingarinnar sem liggur í dráttarbátum.

Í gildi er samningur milli sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar þess efnis að Þorlákshöfn verði varahöfn Herjólfis. Vegagerðin greiðir fast gjald til hafnarinnar árlega til þess að viðhalda þeim mannvirkjum sem tengd eru komum Herjólfis auk hafnargjalda sem innheimt eru af komum skipsins og greidd eru af rekstaraðila skipsins. Samningurinn var endurnýjaður á árinu 2016 og gildir hann út árið 2018.

Undirbúningur að endurbótum Þorlákshafnar hófst árið 2014 í samstarfi við siglingasvið Vegagerðarinnar. Á vormánuðum árið 2015 var boðið út dýpkunarverkefni en í því útboði var gert ráð fyrir því að fjarlægja um 80 þús. rúmmetra af efni úr höfninni, að hluta til vegna viðhalds og hins vegar sem stofndýpkun. Út frá þeim forsendum var gengið að efnið yrði grafið uppúr höfninni. Megin ástæða þess að ekki var boðið út stærra verkefni var sú að skv. upplýsingum Vegagerðarinnar var það efni sem út af stóð klöpp sem ekki væri hægt að grafa upp án þess að sprengja áður. Framkvæmdin gekk vel og var ákveðið í sameiningu að fá verktakann til að fjarlægja allt það lausa efni úr höfninni sem mögulegt væri í samræmi við hönnun. Í ljós kom að stór hluti þess svæðis sem talið var samanstanda af klöpp var í raun malar- og grjótkambur og þegar upp var staðið var árið 2015 mokað upp úr höfninni um 130 þús. rúmmetrum af efni. Þessi staðreynd gerir það að verkum að kostnaður við dýpkunina verður á endanum verulega lægri en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir og mun væntanlega flýta allri framkvæmdinni um allt að tvö ár.

Næsti áfangi endurbóta var boðinn út vorið 2016. Í þeim áfanga var áformað að fjarlægja það sem eftir stóð af Norðurvararbryggju og ljúka dýpkun á snúningssvæði inn af innsiglingunni. Auk þessa átti að fjarlægja endann af gamla grjótkambinum sem stendur inn í innsiglinguna að stórum hluta til að víkka innsiglinguna. Framkvæmdir áttu að hefjast í byrjun september 2016 og búnaður verktakans var kominn í Þorlákshöfn á tilsettum tíma. Þegar hefja átti verkið kom í ljós alvarleg bilun í gröfupramma sem seinkaði upphafi framkvæmda um hátt í þrjú mánuði. Framkvæmdir við áfangann hófust í janúar 2017 en í lok árs hafði verið gerður samningur við Smyril-Line cargo um reglubundnar vöruferjusiglingar milli Þorlákshafnar og Rotterdam. Þetta verkefni þrýsti mjög á framkvæmdir og í góðu samstarfi við verktakann og Vegagerðina tókst að hefja verkefnið á tilsettum tíma, þ.e. í byrjun apríl 2017. Í stuttu máli var gamla Norðurvararbryggjan fjarlægð, innsiglingin víkkuð um 30 m. og innra rými hafnarinnar dýpkað allt í 8 m. Með þessari breytingu er í höfninni, milli Suðurvarargarðs og Skarfaskers, komið 230 m. snúningssvæði fyrir mun stærri skip en áður hefur verið mögulegt að taka inn í höfnina. Alls voru mokaðir upp úr höfninni xxx rúmmetrar af efni og tókst það án þess að nokkuð væri sprengt vegna dýpkunarinnar þó að lítillega hafi þurft að rippa næst landi. Norðurvararbryggjan var sprengd og síðan mokuð upp og var það alltaf áætlað með þeim hætti. Enn og aftur var framkvæmdin unnin á hagkvæmari hátt en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir.

Vegna tilkomu samstarfsins við SLC var nauðsynlegt að fara í meiri framkvæmdir en útboðið kvað á um. Ekki er það þó svo að þær framkvæmdir séu eingöngu vegna þess verkefnis heldur þrýsti það verkefni á að fleiri skref yrðu stigin í átt að betri aðstöðu og bættu öryggi fyrir stærri skip í höfninni. Byggð var afgreiðsluástaða fyrir Ro/Ro skip á Skarfaskersbryggju og dýpkað meira milli Skarfaskers og Svartaskers auk þess sem tækin sem voru á staðnum voru nýtt til að dýpka á milli Herjólfsbryggju og Svartaskers. Þessu til viðbótar var útbúin ný landfylling með malbikuðu plani á milli Herjólfsbryggju og Skarfaskers.

Fleira var gert því útbúið var tollverndarsvæði ofan Skarfaskers við Kuldabola, vöruplan var stækkað til Suðurs að lóðarmörkum Hafnarskeiðs 8, þ.e. gömlu bræðslunni, planið var allt girt af og settar upp öryggismyndavélar á vöruafgreiðslusvæðið.

Ekki fæst allt séð fyrir í stórum verkefnum sem þessum en í ljós kom þegar Mykines, skip SLC, fór að sigla að dýpið á innsiglingarleiðinni utan hafnar reynist of lítið. Vegna þessa var ákveðið í samstarfi við Vegagerðina að bjóða út 55 þús. rúmmetra dýpkun á innsiglingarleiðinni. Tilboðsfrestur var til 24. október og var Björgun með lægsta tilboð í verkið uppá 34,4 m.kr. og er hlutur hafnarinnar í því 40% eða tæpar 14 m.kr. Hugsanlega

hækkar þessi tala ef ákveðið verður að fjarlægja meira. Verkefnið átti að klárast fyrir lok árs 2017 en þrátt fyrir góðan gang var því ekki lokið þegar þetta er ritað í SA 20 m./sek., 7°C og lemjandi rigningu 9. janúar 2018.

Framtíðarsýn

Efling hafnarinnar

Lengi hefur verið stefnt að því í Þorlákshöfn og á Suðurlandi að hafnaraðstaðan í Þorlákshöfn verði gerð nothæf til stórflutninga og sem slík hæf til að þjóna stóriðju sem reist yrði í hennar nágrenni. Með breyttum áherslum í atvinnuuppbyggingu á svæðinu, hafa áform um stækkun hafnarinnar ekki breyst í eðli sínu, heldur tilgangurinn. Nú er ekki lengur horft til stóriðju sem hina endanlegu lausn í atvinnumálum og ástæðu fyrir fjárfestingu í hafnarframkvæmdum. Miklu fremur er nú horft til þess að auka til muna þjónustuhæfni við þá atvinnustarfsemi sem þegar er til staðar á nær- og fjarsvæðinu á Suðurlandi og á SV-horni landsins og að vaxa með þeirri starfsemi í samhæfðum áföngum. Enn fremur ber að taka tillit til framþróunar í vöruflutningum, flutningaskipin eru orðin stærri, stjórnækin nákvæmari og þarfir viðskiptavinum skipafélaganna eru sífellt að breytast t.d. vegna þróunar í umbúðum, kælitækni og neysluvenjum.

Hafnarstæðið er oft á tíðum krefjandi fyrir skipasiglingar af náttúrlegum ástæðum og því ráðlegt að þróa höfnina í áföngum með hliðsjón af því og þeim markaðsaðstæðum sem núverandi og væntanlegir notendur hafnarinnar búa við. Öldu- og soghreyfingar innan hafnarinnar og í innsiglingunni ásamt ölduhæð utan hafnar eru þeir þættir sem sérstaklega þarf að horfa til og hönnun brimvarnargarða er miðuð við það. Af þessum ástæðum er ekki hægt að draga upp nákvæma framtíðarsýn á hafnaraðstöðu í Þorlákshöfn til lengri tíma litið en þó hefur náðst mikill árangur í samstarfi við Vegagerðina í að gera núverandi útfærslu af endurbættri höfn eins góða til skipasiglinga og afgreiðslu skipa eins góða og kostur er. Í þessari greinagerð verður farið yfir áætlaða næstu áfangaframkvæmd og þá möguleika sem sá áfangi kemur til með opna á. Þess ber að geta að þessi fyrsti áfangi felst að stórum hluta í eðlilegu og löngu tímabæru viðhaldi og endurnýjun núverandi hafnarmannvirkja.

Stækkun og viðhald

Eins og áður er tiltekið hafa hafnarframkvæmdir undangenginna ára gengið mjög vel og það er magnað að nýtt stórt verkefni sé þegar orðið að veruleika. Endurbætur hafnarinnar sem ráðist var í undirbúning á 2014 eru forsenda þess að hægt var að taka á móti þessu verkefni. Vonir standa til að hægst sé að halda endurbótaverkefninu áfram, þ.e. að ráðist verði í endurbætur á stálpilum á Svartaskeri og Suðurvarargarði enda er það forsenda fyrir stórum verkefnum og framtíðarþróun hafnarinnar.

Viðhaldsframkvæmdir á hafnarmannvirkjum í Þorlákshöfn eru orðnar mjög brýnar þar sem þau eru komin vel til ára sinna. Á Suðurvarargarði er steypt kerjabryggja frá árinu 1960 og Svartaskersbryggja var byggð árið 1974. Á elsta hluta Svartaskersbryggju eru þil bryggjunnar farin að tærast mikið og fylling farin að renna undan dekki hennar á all mörgum stöðum. Hætta er á að dekkið eða malbikið falli niður, þar sem holrúm hefur myndast undir bryggjunni. Áformað er í þriðja áfanga að ný þil komi við þessar bryggjur og jafnframt verður gert ráð fyrir meira dýpi við viðlegukantana. Þessi áfangi er tiltölulega dýr og erfitt hefur

reynst að fá ríkið til að staðfesta fjármagn til þeirrar framkvæmdar. Það er hins vegar ákaflega mikilvægt að þrýsta áfram á ríkið að veita fjármagni í þetta mikilvæga viðhald.

Eftirlit á hafnarsvæðinu og umhverfismál

Mikil umferð er um hafnarsvæðið og nauðsynlegt er, bæði vegna öryggis og markaðssetningar, að efla enn frekar myndavélaeftirlitskerfið við höfnina. Fyrsti áfangi af þremur í uppsetningu kerfisins er höfnina er kominn en áframhald verkefnisins gæti verið unnið í samstarfi vegna myndavélavæðingar hjá sveitarfélaginu. Borið hefur á því að stolið hefur verið úr bátum og eins er fullyrt að vörur hafi horfið af geymslusvæði við höfnina. Með auknum umsvifum, sem við sannanlega stöndum frammi fyrir, er mikilvægt að höfnina sé þannig útbúin að eftirlit sé trúverðugt og gott.

Orkuskipti í samgöngum hafa mikið verið til umræðu undanfarið og mikil vakning hefur orðið í notkun rafmagnsbíla á Íslandi. Þó svo það sé ekki fyrirséð að skipafloti heimsins rafmagnsvæðis verulega í næstu framtíð er algerlega nauðsynlegt að landtengja eins mikið af skipum við rafmagn í höfnum og mögulegt er. Stefnt er að því að Þorlákshöfn verði fyrst hafna á Íslandi sem býður upp á landtengingu fyrir öll fiski- og vöruflutningaskip sem í höfnina koma.

Bætt þjónusta, aukið öryggi og fjölgun atvinnutækifæra

Með framangreindum framkvæmdum geta stærri skip athafnað sig innan hafnar sem opnar á möguleika á að fá inn stærri fragtskip en nú, skemmtiferðaskip sem alls ekki koma í dag og einnig stórar vöru- og fólksflutningaferjur. Einnig mun þjónustugetan við núverandi viðskiptavinum aukast verulega strax. Samhliða framkvæmdum hafa verið gerðar ítarlegar aðstöðurannsóknir og þannig lagður grunnur að raunsærri og skýrari framtíðarsýn á hafnaraðstöðuna, takmarkanir og möguleika. Kanna þarf enn betur hvort hagkvæmt sé að grafa inn í landið, norðan/norðaustan við núverandi höfn, aðstöðu fyrir hafskipahöfn og stytta Svartaskersbryggju um 50 metra til að skip komist þar inn fyrir. Mjög vel hefur verið tekið í þessa hugamyndafræði innan siglingasviðs Vegagerðarinnar. Enn fremur eru umbætur og stækkun hafnarinnar mikilvægt öryggismál því hún er sú eina á mjög stóru hafsvæði og verður að vera áreiðanlegur hlekkur í forvarnaráætlunum og björgunaraðgerðum.

Hér á eftir fer stutt yfirferð yfir þau skip sem hægt verður að þjónusta í Þorlákshöfn eftir þessa áfangastækkun hafnarinnar og dregnir upp þeir möguleikar sem það hefur í för með sér. Þær myndir sem hér eru dregnar fram eru grundvallaðar á viðræðum við rekstraraðila sem nýta höfnina í dag og aðra sem ekki geta það fram til þessa vegna aðstöðuleysis, en hafa sýnt því áhuga að koma til Þorlákshafnar ef hafnaraðstæður verða bættar.

Farþegaferjur

Nauðsynlegt verður fyrir Herjólf um ófyrirsjáanlega framtíð að hafa aðgang að ferjuaðstöðunni sem nú er í Þorlákshöfn. Ný ferja mun ekki breyta því þar sem Landeyjarhöfn er á kviku svæði árfarvega, sandburðar og sjávarstrauma.

Enn fremur mun verða mögulegt að bjóða upp á beinar farþegaferjusiglingar milli Þorlákshafnar og Evrópu þar sem hægt verður að taka á móti skipum af sömu stærð og

stærri en Norræna er nú. Slíkar ferjusiglingar hafa komið til umræðu en alltaf „strandað“ á getuleysi hafnarinnar en nú sjáum við fram á breytta tíma. Samstarf Þorlákshafnar við SLC mun án efa hafa veruleg áhrif á þessa þróun í allra næstu framtíð. Bæði er það vegna þess að Smyril-Line er öflugt félag á þessum blandaða vöru- og farþegaflutningamarkaði á N-Atlantshafinu og mikill áhugi er á þeim bænum fyrir slíku verkefni og ekki síður vegna þess að reglubundnar siglingar SLC sýna fram á að þetta er framkvæmanlegt.

Komum skemmtiferðaskipa til landsins hefur fjölgað og þau heimsækja fleiri hafnir en áður. Það samræmist stefnu stjórnvalda, og ábendingum Ferðamálastofu, sem hvatt hafa til þess að álagi af ferðamönnum verði betur dreift um landið til að vernda viðkvæm svæði. Með eflingu hafnarinnar í Þorlákshöfn geta meðalstór skemmtiferðaskip og jafnvel stærri lagst að bryggju hjá okkur. Með því er kominn til nýr og mjög vænlegur viðkomustaður skemmtiferðaskipa sem til Íslands koma. Hægt er að bjóða upp á nýja áfangastaði, eins og suðurströndina til Skóga og Víkur, auk þess sem stutt er í vinsælustu viðkomustaði á Suður- og Suðvesturlandi, hinn svonefnda Gullna hring, Suðurnesin og Bláa Lónið. Það er heldur ekki hægt að horfa framhjá náttúrunni í og umhverfis Þorlákshöfn ásamt afþreyingu og þjónustu sem í boði er og verður þar auk áhugaverðra viðkomustaða í sveitarfélaginu, s.s. Selvogi, Raufarhólshelli, Hellisheiðarvirkjun og Reykjadal svo eitthvað sé nefnt.

Það verður að segjast að innganga Þorlákshafnar í Cruise Iceland vorið 2014 hafi verið framfaraskref. Frá upphafi hefur verið litið á þennan þátt hafnarstarfseminnar sem langhlaup enda er það sannanlega reynsla þeirra hafna sem árangri hafa náð á þessu sviði. Fyrsta skemmtiferðaskipið hefur bókað komu sína til Þorlákshafnar og ef allt gengur eftir mun Hebridean Sky sigla inn í höfnina 16. júlí 2018. Þá mun MV Scenic Eclipse leggja hér að bryggju 14. ágúst 2019 og dvelja í tvo daga. Engin ástæða er til að ætla annað en að þessi grein vaxi hjá okkur á næstu árum.

Vöruflutningar

Óhætt er að segja að náðst hafi gríðarlegur árangur með endurbótum hafnarinnar, sérstaklega hvað varðar vöruflutninga um höfnina. Mykines Ro/Ro vöruflutningaferja SLC hefur siglt á milli Þorlákshafnar og Rotterdam frá því í byrjun apríl 2017 en fyrsta koma skipsins til Þorlákshafnar var föstudaginn 7. apríl og hefur hún komið hvern föstudag síðan. Skipið, sem er um 19 þús. tonn að stærð, rúmlega 138 m. að lengd og 22,6 m. að breidd, hefur all rækilega sýnt fram á gæði hafnarinnar og möguleika hennar fyrir stærri skip. Þetta verkefni opnar á mörg tækifæri fyrir höfnina og ekki síður á mögulega atvinnuuppbyggingu í Þorlákshöfn og á Suðurlandi öllu og verður slík uppbygging lykilverkefni Þorlákshafnar og Ölfuss í næstu framtíð.

Efling hafnarinnar opnar á að þjónusta stærri flutningaskip en hingað til hefur verið mögulegt. Með flutningi til og frá Þorlákshöfn í stað Reykjavíkur sparast aksturskostnaður fyrir þá sem keyra að austan og að vestan frá Reykjanesi. Þannig verða t.d. ferskvörur verðmætari og hillutíminn lengri. Mikill áhugi er á auknum vatnsútflutningi úr Ölfusi, en þau áform sem rædd hafa verið, útheimta meðal annars þær breytingar á höfninni sem nú eru að verða að veruleika. Ekki er nokkur vafi á því að bætt hafnaraðstaða í Þorlákshöfn verður til hagsbóta fyrir stærsta landbúnaðarsvæði landsins sem er í næsta nágrenni, mikinn jarðefnaútflutning, sem nú þegar er stundaður á svæðinu, þau fyrirtæki sem hyggja á fjölbreyttari jarðefnaútflutning á næstu árum og vaxandi fiskeldi á svæðinu. Það er líka fyrrséð að með tengingu við Evrópu verði Þorlákshöfn kjörin umskipunarhöfn vegna siglinga

til og frá Grænlandi. Augljóslega myndi slík tilhögun stytta siglingartíma, draga úr mengun og auka hagræði samanborið við það að sigla beint til Evrópu frá Grænlandi eða umskipa í Reykjavík.

Þorlákshöfn er eina höfnin á SV-horni landsins sem í dag getur tekið á móti Ro/Ro skipum til lestunar og losunar. Þó svo sú grein sé góð viðbót við þjónustuframboð hafnarinnar verður til lengri tíma að horfa til þess að höfnin geti þjónustað stærri skip í gámaflutningum. Slík starfsemi kallar á auknið dýpi bæði innan og utan hafnar. Líklega verður, í framtíðarplönnum, að gera ráð fyrir allt að 12 m. dýpi fyrir slíka starfsemi.

Sjávarútvegur

Grunnatvinnugrein Þorlákshafnar frá upphafi þéttbýlismyndunar, sjávarútvegur, hefur því miður farið halloka í sveitarfélaginu mörg undanfarin ár. Ákaflega lítið er orðið eftir af fiskveiðiheimildum í sveitarfélaginu og blikur eru á lofti varðandi fiskvinnslu í Þorlákshöfn. Fiskútflutningsfyrirtæki um allt land sjá hins vegar mikla möguleika í stækkun hafnarinnar og vonandi mun það hafa í för með sér aukna uppbyggingu í sjávarútvegstengdri starfsemi í Þorlákshöfn. Einnig opnast bjóðast fleiri tækifæri sem ekki hafa áður verið möguleg vegna aðstöðunnar eða öllu heldur aðstöðuleysisins. Fiskmarkaðurinn og Ísfélagið í Þorlákshöfn mun njóta góðs af auknum viðskiptum við fleiri og stærri skip sem vænta má að kæmu inn til löndunar á útskipunardegi til að hámarka ferskleika og minnka þannig akstur með afla. Einnig opnar þessi valkostur á að stærri frystitogarar geti umskipað í höfninni, til að mynda þau sem stunda veiðar á Reykjaneshrygg, skip Ramma hf. og skip Skinneyjar Þinganes hf. Eitt er það sem horft hefur verið sérstaklega til en það eru hafsvæðin utan landhelginnar og þá sérstaklega við Færeyjar og austurströnd Grænlands. Rætt hefur verið við útgerðir og vinnslur á þessum stöðum og ljóst að mikil sóknarfæri eru í því að fá afla af þessum svæðum landað í Þorlákshöfn.

Rannsóknar- og gæsluskip

Mörg stór og sérhæfð skip eru á siglingum um heimsins höf, flest ofan sjávar en einnig neðan sjávar. Það er sammerkt með þessum skipum að þau þurfa aðstöðu í höfnum og mörg hver kalla á mikla þjónustu. Fróðlegt verður að fylgjast með framvindu mála á þessum vettvangi í framtíðinni.

Fjölbreyttari atvinna og þjónusta

Sveitarfélög á Suðurlandi haf lengi, líkt og í öðrum landshlutum, leitast við að laða að fyrirtæki til að fjölga störfum, auka fjölbreytni í atvinnulífinu, bæta íbúaþjónustuna og fjölga íbúum. Efling Þorlákshafnar er stökkpallur sem stuðlað getur að fjölgun fyrirtækja á svæðinu í kring og styrkt þau fyrirtæki sem þar eru fyrir. Aukin umsvif við höfnina og móttaka stærri skipa eykur eftirspurn eftir margskonar þjónustu og fjölbreyttari en nú er. Þjónusta við skemmtiferðaskip styrkir stoðir ferðaþjónustunnar á svæðinu, vöruflutningaskip kalla á þjónustu og bjóða upp á möguleika fyrir fyrirtæki sem gætu nýtt sér fleiri kosti þess sem svæðið býr yfir líkt og þær náttúrulegu auðlindir sem þarna eru; gríðarlegt magn af köldu vatni, heitt vatn og gufa, auk þjónustu í nær- og fjærsamfélagi. Unnið er að nýju skipulagi á hafnarvæðinu og þegar það liggur fyrir verður með markvissum hætti hægt að kynna aðstöðu í Þorlákshöfn fyrir innlendum og erlendum fyrirtækjum og fjárfestum.

Samstarfið við siglingasvið Vegagerðarinnar

Allar hugmyndir að endurbótum hafnarinnar hafa verið bornar undir siglingasvið Vegagerðarinnar og hefur samstarf sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar verið farsælt og gott. Sérfræðingar siglingasviðsins sjá um í hönnun, mælingar, kostnaðaráætlanir og útboð og halda utanum framkvæmdirnar í nánu samstarfi við forsvarsmenn hafnarinnar.

Eins og fram hefur komið er löngu kominn tími á viðhald hafnarmannvirkja í Þorlákshöfn. Þær aðgerðir, sem eru óhjákvæmilegar, eru um 60% af frumáætlun á heildarkostnaði við stækkun hafnarinnar. Með því að horfa fram í tímann og skoða kosti þess að stækka höfnina, ekki einungis fyrir Þorlákshöfn og Ölfusið, heldur líka til hagsbóta og virðisauka fyrir fyrirtæki SV-horni landsins ásamt öllu Suðurlandi, verður að horfa til þeirra margfeldisáhrifa sem aukin umsvif við höfnina munu hafa.

Ekki er horfið frá þeirri framtíðarsýn að byggð verði stórskipahöfn í Þorlákshöfn, en sú stækkun sem hér hefur verið lýst, er lítið skref í þá átt. Þetta litla en mikilvæga skref mun þó strax leiða til mikilla breytinga á þjónustugetu hafnarinnar. Kostnaður verður ekki slíkur að hætta sé á ofpenslu vegna þeirra framkvæmdaáhrifa sem vara meðan á framkvæmdum stendur og er í raun agnarsmár miðað við mörg önnur samgöngumannvirki á landinu.

Háværar raddir hafa heyrst á Suðurlandi um að farið verði í atvinnuskapandi aðgerðir sem nýtist svæðinu beint. Með stækkun hafnarinnar í Þorlákshöfn er stigið mikilvægt skref í þá átt að laða að fyrirtæki og skapa möguleika til atvinnuuppbyggingar fyrir allt Suðurland.

Sérstakar áherslur við gerð fjárhagsáætlunar 2018-2021:

Launakostnaður jókst nokkuð á árinu 2017 frá fyrri árum vegna aukinna umsvifa en í áætlun var gert ráð fyrir því að launaliður myndi hækka sem samsvaraði 75% stöðugildi. Það hefur að mestu gengið eftir í formi aukinnar yfirvinnu starfsmanna. Tekjur árið 2017 voru ekki að fullu í samræmi við áætlun, aflagjöld drógust saman og vörugjaldaaukningin var lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur munu aukast á næstu árum og fyrirséður kostnaðarauki er áætlaður 10% af tekjuaukning á milli ára. Önnur útgjaldaaukning er óveruleg m.v. þær forsendur sem hér fara á eftir.

Áætlaðar heildartekjur árið 2018, 11% aukning milli ára.....	194 m.kr.
Áætlaðar heildartekjur árið 2019, 10% aukning milli ára.....	214 m.kr.
Áætlaðar heildartekjur árið 2020, 10% aukning milli ára.....	235 m.kr.
Áætlaðar heildartekjur árið 2021, 10% aukning milli ára.....	258 m.kr.
Fjárfesting í búnaði árið 2018 (vélar og tæki).....	6 m.kr.
Fjárfesting í aðstöðu árið 2018 (geymsluplön).....	5 m.kr.
Fjárfesting í lóðsbát árið 2019.....	92 m.kr.
Fjárfesting í höfn 2018.....	123 m.kr.
Fjárfesting í höfn 2019.....	125 m.kr.
Fjárfesting í höfn 2020.....	125 m.kr.
Fjárfesting í höfn 2021.....	50 m.kr.

ÞORLÁKSHÖFN – GJALDSKRÁ ÁRIÐ 2018

Virðisaukaskattur leggst á öll gjöld

1. gr. Almenn ákvæði

Gjaldskrá þessi fyrir Þorlákshafnarhöfn er sett samkvæmt heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003 samanber bráðabirgðaákvæði nr. 1.

Gjaldskráin er við það miðuð að Þorlákshafnarhöfn geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafnar samanber 3. gr., 5. tl. hafnalaga.

2. gr. Gjaldtaka tengd stærð skipa

Við ákvörðun hafnargjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttó tonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

Af öllum skipum skal greiða hafnargjöld til Þorlákshafnarhafnar ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

3. gr. Skipagjöld

Lestargjöld:

Af öllum skipum skal greiða lestargjald kr. 14,60 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftari en tvisvar í mánuði.

Bryggjugjöld:

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju skal greiða kr. 8,00 á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið við bryggju.

Lágmarksgjald bátar 20 bt. og stærri kr. 9.270,- á mánuði. Lágmarksgjald bátar 20 bt. og minni kr. 6.210,- á mánuði. Lægsta gjald fyrir hverja komu til hafnarinnar er kr. 4.640,-. Leiga á stæði við flotbryggju kr. 11.400,- á mánuði.

Sérstakir samningar eru gerðir um skipa- og vörugjöld skv. 3. og 6. gr. vegna skipa sem eru í föstum áætlunarsiglingum með vörur og/eða fólk til og frá Þorlákshöfn.

Skútur og skemmtibátar sem koma til hafnar greiði kr. 8.380,- fyrir hverja byrjaða viku. Daggjald verði kr. 1.840,-. Heimilt er að gera sérstaka samninga vegna skúta og skemmtibáta, sem heimahöfn eiga í Þorlákshöfn.

4. gr. Vörugjöld

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi á annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar, innlendrar eða erlendrar, en eru láttnar á land um stundarsakir (transit flutningur) skal greitt eitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem láttnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips skal láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengsskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr

skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp var gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

5. gr. Vörur undanþegnar vörugjaldi

Vörur undanþegnar vörugjaldi eru:

- a) Umbúðir sem endursendar eru, svo sem tómir gámar, fiskkör, tankar o.fl.
- b) Olía vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur frá skipum sem fluttur er til eyðingar.

6. gr. Vörugjaldskrá

Vörugjaldskrá:

1. fl. Gjald kr. 194,- fyrir hvert tonn; vikur, möl og önnur jarðefni.
2. fl.: Gjald kr. 362,- fyrir hvert tonn; bensín, brennsluolíur, laust korn, salt, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
3. fl.: Gjald kr. 578,- fyrir hvert tonn; lýsi, fiskimjöl, þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda, þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjavörur og ávextir.
4. fl.: Gjald kr. 750,- fyrir hvert tonn; aðrar vörur en getið er í 1. fl., 2. fl. og 3. fl.
5. fl.: Gjald 1,55%; sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans, þó aldrei lægra en verð Verðlagsstofu skiptaverðs hverju sinni.
Gjald af frystum afla fiskiskipa 0,80% og eldisfiski 0,80% af heildarverðmæti.
Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu.
Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.
Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.
Þegar afli er fluttur út í gámum, sér sá sem sér um útflutningin um innheimtu aflagjalds og er ábyrgur fyrir því þótt hann vanræki innheimtu þess.
Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

7. gr. Hafnsögugjald

Hver ferð kr. 6,80 fyrir hvert brúttó tonn skips. Lágmarksgjald kr. 9.570,-. Hafnsaga fast gjald fyrir ferð skips kr. 3.770,-.

8. gr. Þjónusta dráttarbáts

Tímagjald fyrir aðstoð dráttarbáts miðast við brúttó stærð skips, kr. 10,30 pr. bt.

Lágmarkstími fyrir aðstoð er 1 klst. Lágmarksgjald dráttarbáts er kr. 43.770,- pr. klst.

Aðstoð við skip og báta:

1. Fyrir báta sem eru undir 100 brl. að stærð.

Grunngjald kr. 166.690,-
Fyrir hverja rúmlest 20-70 brl. kr. 2.970,-
Fyrir hverja rúmlest 71-100 brl. kr. 4.630,-
Að auki greiðist tímagjald fyrir þann tíma sem aðstoðin tekur. Tímagjald er kr. 43.770,-
pr. klst. fyrir báta að 26 brl. hvort heldur er í lausakeyrlu eða drætti. Fyrir báta 26 brl.
og stærri greiðist kr. 43.770,- í lausakeyrlu og kr. 53.160,- fyrir báta í drætti.

2. Fyrir skip 100 brl. og stærri.

Fyrir skip sem eigi komast til hafnar fyrir eigin vélarafli en eru þó ekki í yfirvonandi
hættu, fer um greiðslur eftir samkomulagi frá 16. september 1987 milli Samsteypu
íslenskra fiskiskipatrygginga annars vegar og Landhelgisgæslu Íslands og Landssambands
íslenskra útvegsmanna hins vegar.

Þegar beðið er um aðstoð hafnarbátsins utan dagvinnutíma, skulu reiknaðar minnst tvær
klst. sem leigutími fyrir bátinn.

Allt að fjórir menn eru í áhöfn hafnarbátsins.

Fyrir skip sem eru í yfirvofandi hættu skal þóknun ákveðin af hafnarstjórn hverju sinni.

Dráttarbátur hafnarinnar er í þjónustu og ábyrgð þess skips er þeir aðstoða frá því þeir taka
við fyrirmælum stjórnenda skipsins er aðstoðar nýtur og þar til fyrirmæli eru gefin um að
aðstoð sé lokið.

9. gr. Festargjöld

Festargjald fyrir mann hver afgreiðsla kr. 14.560,- í dagvinnu og í næturvinnu kr. 25.190,-

10. gr. Sorpgjöld og úrgangs- og förgunargjöld

Sorpgjöld: Bátar allt að 10 bt. kr. 1.880,- pr. mánuð. Bátar 10-100 bt. kr. 5.020,- pr. mánuð.
Skip og bátar 100 bt. og stærri kr. 12.020,- pr. mánuð. Hreinsun og akstur með sorp kr.
8.360,-. Hreinsun á bryggju dagvinna kr. 3.820,-.

Úrgangs- og förgunargjöld: Skipstjóri eða eigandi skips sem óskar eftir að láta á land sorp,
farmleifar, olúleifar eða mengandi efni skal óska eftir aðstoð viðurkennds þjónustuaðila,
sem höfnin hefur samþykkt að annist móttöku og förgun á ofangreindum úrgangi frá skipum
á hafnarsvæði hafnarinnar.

Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningalaust skila útfylltu eyðublaði til
hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað er á land.

Skip sem falla utan gr. 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004
skulu greiða þjónustuaðila kostnað vegna móttöku og förgun á úrgangi. Annist höfn móttöku
og förgun á almennum úrgangi skal gjald greitt fyrir þjónustuna samkvæmt grein þessari fyrir
hvern rúmmetra úrgangs. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem
hefur í för með sér kostnaðar umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann
kostnað sem til fellur.

Vegna skipa sem falla undir grein 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33
frá 2004 skulu skip greiða eftirfarandi:

- a. Úrgangsgjald: Við komu skips til hafna skal skip greiða 0,80 kr. á brt. Gjald þetta er til þess
að standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald
samkvæmt þessum lið er kr. 5.210 og hámarksgjald kr. 46.910.
- b. Úrgangsgjald: Gjald skv. staflið a. má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og
starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði

til um borð. Fast gjald verður þá 0,40 kr. á brt. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 5.210 og hámarksgjald kr. 23.450.

- c. Úrgangsgjald: Skip og bátar sem koma oftár en fjórum sinnum til hafnar á almanaksárinu greiða samkvæmt b. lið fyrir fimmtu komu og komur eftir það.
- d. Úrgangsgjald: Skip og bátar sem eru undir 60 metra að lengd, eru ekki hafnsöguskyld og hafa varanlega viðveru í Þorlákshöfn skulu greiða fast mánaðargjald vegna eftirlits og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Mánaðargjaldið skal vera kr. 5.210 á mánuði.
- e. Förgunargjald: Óski skipstjóri eða eigandi skips eftir að tekið verði á móti úrgangi frá skipinu skal hann hafa samband við viðurkenndan móttökuaðila skv. ábendingu hafnarinnar eða óska eftir því að höfnin annist móttöku á úrganginum. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er kr. 10.420 á hvern rúmmetra og að lágmarki er tekið gjald fyrir einn rúmmetra. Kjósi skipstjóri eða eigandi skips að óska eftir þjónustu viðurkennds aðila þá greiðir hann kostnað við þá þjónustu. Skipstjóri og/eða eigandi skips ber ábyrgð á að útfylltu eyðublaði um magn og tegund sorps sé skilað til hafnarinnar, en misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.
- f. Förgunargjald: Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga skulu eftir sem áður greiða fyrir losun sorps og förgun þess ef óskað er eftir þjónustu hafnar eða viðurkennds móttökuaðila.
- g. Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um skil á sorpi eða tilkynningum, skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.

11. gr. Rafmagn

Rafmagnsnotkun hver kWst kr. 15,00. Tengigjald kr. 2.040,-. Útkall, afgreiðsla rafmagns, utan dagvinnutíma kr. 10.010,-. Skilagjald, rafmagnsmælir kr. 52.560,-.

12. gr. Vatnsgjöld

Pr. tonn kalt vatn kr. 253,-, heitt vatn kr. 506,-. Afgreiðslugjald yfirvinna kr. 10.010,-. Fast mánaðargjald skip og bátar allt að 10 bt. 5 tonn vatn, 10 - 100 bt. 15 tonn vatn, 100 bt. og stærri 25 tonn vatn.

13. gr. Vogargjöld

Vogargjald pr. tonn kr. 219,-. Skráningargjald fyrir skráningu í Gaflinn kr. 72,50 pr. tonn. Lágmarksvogargjald kr. 1.370,-. Yfirvinna á hafnarvog pr. klst. kr. 5.010,-.

Opnunartími hafnarinnar er kl. 07:00 – 22:00 á virkum dögum og kl. 10:00 – 16:00 um helgar. Unnin yfirvinna bætist við landanir sem dragast fram yfir opnunartíma hafnarinnar.

Yfirvinnuútkall bætist á landanir sem hefjast utan opnunartíma hafnarinnar.

Útkallskostnaður skiptist milli aðila ef unnið er fyrir fleiri en einn samtímis. Lágmarkstími útkalls er 4 klst., annars til jafns við unnin tíma við löndun.

14. gr. Önnur þjónustugjöld

Kranaleiga hvert skipti kr. 879,-.

Tengigjald akstursbrú kr. 12.640,- pr. skipti.

Leiga fyrir geymslusvæði skal vera eftirfarandi:

Geymsla á malarsvæði kr. 46,- pr. m² á mán.

Geymsla á malbikuðu svæði kr. 98,10 pr. m² á mán.

Geymsla á veiðarfærum á hafnarköntum. Frítt fyrstu vikuna síðan kr. 3.530,- pr. sólarhring.

Geymslugjald fyrir 20 feta gám kr. 2.370,- fyrir hvern byrjaðan mánuð.

Geymslugjald fyrir 40 feta gám kr. 3.490,- fyrir hvern byrjaðan mánuð.
Geymslugjald fyrir 20 feta frystigám pr. mán. kr. 2.370,- + rafmagn.
Geymslugjald fyrir 40 feta frystigám pr. mán. kr. 3.490,- + rafmagn.
Geymslugjald fyrir nætur og troll á geymslusvæði er það sama og pr. 40 feta gám á mánuði.
Krókgámar lokaðir kr. 874,- á rúmmetra á mánuði.
Krókgámar opnir kr. 429,- á rúmmetra á viku.
Krókgámar opnir kr. 1.520,- á rúmmetra á mánuði.
Landgangaleiga kr. 4.390,- á skipti.
Nætur og troll kr. 3.490,- á skipti.

15. gr. Farþegagjald

Farþegagjald skal innheimt af farþegum skemmtibáta, farþegaskipa og annarra skipa sem hafa afnot af hafnaraðstöðu Þorlákshafnarhafnar. Gjaldið er kr. 339,- fyrir hvern farþega.

16. gr. Hafnarverndargjald

Af hverju skipi, sem leggst við verndaða hafnaraðstöðu skal greiða sérstakt öryggisgjald. Gjaldið er kr. 24.960,- á hvert skip. Fyrir öryggisvöktun skal greiða tímagjald kr. 3.820,- fyrir hvern öryggisvörð í dagvinnu og kr. 5.010,- í næturvinnu. Lágmarkstími er 4 klst.

17. gr. Innheimta og greiðsla hafnargjalda

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum verða reiknaðir hæstu lögleyfðu dráttarvextir á skuldina.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra er greiða ber Þorlákshafnarhöfn vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr., 33. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer úr höfn og engin skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt gjöld sín til hafnarinnar.

Vörugjöld af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi. Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Þorlákshafnarhöfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

18. gr. Virðisaukaskattur

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Þorlákshafnarhöfn er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllu gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl., 3. gr. laga nr. 50/1998 um virðisaukaskatt.

19. gr. Gildistaka


Gjaldskráin var samþykkt í hafnarstjórn Þorlákshafnar 6. desember 2017 og staðfest af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 14. desember 2017.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. janúar 2018.

Hjörtur B. Jónsson, hafnarstjóri

43. VATNSVEITA

Þróun reksturs Vatnsveitu



Vatnsveita Þorlákshafnar

Rekstur vatnsveitunar hefur gengið ágætlega þann tíma sem liðinn er af árinu, en þó komu upp nokkrir smávægilegir lekar í dreifikerfinu.

Þegar nýju hraðabreytarnir, sem keyptir voru fyrir dælnar á Hafnarsandi árið 2015, voru komnir upp kom í ljós að spennirinn sem Rarik var með á staðnum var ekki að anna báðum dælunum í einu, fyrst í stað vildi Rarik ekki viðurkenna þetta en fljótlega gerðu þeir það og fóru þá í að skipta honum út. Á meðan verið var að færa tengingarnar á milli ætluðum við að keyra rafstöðina til að halda upp fullum þrýstingi á veitunni, þetta gekk vel í byrjun en eftir ca. klukkutíma drap rafstöðin á sér. Þar sem engin augljós skýring var á þessu fannst okkur rétt að fá viðgerðarmann frá Kletti (sem er umboðsaðili fyrir þá tegund sem við erum með) til að yfirfara vélina og til að finna út hvað hafði gerst, hann fann það út að þegar rafstöðin gekk undir álagi þurfti hún meiri loftskipti í skúrnum en það sem loftræstiristarnar á skúrnum gátu afkastað, það olli því að vélin í rafstöðinni ofhitnaði og drap hún því á sér vegna sjálfvirks öryggis. Þegar rafstöðin var sett upp í sínum tíma hefur loftskiptipörfinn ekki verið rétt metinn og vélinn hefur kannski aldrei gengið í langan tíma undir álagi. Best væri að setja fleirri og stærri ristar á skúrinn, en þetta kenndi okkur alla vega það að ef rafstöðin þarf að ganga verður að fara strax og opna allar hurðar og lúur og fylgjast vel með hitanum í skúrnum.

Við höfum lent í vandræðum með hraðabreytarna, en þeir hafa bilað og jafnvel eyðilagst. En von er á því að það verði komið í lag fyrir áramót.

Eins og áður hefur verið talað um grunar okkur að í kerfinu sé töluverður leki sem ekki hefur tekist að staðsetja enn, ca. 10 – 20 l/sek. Til að reyna að staðsetja lekan fengum við Sigurberg Brynjólfsson til að fara með okkur í lekaleit (sjá meðfylgjandi minnisblað) og eftir það töldum við okkur geta minnkað svæðið sem liggur helst undir grun, núna höldum við að

lekinn sé í norðurenda Hafnarskeiðs, en til stendur að fara í frekari tilraunir til að reyna að staðfesta það og staðsetja hann vonandi betur, þá ætlum við að vera um nótt þegar notkunin er í lámarki.

Að okkur vitandi hefur ekki farið fram nein úttekt eða könnun á því hvað hægt er að afhenda mikið magn í gegnum núverandi lagnakerfi, en Efla á Selfossi er aðeins byrjuð á að setja lagnakerfi bæjarins upp í einhverju tölvuforriti sem á að geta sagt okkur hvað eðlileg notkun ætti að vera á hverju svæði miðað við íbúafjölda hvers svæðis og hver hámarks afköst eru á hverju svæði, á iðnaðarsvæðinu er þetta kannski erfiðara því þar fer notkunnin eftir því hvaða starfsemi er í fyrirtækjunum, en upplýsingar um notkunnarsöguna ætti að vera hægt að lesa út úr mælaaflestrinum því að í flestum fyrirtækjum er rennslismælir, flestir þessara mæla eru ornir gamlir og tærðir og því er nauðsynnlegt að setja upp áætlun og vinnureglur um endurnýjun þeirra, skipta þarf um 4 – 5 á ári næstu ár og síðan að endurnýja eða alla vega yfirfara (lögilda) þá á td. 10 ára fresti. Samhliða notkunnargreiningunni eru við með aðstoð Eflu, að reyna að uppfæra teikningar af lagnakerfinu, en í gegn um tíðina hefur verið farið í ýmsar framkvædir og breytingar og margar af þeim hafa ekki skilað sér inn í teikningargrunnin sem haldið er utan um í Granna, en þessi vana er tímafrek og kostnaðarsöm.

Svigrúm til að afhenda meira magn er mjög lítið hjá veitunni, eins og áður hefur verið tíundað, því er nauðsynlegt að taka þá umræðu hvernig uppbyggingu veitunar á að vera háttað, ætlum við að færa vatnsbólið á Hafnarsandi, eins og Aðalskiplagið gerir ráð fyrir og þá hvenær, setja þarf þá fjármuni í undirbúning að því. Eins þarf að ræða hvort stefnan sé að hætta vatnstöku í Unubakkanum, því einhverjir gætu gagnrínt það að vendarsvæðið í kringum borholuna er lítið og að alveg við hliðina sé verið að geyma fullt af bílhræjum sem olíur og geymasýra getur lekið úr og þá mengað jarðveginn stutt frá vatnstökunni. Eins og staðan er í dag getum við alls ekki misst dæluna í Unubakka út því dælurnar á Hafnarsandi ganga alltaf á nánast fullum afköstum og hafa rétt svo við á nóttunni og alls ekki á daginn.

Ef eitthvað nýtt fyrirtæki sem þarf að nota mikið magn af köldu vatni vildi setja upp starfsemi sína hér í Þorlákshöfn hefði samband yrðum við í vandræðum því við gætum ekki tryggt afhendingu vatns nema að ráðist yrði í stórar og kostnaðarsamar framkvæmdir, eins og að bora nýjar vatnstökuholur og fjölga dælum eða láta okkur detta eitthvað annað í hug.

Það þarf að bora eftir vatni við golfvöllinn. Það verður að setja dæluskúr og kaupa dælu. Það var komið tilboð frá Ræktó í borun og fóðrun.

Vatnsveitan Berglind

Eins og undanfarin ár hefur rekstur á Berglindi gengið stóráfallalaust en því miður hefur okkur ekki tekist að fara í þær nauðsynlegu úrbætur sem fyrirhugaðar voru þar, eins og að kaupa varadælu, mála og laga dæluhúsið að innan til að hægt sé að uppfylla hreinlætiskröfur. Við höfum ekki viljað ráða verktaka í verkið ennþá bæði af því að það yrði mun dýrara en fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir og hins vegar að ef þær hugmyndir sem núna eru í skoðun um að virkja nýtt vatnsból t.d. við Ölfusborgir og koma með rennsli inn á kerfið þeim megin frá verða ofan á, þá væri hægt að aftengja dæluna undir Ingólfsfjalli til að vinna að endurbótum án þess að nokkur yrði vatnslaus. Ef þetta verður gert minnkar þörfin fyrir sverun lagna á vestur hluta svæðissins sem Berglind þjónar og ef hækkun yrði á þrýstingi í Berglindi um leið væri verið að mæta auknum þörfum á neysluvatni og uppfylla skyldur um

að skaffa slökkvivatn á svæði Berglindar en þar hefur verið mikil uppbygging og frekari uppbygging er fyrirhuguð.

Eftir borun fyrir nýrri lind á svæðinu ofan við Ölfusborgir sem tókst vel, er komið að framkvæmdum að byggja yfir borholuna og virkja hana inn á kerfið. Í gögnum Orkustofnunar ber nýja holan heitið ÖG-03. Borðaðar voru tvær skáholur, ÖB-01 og ÖB-02 með 45° halla.

ÖB-01 var boruð niður á 52 m og ÖB-02 niður á 55 m. Vatnsleiðnisprungan fannst í ÖB-02 og var þá ÖB-03 boruð lóðrétt ofan í hana dagana 14. og 15. ágúst 2017. ÖB-03 er 28,5 m djúpt og er fóðruð með 7 7/8" stálröri niður í 12 m dýpi. Á 15 m dýpi var komið í mikið vatn í holunni og töluvert hrundi úr holuveggjum allt niður á 20 m dýpi en þar harðnar bergið. Á um 22-24 m dýpi er aftur laust berg og vel vatnsgefið en þar neðan við hart berg og þétt. Borun var hætt á 28,5 m dýpi þar sem mikið vatn var komið í holuna og erfitt að bora áfram. Prufun á holunni gaf meira en 25 L/s rennsli úr holunni og er það mikið vatnsmagn og ekki talin þörf á að gera sérstaka dæluprófun þar sem afkastagetan var metin langt umfram vatnsþörf á veitusvæðinu. Innrennslið í holuna er fyrst og fremst á 15-20 m dýpi og stendur holan í 28 m. Hitamæling var gerð í holunni 21. ágúst 2017 og sýnir mælingin að vatnið liggur rétt undir 5 °C á 28 m dýpi og upp að 12 m og fer þá í um 5,5 °C á 6 m dýpi og er kalt og svalandi.

Hús yfir borholuna. Sigurður Jakobsson tæknifræðingur, fyrirtækið Bölta ehf, hannaði hús yfir borholu Hveragerðisbæjar sem er yfir hliðstæða holu. Tilboð frá Sigurði í hönnun er um 200 þúsund plús virðisauki, eða 248 þúsund með virðisauka. Virðisauki af hönnun er endurgreiddur.

Heimtaug á rafmagni frá RARIK að húsinu. Mælt er með streng 3x100A sem kostar 682.900,- með Vsk.

Bygging á húsnæði. Garpar ehf sem unnu fyrir Hveragerðisbæ að byggja yfir borholuna eftir teikningum frá Bölta ehf, hafa gert tilboð í byggingu á húsinu og frágangi á landi umhverfis húsið. Verkið tekur til að steypa sökkla og gólfplötu. Steypa upp þrjá veggi. Framhliðin, hurðarhliðin er úr timbri. Þak er hífanlegt af húsinu svo hægt sé að koma fyrir dælunni. Niðurfall er í gólfi. Raf- og vatnlangir teknar upp úr gólfplötu. Allur frágangur umhverfis húsið er innifalinn í verkinu.

Jarðvinna undir og kring um húsið. Koma fyrir lögnum sem er að koma rafstreng RARIK inn í húsið, gera fráveitu frá húsinu að siturbeði og tengingu á vatnsveitunni úr húsinu. (Smíða þarf þessa tengingu hjá Set svo hægt sé að koma henni fyrir og er verð á tengingunni ekki innifalið í tilboðinu).



53. ÍBÚÐIR ELDRI BORGARA

Eignir sem falla undir íbúðir eldri borgara

Eftirtaldar íbúðir heyra undir stofnunina og eru skráðar á Egilsbraut 9.

Hús	Stærð	Byggingarár
Egilsbraut 9	73,9	2001
Egilsbraut 9	67,6	1988
Egilsbraut 9	62,0	1988
Egilsbraut 9	62,0	1988
Egilsbraut 9	67,6	1988
Egilsbraut 9	75,7	1988
Egilsbraut 9	64,1	1988
Egilsbraut 9	64,1	1988
Egilsbraut 9	75,7	1988
Egilsbraut 9	62,8	2001

Í árslok 2013 samþykkti bæjarstjórn nýjar reglur um úthlutun íbúða á Egilsbraut 9, samkvæmt tillögu forstöðumanns Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Samkvæmt reglunum verða íbúðir leigðar út í framtíðinni án greiðslu búseturéttar. Búseturéttir sem þegar hafa verið greiddir munu verða greiddir út þegar viðkomandi íbúar skila inn sinni íbúð.

Markmið með úthlutun íbúðanna er að koma til móts við þarfir aldraðra/öryrkja íbúa í Sveitarfélaginu Ölfusi sem sökum félagslegra- og heilsufarslegra aðstæðna geta ekki búið áfram og séð um sig sjálfa í eigin húsnæði. Íbúðunum er ætlað að vera hentugur búsetukostur þar sem einstaklingar geta haldið eigið heimili sem lengst við sem bestar aðstæður.

Bætt þjónusta við eldri borgara


Sveitarfélagið í góðu samstarfi við Höfn hollvinasamtök og Félag eldri borgara í Ölfusi hafa undangengin misseri reynt að fá velferðarráðuneytið í samvinnu við það að koma á aukinni þjónustu við eldri borgara í Ölfusi. Það liggur fyrir að hægt að hægt er að byggja á þeim grunni sem Níán er, efla þjónustuna þar enn frekar og er þá verið að horfa til þess að komið verði á sólarhringsvakt fyrir íbúa Níunnar en þar fer nú fram margvísleg þjónusta fyrir eldri borgara. Sveitarfélagið með verulega útvíkkaða heimaþjónustu þar sem boðið er uppá kvöld og helgarþjónustu svo segja má að þegar sé búið að stíga skref inn á það þjónustustig sem ríki ber að veita. Ráðuneytið hefur verið að leita leiða til að „draga úr þörf“ fyrir hjúkrunarrými en með aukinni þjónustu á Níunni má seinka för nokkuð margra einstaklinga á hjúkrunarheimili og eins og lífandi dæmi sanna.

Formlegt erindi var sent ráðuneytinu á vormánuðum árið 2014 þar sem óskað var eftir samvinnu við að leita óhefðbundinna leiða við bættu þjónustu sem byggð yrði á þeim grunni sem til staðar er hér og finnst óvíska um landið. Höfnun á erindið barst sl. haust, rúmu ári

eftir að það var sent, reyndar eftir ítrekanir og fundi í ráðuneytinu. Þrátt fyrir það standa vonir til að hægt verði að taka þráðinn upp að nýju á nýju ári en þingmenn Suðurkjördæmis hafa stutt málaleitan okkar með dyggum hætti og vonandi ber það ávöxt. Eitt hænuskref í rétta átt var tekið þegar heilbrigðisráðherra úthlutaði Heilbrigðisstofnun Suðurlands 15 m.kr. til eflingar heimahjúkrunar í Sveitarfélaginu Ölfusi. Ekki er komin niðurstaða í það hvernig þessu fjármagni verði úthlutað en ljóst má vera að það er eingöngu til undirbúnings ef ekki er að vænta árlegrar greiðslu. Síðan sveitarfélaginu var ánöfnuð þessi fjárhæð að hausti 2016 höfum við gengið í gegnum tvær kosningar til Alþingis og jafn oft verið skipt um ráðherra málaflokksins. Þess er að vænta að fundur fái st með ráðherra vegna verkefnisins á næstu vikum.

Nú er í undirbúningi hjá sveitarfélaginu úttekt á þörf fyrir þjónustuíbúðir fyrir aldraða sem tengjast myndu Níunni og þeim félagslegu íbúðum sem þar eru reknar af sveitarfélaginu í dag. Gert er ráð fyrir því að öll hönnun vegna þessa verkefnis fari fram á árinu 2018 og að hafist verði handa við uppbyggingu á árinu 2019 sem klárast árið 2020. Gert er ráð dagdvöl í nýrri byggingu auk nýrra öryggisíbúða fyrir eldri borgara.

Þróun reksturs Íbúða aldraðra



55. UPPGRÆÐSLUSJÓÐUR

Uppgræðsluverkefni í Sveitarfélaginu Ölfusi

Síðari umræða um samþykktir um framtíðarfyrirkomulag við styrkveitingar til uppgræðsluverkefna í Sveitarfélaginu Ölfusi og úthlutunarreglur var tekin fyrir á fundi bæjarstjórnar 19. júní 2014 – fyrri umræða hafði farið fram á fundi bæjarstjórnar 23. maí 2014 þar sem Uppgræðslusjóður Ölfuss var formlega lagður niður.

Megin inntak samþykktanna er samþykki bæjarstjórnar fyrir því að verja á næstu 15 árum sambærilegu fjármagni ár hvert til uppgræðslu- og skógræktarverkefna og gert var á forsendum Uppgræðslusjóðs Ölfuss. Tilgangurinn er að efla uppgræðslu innan Sveitarfélagsins Ölfuss. Styrkveitingarnar munu fara fram í gegnum uppgræðslusjóðinn þar til hann hefur að fullu verið afskrifaður.

Samþykktir vegna uppgræðsluverkefna í Sveitarfélaginu Ölfusi

1. gr. Með tilvísun í 5. gr. samþykktar fyrir Uppgræðslusjóð Ölfuss, sem staðfestar voru af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 2. apríl 2014, ákveður bæjarstjórn að leggja niður Uppgræðslusjóð Ölfuss og ráðstafa því fjármagni sem honum tilheyrði til annarra verkefna hjá Sveitarfélaginu Ölfusi án skilyrða.
2. gr. Bæjarstjórn samþykkir að verja á næstu 15 árum sambærilegu fjármagni ár hvert til uppgræðslu- og skógræktarverkefna og gert var á forsendum Uppgræðslusjóðs Ölfuss. Miða skal þá fjárhæð sem ráðstafað er til slíkra verkefna í fjárhagsáætlun fyrir komandi ár við ígildi ársávöxtunar 75 m.kr. höfuðstóls. Þau vaxtakjör sem miðað skal við eru uppgefnir ársvextir á óverðtryggðum sparireikningi sem sveitarfélaginu býðst með binditíma til 12 mánaða hjá viðskiptabanka þess, á þeim tíma sem fjárhagsáætlun fyrir næsta ár er staðfest.
3. gr. Tilgangur þessarar samþykktar er að efla uppgræðslu innan Sveitarfélagsins Ölfuss. Haft verður í huga við mat á umsóknum vegna slíkra verkefna, að markmið viðkomandi verkefnis sé það að landið verði grætt með varanlegum hætti og að unnið verði gegn losun gróðurhúsalofttegunda.
4. gr. Ár hvert, fyrst árið 2015, skal skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd (SBU) Sveitarfélagsins Ölfuss auglýsa styrki til úthlutunar, að lágmarki tveimur vikum fyrir lok umsóknarfrests. Umsóknarfrestur er til 1. mars ár hvert og skal umsóknum skilað inn á þar til gerðum umsóknareyðublöðum. Með umsókninni skal fylgja greinagóð lýsing á verkefninu með verkáætlun, tímaáætlun og kostnaðaráætlun.
5. gr. Hlutfall styrkja getur numið allt að 2/3 af áætluðum heildarkostnaði, þ.e. kostnaði við vinnu, tæki og kaup á aðföngum, við það verk sem sótt er um styrk fyrir en þó aldrei meira en sem nemur 10% þess fjár sem til úthlutunar er hverju sinni skv. 2. gr. SBU metur umsóknir og úthlutar styrkjum og skal úthlutun styrkja vera lokið fyrir lok apríl mánaðar. Styrkjum er úthlutað að verki loknu en heimilt er að greiða út styrkfjárhæð eftir framgangi verks.
6. gr. Að verkefni loknu skal viðkomandi styrkþegi gera SBU grein fyrir ráðstöfun fjárins og árangri verkefnisins.
7. gr. Sveitarfélagið Ölfus áskilur sér rétt til að skýra opinberlega frá viðkomandi verkefni, stuðningi sveitarfélagsins og árangri verksins, en að öðru leyti eignast Sveitarfélagið Ölfus engan rétt vegna styrkveitingarinnar.

Úthlutunarreglur vegna uppgræðsluverkefna í Sveitarfélaginu Ölfusi

Við ákvarðanir um styrkveitingu vegna uppgræðsluverkefna ber að taka mið af framkvæmdaáætlun þar sem landbótaverkefnum í sveitarfélaginu hefur verið raðað í forgangsröð.

Við röðun verkefna í forgang ber að taka mið af hagsmunum íbúa sveitarfélagsins, þ.e. með hvaða landbótaverkefnum má helst stuðla að auknum lífsgæðum íbúanna og auknum land- og vatnsgæðum í sveitarfélaginu.

Styrkir

Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd Ölfuss (SBU), sem fer með úthlutun styrkja til landbóta, er heimilt að veita landeigendum, Sveitarfélaginu Ölfusi, félagasamtökum og öðrum umráðahöfum lands, styrki til landbótaverkefna. Einnig er heimilt aðstyrkja einstaklinga og hópa sem tekið hafa að sér umsjón afmarkaðs landsvæðis til uppgræðslu eða skógræktar. Upphæð styrks getur numið allt að 2/3 hluta kostnaðar við vinnu, tæki og kaup á aðföngum, en þó ekki meiru en sem nemur 10% þess fjár sem til úthlutunar er hverju sinni.

Ábyrgð

Þau verkefni sem styrkt eru verða undir forsjá og á ábyrgð styrkþega og eru þeir framkvæmdaaðilar. Skipulags- og byggingarfulltrúi sveitarfélagsins Ölfuss mun hafa eftirlit með þeim verkefnum sem styrkt eru, fylgjast með framvindu og meta árangur.

Umsóknir

Auglýst er árlega eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Auglýsing skal birtast fyrir 15. febrúar og er umsóknarfrestur til 1. mars. Umsækjendum ber að fylla út umsóknareyðublað en umsóknum verða að fylgja eftirfarandi upplýsingar:

- Nafn og heimili umsækjanda.
- Kennitala og bankareikningur umsækjanda.
- Ábyrgðarmaður verkefnisins.
- Heiti verkefnis og staðsetning.
- Lýsing á verkefni; markmið, aðgerðir, tímaáætlun, kostnaður.
- Upplýsingar um mótframlög og aðra styrki.
- Landgræðslu- og landnýtingaráætlun, hafi hún verið gerð.
- Að umsækjandi sýni fram á getu sína til að vinna verkefnið.

Styrkhæf verkefni

Við ákvörðun um styrkveitingar er einkum lögð áhersla á:

- Að fyrir liggi framkvæmda- og kostnaðaráætlun vegna þess verkefnis sem styrkumsókn lýtur að.
- Landbætur sem stuðla að auknum lífsgæðum íbúa sveitarfélagsins.
- Stöðvun hraðfara jarðvegsrofs og gróðureyðingar.
- Endurheimt gróðurs og jarðvegs.
- Verkefni sem stuðla að auknum land- og vatnsgæðum í sveitarfélaginu.
- Að landnýting verði sjálfbær eins og kostur er.
- Bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi.

Einstök verkefni geta hlotið vilyrði um styrk til allt að þriggja ára, enda fylgi umsókn tímasett kostnaðar- og verkáætlun. Styrkþegi þarf að skila áfangaskýrslu og endurskoðaðri áætlun í lok hvers árs á styrktímabilinu til að mögulega verði um framhald á styrkveitingum að ræða.

Forgangsröðun umsókna

Við forgangsröðun umsókna er áskilið að verkefni falli að áherslum, markmiðum og forgangsröðun Sveitarfélagsins Ölfuss. Við forgangsröðun umsókna ber að líta til eftirtalinnna atriða:

- Að unnin hafi verið framkvæmdaáætlun fyrir aðgerðarsvæðið.
- Að markmið verkefnis sé skýrt og nákvæm grein gerð fyrir landinu sem vinna skal á.
- Að kostnaðaráætlun sé greinargóð og að í henni komi fram upphæð mótframlaga.

Landbótaverkefni sem vegna legu sinnar eru óaðgengileg, geta fengið hærri styrk en reglur þessar kveða á um, leiði það til styttri verktíma og betri nýtingar fjármuna.

Vinnsla umsókna

SBU fer yfir umsóknir og úthlutar árlega styrkjum úr sjóðnum fyrir 1. apríl ár hvert. Nefndin getur leitað eftir umsögn fagaðila um einstök verkefni, telji hún þess þörf.

Greiðsla styrks

Þeir styrkþegar sem þess óska, geta fengið helming styrks greiddan þegar staðfesting liggur fyrir um að verkefnið sé hafið. Eftirstöðvar eru greiddar þegar fyrir liggur vitneskja skipulags- og byggingarfulltrúa í Ölfusi um að verkinu eða umsömdum áfanga sé lokið. Ef styrks sem veittur er á árinu er ekki vitjað, skilyrði fyrir veitingu hans ekki uppfyllt fyrir lok árs, fellur styrkveitingin niður. Hafi verkefni verið hafið en því ekki að fullu lokið á árinu, er heimilt að fresta lokagreiðslu til næsta árs hafi styrkþegi þá lokið verkefninu.

57. FÉLAGSLEGAR ÍBÚÐIR

Almennt um íbúðir

Samkvæmt bókhaldsmálum, er hver fasteign með sjálfstæðan fjárhag er nær til viðhalds og nýbyggingar. Þær íbúðir sem sveitarfélagið á eru frekar gamlar og kalla á mikið viðhald. Þær íbúðir sem eru í stærri fjölbýlum, eins og í Sambyggð eru ekki margar. Í Sambyggð 6 á sveitarfélagið eina íbúð á 3. hæð. Í Sambyggð 8 á sveitarfélagið tvær íbúðir á fyrstu og annarri hæð.


Fram hefur komið á húsfundum fyrir Sambyggð 6 og 8, að miklar framkvæmdir þurfi í viðhaldi hússins að utan, þak, gluggar, svalir og múrverk eða að klæða húsið að utan. Einnig er viðhald að innan s.s. endurnýjun á lagnakerfinu í húsinu.

Endurnýjun vatnsveitu í elsta hluta Þorlákshafnar			15.000	15.000	30.000
Samtals 43	55.000	10.000	17.500	7.500	90.000
53 - Íbúðir eldri borgara					
Níán, þjónustuíbúðir fyrir aldraða	15.000	150.000	150.000		315.000
Samtals 53	0	0	0		0
57 - Félagslegar íbúðir					
Samtals 57	0	0	0		0

61 - Fráveita					
Lenging á útrás fráveitu/nýtt fráveituhús	5.000				5.000
Fráveita Vesturbakki-Ölfusbraut		38.000			38.000
Fráveita Víkurbraut	40.000				40.000
Endurnýju fráveitu í elsta hluta Þorlákshafnar			40.000	40.000	80.000
Samtals 61	45.000	38.000	40.000	40.000	163.000
Alls fjárfesting	603.030	772.250	463.250	160.500	1.999.030

* Málaflokkar 04-13 falla undir efnahag Eignasjóðs 32 í ársreikningi

SKÝRINGAR FJÁRFESTINGA

02 – Félagspjónusta

Stofnframlag vegna almennra íbúða

Bjarg íbúðafélag hses hefur sótt um stofnframlag til sveitarfélagsins til byggingar 13 almennra leiguíbúða í Þorlákshöfn. Bæjarstjórn hefur samþykkt stofnframlag að fjárhæð 37 m.kr. fyrir sitt leyti.

04 – Fræðslumál

Leikskólinn Bergheimar

Aldursinntökuviðmið í Leikskólann Bergheima verða færð niður í 18 mánuði úr 24 mánaða aldri þegar endurbótum á elsta hluta leikskólans er lokið. Endurbæturnar hófust árið 2017 og lýkur á vormánuðum 2018.

Nauðsynlegar endurbætur á þaki á byggingarinnar frá 1998 en rakaskemmdir eru í þakefninu. Fyrirhugað var að vinna við endurnýjun á þakinu með endurbótum á elsta hluta skólans en þar sem sú vinna er í gangi núna er best að fresta þessari framkvæmd fram á sumar þar sem það verður að vinna þetta á sumarleyfistíma leikskólans.

Leikskólar í Hveragerði

Lokauppgjör vegna nýs leikskóla að Þelamörk 62 í Hveragerði, Undralandi. Eignarhlutur Hveragerðis er 91% og Sveitarfélagsins Ölfuss 9% sbr. samning sveitarfélaganna um uppbyggingu og rekstur leikskólamannvirkja í Hveragerði sem gerður var á árinu 2015.

Sala eigna í Hveragerði

Fyrirhugað er að selja eign í Hveragerði árið 2018 sem hýst hefur skólasel. Eftir að nýi leikskólinn Undraland var tekinn í notkun var gamla Undraland tekið undir skólasel.

FSU verknámshús

Hlutur Ölfuss vegna byggingar verknámshús (Hamar) við FSU.

06 – Æskulýðs- og íþróttamál

Stækkun og endurbætur á íþróttahúsi

Lengi hefur verið talað um að byggja við íþróttahúsið fimleikaaðstöðu en eftirtektarverður árangur hefur náðst í fimleikum í Þorlákshöfn á síðustu árum. Frjálsar íþróttir hafa verið í miklum vexti síðustu ár og góður árangur hefur náðst. Mögulega er hægt að hanna hús sem einnig hentar þeirri grein samhliða. Þá hefur einnig verið bent á að áhaldageymslur séu engar í íþróttahúsinu. Samhliða verða áhorfendapallar í húsinu endurnýjaðir, bætt við 8 körfum í húsið til að auka nýtingu til framtíðar, lýsing hússins endurhönnuð og nútímavædd með orkusparandi búnaði og fullkomin loftræsing sett upp. Áætlaður kostnaður við slíka framkvæmd, þ.e. af því gefnu að húsið sé um 500 m² að stærð er um 200 m.kr. með nauðsynlegum búnaði. Gert er ráð fyrir því að hönnun ljúki fyrir árslok 2017 og vonir standa til að framkvæmdir verði kláraðar fyrir Unglingalandsmót árið 2018.

Knattspyrnuvelli

Hérna er áætlað m.a. að byggja pall við húsið við æfingavellina og setja upp tímatökuskúr við frjálsíþróttabrautina á Þorláksvelli.

Strandblakvöllur

Mikill áhugi hefur verið hjá ungu fólki á því að koma upp strandblakvelli í Þorlákshöfn enda er um vaxandi íþrótt og afþreyingu að ræða. Unnið er að gerð tveggja valla við Þorláksvöll. Framkvæmdir hófust árið 2017 með jarðvegsskiptum og mótun svæðis og verða kláraðar með sandi og búnaði árið 2018 fyrir Unglingalandsmót.

Frisbíggolfvöllur

Frisbíggolf er vinsæl íþrótt hjá öllum aldurshópum og hefur undanfarin ár verið ein vinsælli greina á Unglingalandsmótum. Í Þorlákshöfn verður settur upp völlur fyrir Unglingalandsmótið 2018 og hefur honum verið valinn staður á hverfisverndarsvæði neðan við Níuna við Egilsbraut.

Aðstaða á tjaldsvæði

Aðsókn að tjaldsvæðinu hefur aukist mikið á síðustu árum. Salernisaðstaðan er sprungin og var ætlunin að bæta við nýju salernishúsi sumarið 2017. Vegna óviðráðanlegra orsaka var ekki hægt að afhenda sveitarfélaginu húsið sem pantað hafði verið. Húsið er í smíðum og verður sett upp vorið 2018.

Það eru ýmis önnur verkefni sem rætt hefur verið um í tengslum við tjaldsvæðið á síðustu árum og reynt verður að ýta áfram ef fjármagn leyfir. Rætt hefur verið um að setja upp upplýsingaskilti um sveitarfélagið, s.s. gönguleiðir innan bæjar og lengri gönguleiðir. Kostnaður við upplýsingaskilti er áætlaður 500 þús. kr., hönnun og uppsetning.

Auka þarf gróður á svæðinu til skjólmyndunar. Hugsanlega þarf að setja niður grindverk á meðan plönturnar eru að vaxa úr grasi.

Golfvöllur

Sveitarfélagið á golfvöllinn í Þorlákshöfn en hann hefur notið vaxandi vinsælda á síðustu árum. Stjórn golfklúbbsins hefur unnið ötullega að breytingum og bætingu á vellinum á undanförum árum. M.a. hafa verið lagðar af brautir sem erfitt var að viðhalda vegna ágangs sands og eins hafa verið gerðar breytingar á vallarhringnum. Árin 2018 og 2019 verður áhersla lögð á að bæta vökvunarkerfi vallarins.

Heitir pottar við sundlaug

Útboðsgögn og verklýsing lá fyrir í nóvember 2017. Farið verður í verðkönnun hjá völdum verktökum og verklok verða fyrir sumar 2018.

Leiksvæði

Hérna eru eignfærð dýrari tæki á leiksvæði í Þorlákshöfn. Einnig verður hérna færður stofnkostnaður við nýtt leiksvæði í Búðahverfi sem ætlað er að klára árið 2018. Það þarf að hanna og bjóða út verkið í vetur og vinna það í sumar. Ætlunin er að setja upp aðgengilegt og hagkvæmt grenndarleiksvæði því svæðið er í mikilli nálægð við leikskólalóðina.

08 – Hreinlætismál

Móttöku- og flokkunarstöð

Miklar kröfur eru frá íbúum og Heilbrigðiseftirlitinu um úrbætur á móttöku- og flokkunarstöð í Þorlákshöfn. Svæðinu verður fundin staðsetning hið fyrsta og hafist verður framkvæmda um leið og hönnun liggur fyrir. Þarfagreining og hönnun verður unnin í samvinnu við þann aðila sem þjónustar sveitarfélagið með sorphirðu. Verkefnið hefur verið í hönnunarferli á árinu 2017 en gert er ráð fyrir að bjóða út framkvæmdir í byrjun árs 2018 og klára það fyrir haust 2018.

10 – Umferðar- og samgöngumál

Öryggismyndavélar:

Til umræðu hefur verið að setja upp öryggismyndavélar við innkeyrslu í Þorlákshöfn, sem hefðu bæði fælingarmátt á óæskilega umferð í bæinn og nýst gætu lögreglu til rannsókna en lögreglustjóri mælir með uppsetningu slíkra véla. Einnig hefur verið rætt um að setja upp myndavélar við stofnanir sveitarfélagsins og hafa þær tengdar í miðlægu kerfi, s.s. höfn, grunnskóla, leikskóla, ráðhús og e.t.v. fleiri staði því borið hefur á skemmdarverkum á eignum sveitarfélagsins. Stefnt er að því að gera þetta samhliða myndavélavæðingu á nýju móttöku- og flokkunarsvæði. Upphaflega var áætlað að framkvæmda þetta árið 2017 en tekin var ákvörðun um það að fresta verkefninu til ársins 2018. Eftirlitsmyndavélakerfið í sundlauginni er ónýtt og verður að endurnýja það fyrir sumarið 2018.

Gatnagerð í Búðahverfi

Gert er ráð fyrir því Búðahverfi byggist að fullu fyrir árslok 2021. Gatnagerð, þ.m.t. gangstéttar, stígar og leiksvæði, er að miklu leyti lokið en þó vantar nokkuð uppá að klára hverfið að fullu. Áætlað er að það sem út af stendur verði klárað í áföngum á næstu tveimur árum.

Gatnagerð Víkurbraut:

Gert er ráð fyrir yfirborðsfrágangi á um 150 m. löngum kafla að lóð nr. 1 við Víkurbraut en þessi götuhluti hefur þegar verið byggður upp en það vantar efra burðarlag og bundið slitlag. Hérna erum að ræða um 900 m² og áætlaður kostnaður við það er um 10 m.kr.

Ef áform um úthlutun lóða við Víkurbraut ganga eftir þá þarf að fara í verulega gatnagerð í hverfinu en stefnt er að því að taka þá framkvæmd í áföngum, þ.e. eftir úthlutun lóða. Gerður verður viðauki við fjárhagsáætlun þegar sýnt er að til framkvæmdar muni koma. Skv. skipulagi er gata samsíða Suðurstrandarvegi um 540 m. og ný aðkeyrsla um 100 m. eða samtals um 640 m. Gata innan hverfisins, þ.e. til viðbótar því áður er upp talið er um 750 m. auk þess sem gera þarf ráð fyrir lögn fyrir regnvatn í þúkk vestur fyrir hverfið. Alls er því hér um 1.350 m. að ræða auk regnvatnslagnarinnar. Áætlað kostnaðarverð pr. m² í götu með öllum lögnum er um 30.500 kr. og hér er um að ræða um 8.400 m² og áætlaður kostnaður því 256 m.kr.

Gatnagerð Sambyggð:

Á skipulagi eru fjórar óbyggðar fjölbýlishúsaloðir við Sambyggð og hugmyndir eru um að bæta við þeirri fimmtu. Þegar er búið að úthluta þremur þessara lóða og ekki er við öðru að búast en að framkvæmdir hefjist árið 2018. Um er annars vegar að ræða u.þ.b. 100 m. botnlanga og bílastæði við Sambyggð 14a og 14b og hins vegar u.þ.b. 100 m. tengingu milli Sambyggðar og Ölfusbrautar og bílastæði við Sambyggð 18 og 20. Gatnagerðin, götulýsing og gagnstéttar er á ábyrgð sveitarfélagsins en bílastæðin á ábyrgð lóðarhafa. Áætlaður heildarkostnaður við það sem að sveitarfélaginu snýr er 37 m.kr. og skiptist í jöfnum hlutföllum á árin 2018 og 2019.

Ekki er tekið tillit til gatnagerðargjalda í þessum áætluðu tölum en gera má ráð fyrir um 50 m.kr. fyrir þær fjórar lóðir sem eru á skipulagi og ef sú fimmta bætist við gæti gjald fyrir hana numið allt að 7 m.kr.

Gatnagerð norðan Norðurbyggðar (Norðurhraun):

Fyrirhugað er að skipta framkvæmdinni við nýtt íbúðahverfi norðan Norðurbyggðar upp í tvo áfanga. Fyrri áfangi snýr að 25 íbúðum á 9 par- og raðhúsaloðum syðst í skipulögðu hverfi næst Norðurbyggð. Áætlaður kostnaður gatna með öllum veitum og yfirborðsfrágangi, s.s. gangstéttum er 122 m.kr. Hér á svo eftir að taka tillit til tekna vegna gatnagerðar- og tengigjalda sem áætluð eru í heild fyrir áfangann 51,4 m.kr. Áfangi 2, norðurhluti hverfisins, gerir ráð fyrir 32 íbúðum á 9 einbýlishúsaloðum, 8 parhúsaloðum auk raðhúsaloða, þ.e. einni lóð með þremur íbúðum og eini lóð með fjórum íbúðum. Hérna má velta því upp hvort fækka megi einbýlishúsaloðum og breyta þeim í raðhúsaloðir. Áætlaður

kostnaður gatna með öllum veitum og yfirborðsfrágangi, s.s. gangstéttum er 116,5 m.kr. Hér á svo eftir að taka tillit til tekna vegna gatnagerðar- og tengigjalda sem áætluð eru í heild fyrir áfangann 79,7 m.kr. Skýringin á þessum mun á milli áfanga 1 og 2 í kostnaði og tekjum er meiri gatnagerð í áfanga 1 á móti fleiri lóðum í áfanga 2. Göngustígar innan hverfis, þ.e. gönguleiðir meðfram Ölfusbraut og tengingar inn á göngustíga umhverfis bæinn, eru skv. skipulagi um 400 m. Kostnaður er áætlaður um 11 m.kr. sem deilist á áfangana.

Áfangarnir sem hér að framan eru taldir eru settir á árin 2020 og 2021 en líklega gæti skynsamlegt verið að taka fyrri áfangann inn árið 2019 í ljósi eftirspurnar eftir rað- og parhúsalóðum.

Gatnagerð milli Ölfusbrautar og Vesturbakka (Hafnarbakki):

Skv. áætlun er gert ráð fyrir að ráðist verði í fráveituframkvæmdir á svæðinu árið 2019 til að tengja nýtt íbúðahverfi norðan Norðurbyggðar. Þetta svæði er ákaflega mikilvægt í uppbyggingu Þorlákshafnar á næstu árum og verður ekki hjá því komist að hefja þar gatnaframkvæmdir í kjölfarið. Ef gert er ráð fyrir u.þ.b. 300 m. í gatnagerð gæti heildarkostnaður verið um 37,5 m.kr. og deilist í jöfnum hlutföllum á árin 2019 og 2020.

Hér er ekki gert ráð fyrir innheimtum gatnagerðargjöldum en þó verður að ætla að lóðum verði úthlutað í kjölfarið.

Gatnagerð milli Suðurstrandarvegjar og Laxabrautar (Vesturbraut):

Mikil uppbygging á sér stað við Laxabraut í tengslum við fiskeldi og ekki annað séð en að áframhald verði á þeirri uppbyggingu í næstu framtíð. Slíkri starfsemi fylgir töluverð umferð en í dag fer hún um Nesbraut og því miður einnig í gegnum Þorlákshöfn, þ.e. Hafnarberg og Búðahverfi. Þessu þarf að bregðast við hið fyrsta auk þess sem leggja þarf öfluga hitaveitu til fyrirtækjanna á svæðinu. Uppi er hugmynd, sem til staðar er í Aðalskipulagi, um að fara með veg frá Suðurstrandarvegi vestan við Þorlákshöfn niður á Laxabraut til móts við Laxabraut 9. Lagnaleið fyrir hitaveitu yrði nýtt til að byggja upp veg að svæðinu.

Byrja þarf á því að byggja upp um 1,2 km. langan kafla frá Löxum að Íspóri sem væri fyrri áfangi af tveimur, framkvæmdur árið 2018. Áætla má heildarkostnað gatnagerðar við þennan áfanga um 12,5 m.kr. án veitna.

Annar áfangi, vegur frá Suðurstrandarvegi að Laxabraut sem væri um 1,2 km. Heildarkostnaður við áfangann með lögnum og lýsingu er áætlaður 145 m.kr. sem færður er á árið 2019. Vegurinn sjálfur er áætlaður 106 m.kr., lagnaskurður 113 m.kr., þ.a. hlutur vatnsveitu 28 m.kr. og lýsing 11 m.kr.

Ekki er tekið tillit til gatnagerðargjalda í áætluðum tölum en gera má ráð fyrir að allt að 140 m.kr. í gatnagerðargjöld frá þeim aðilum sem þegar hafa fengið úthlutað lóðum á svæðinu (Laxar 3 ha., Tálkni 8 ha. og stækkanir um 3 ha. hjá Náttúru og 2 ha. hjá Íspóri).

Gatnagerð á hafnarsvæði:

Þessi þáttur er mjög óljós. Hvernig mun svæðið byggjast upp í næstu framtíð og hversu mikils krefst sú uppbygging í gatnagerð? Gróflega liggur fyrir hvað hver m² í fullfrágenginni götu með lögnum kostar, þ.e. 30.500 kr. og verður gengið út frá því í allri áætlanagerð þar til staðhæfð kostnaðaráætlun liggur fyrir þó svo gera megi ráð fyrir eitthvað ódýrari framkvæmd vegna jarðvegsgerðar. Ekki liggur fyrir verðlagning á lóðum á hafnarsvæðinu og raunar liggur staðfest skipulag ekki fyrir. Virkja má töluvert magn af lóðum eða 14 lóðir með 330 m. gatnagerð eða um 2000 m² með þjóðveginum neðan hringtorgs. Kostnaður gæti verið um 60 m.kr. en gera má ráð fyrir gatnagerðargjöldum á móti þó óljóst sé hvenær þau falla til. Að jafnaði má gera ráð fyrir því að hver lóð sé um 3.000 m² og gatnagerðargjöld pr. lóð séu um 19 m.kr. m.v. nýtingarhlutfall 0,5 eða alls um 266 m.kr. fyrir þessar 14 lóðir.

Ef farið verður í að gera 550 m. langan veg frá Svartaskersbryggju til norðurs og í gegnum hverfið má ætla að kostnaður við það gæti verið um 100 m.kr. ($550 \text{ m.} \times 6 = 3.300 \text{ m}^2 \times 30.500 \text{ kr.} \approx 100 \text{ m.kr.}$).

Til þess að þessar lóðir virki sem skyldi verður að fara með fráveituna á dýpri sjó út með garðinum eða þá að fara í fullkomna hreinsun sem tæki töluvert pláss á hafnarsvæðinu. Hvernig sem á þetta er litið mun fyrsta stigs hreinsun, þ.e. grófhreinsun, taka töluvert pláss.

Gatnagerðargjöld v/úthlutaðra lóða

Undir þennan lið færast álögð gatnagerðargjöld vegna úthlutaðra lóða víðs vegar um Þorlákshöfn.

Búðahverfi

Gert er ráð fyrir því að árið 2018 verði lögð á gatnagerðargjöld vegna fimm einbýlishúsalóða (14,5 m.kr), átta parhúsalóða (24 m.kr.) og fjögurra raðhúsalóða (24 m.kr.). Árið 2019 verði lögð á gatnagerðargjöld vegna fjögurra einbýlishúsalóða (10,5 m.kr.) og einnar raðhúsalóðar (6 m.kr.). Árið 2020 verði lögð á gatnagerðargjöld vegna fjögurra einbýlishúsalóða (10,5 m.kr.) og 2021 verði lögð á gatnagerðargjöld vegna fjögurra einbýlishúsalóða (10,5 m.kr.).

Sambyggð

Gert er ráð fyrir því að árið 2018 verði lögð á gatnagerðargjöld vegna þriggja fjölbýlishúsalóða (37,5 m.kr.) og árið 2019 vegna tveggja fjölbýlishúsalóða (19,5 m.kr.).

Norðan Norðurbyggðar

Gert er ráð fyrir að úthlutun lóða hefjist á árinu 2020 og þá verði lögð á gatnagerðargjöld vegna þriggja parhúsalóða (13,5 m.kr.) og einnar raðhúsalóðar (8,5 m.kr.). Árið 2021 verði lögð á gatnagerðargjöld vegna þriggja parhúsalóða (13,5 m.kr.) og tveggja raðhúsalóða (17 m.kr.).

Víkurbraut

Í hverfinu eru 11 misstórar lóðir. Gert er ráð fyrir því að lögð verði á gatnagerðargjöld vegna einnar lóðar árið 2018 (20 m.kr.), tveggja lóða árið 2019 (40 m.kr.), þriggja lóða árið 2020 (60 m.kr.) og fimm lóða árið 2021 (80 m.kr.).

Miðbæjarsvæði

Skipulag miðbæjarsvæðisins er í vinnslu og vegna óvissu eru ekki áætluð gatnagerðargjöld á áætlunartímabilinu. Til eru þó skipulagðar lóðir á svæðinu, s.s. við Vesturbakka og Unubakka, tilbúnar til úthlutunar og verður áhersla lögð á að úthluta þeim í næstu framtíð. Gerður verður viðauki við áætlun ef það gengur eftir.

Hafnarsvæði

Skipulag hafnarsvæðisins er í vinnslu og vegna óvissu eru ekki áætluð gatnagerðargjöld á áætlunartímabilinu.

Laxabraut

Mikil uppbygging hefur verið við Laxabraut undanfarið og ef áætlanir ganga eftir mun áframhald verða á þeirri uppbyggingu. Laxar ehf. byggðu seiðaeldisstöð á Laxabraut 9 vorið 2017 og stækkun stöðvarinnar er í framkvæmd. Áætluð gatnagerðargjöld vegna lóðarinnar eru 27 m.kr. og eru færð á árið 2018.

Íspór hefur áform um stækkun seiðaeldisstöðvarinnar á Nesbraut 23-27 og eru áætluð gatnagerðargjöld á lögð árið 2019 18 m.kr.

Náttúra hefur áform um stækkun bleikjueldisstöðvarinnar við Laxabraut 3-5 og eru áætluð gatnagerðargjöld á lögð árið 2020 27 m.kr.

Unnið hefur verið með Tálkna ehf. að skipulagi fyrir fiskeldisstöð á Laxabraut 1. Áætluð gatnagerðargjöld á lögð árið 2021 72 m.kr.

Gljúfurárholt:

Gatnakerfið í Gljúfurárholti (áfanga 1) er í grunninn lélegt. Upphaflega var klæðning sett á götuna og á nokkrum stöðum eru stórir steinar farnir að koma uppúr klæðningunni en sérstaklega ber á því þar sem stærri bílar hafa farið um. Allur kantsteinninn í hverfinu er skemmdur og allar gangstéttar og göngustíga með varanlegu yfirborði vantar í hverfið en á stöku stað er búið að forma malarstíga. Mikilvægt er að taka þetta í áföngum og hefjast handa við að malbika gangstéttará innri hringnum strax 2018. Innri hringurinn er um 850 m. en lagt er til að fyrstu 180 m. beint inn í hverfið verði gerðir sumarið 2018 og 280 m. niður frá Klettagljúfri 2. Alls eru þetta um 460 m. eða um 800 m² og áætlað að framkvæmdin gæti kostað um 5 m.kr. með jarðvinnu. Ámóta fjárhæð þarf að leggja í hverfið árlega næstu árin.

Gera þarf úttekt á fráveitukerfinu í Gljúfurárholti en ekki er víst að vandað hafi verið til verka við lagningu veitunnar meðfram Rauðalæk vestast í hverfinu. Vegna úttektar er bætt við 1,5 m.kr. á árinu 2018. Sérstaklega þarf að skoða með tengigjöld við fráveituna í hverfinu og einnig með gatnagerðargjöld óbyggðra lóða. Óljóst er hvernig uppbyggingu lóða í hverfinu verður háttáð en þær eru allar í einkaeigu en gatnakerfið og opin svæði eru í eigu sveitarfélagsins. Þar sem töluvert á eftir að framkvæma í hverfinu er eðlilegt að útbúin verði gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald sem staðið getur að einhverju leyti undir þeim framkvæmdum.

Endurnýjun gatna í elsta hluta Þorlákshafnar

Yfirborð gatna, gangstéttar, fráveita, vatnslagnir, ljósastaurar og strengir eru þættir sem komnir eru á tíma í elsta hluta Þorlákshafnar. Þetta á sérstaklega við um eftirfarandi götur í röð eftir ástandi (sú sem í brýnustu endurnýjunarpörf fyrst): Reykjabraut, Oddabraut, Hjallabraut, Skálholtsbraut og hluti Egilsbrautar.

Hreinsitækni hefur myndað allar fráveitulagnir á Reykjabraut, Oddabraut og Skálholtsbraut. Ástandið er sérlega slæmt, lagnir tærðar og verulegar skemmdir á nokkrum stöðum, á Reykjabraut og litlu skárra á Oddabraut og Skálholtsbraut. Mikilvægt er að affallsvatn hitaveitu verði tekið í sér lögn þegar að endurnýjun kemur.

Lýsing á Nesbraut:

Mikilvægt verkefni út frá öryggissjónarmiðum en aðrir hafa bent á að þessu fylgi ljósmengun. Vegalengdin sem um ræðir er ca. 2,1 km. og búast má við að þörfin sé 80 staurar þar sem 40 m. eru áætlaðir á milli staura. Kostnaður pr. staur er áætlaður 300 þús. kr. og því alls um 24 m.kr.

Önnur hugmynd væri sú að aðgreina göngu- og akstursleiðir og vera aðeins með lága lýsingu fyrir gangandi umferð og umferð hesta. Með því móti má mögulega fækka staurum og styra betur lýsingu.

11 – Umhverfismál

Svæðið umhverfis útsýnisskífu og víta:

Það er verið að klára svæðið. Kominn er göngustígur meðfram sjóvarnargarði að sporinu og alla leið út í víta. Tengja þarf þennan göngustíg inn á göngustíg sem liggur um hverfisverndina að íþróttasvæðinu.

Bátnum Friðriki Sigurðssyni verður fundinn staður á svæðinu og hann fluttur þangað. Ekki er ætlunin að gera bátinn upp en koma honum í það ástand að af honum skapist ekki slyshætta. Líklegast er að honum verði komið fyrir á opnu svæði vestan Selvogsbrautar við gatnamótin við Óseyrarbraut.

Þessi framkvæmd í heild kemur til með að þjóna íbúum og hafa mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn sem okkur sækja heim. Útbúa þarf og setja niður upplýsingar- og söguskilti á svæðinu. Einnig verður hérna gert ráð fyrir götuskiltum í Þorlákshöfn og undirbúningi að samræmdum skiltum í dreifbýli.

31 – Eignasjóður

Fasteignir:

Gert er ráð fyrir því að fasteignin Eyjahraun 8 verði seld á árinu. Fasteignin Eyjahraun 6 var keypt á árinu á 29 m.kr. og gert er ráð fyrir því að söluverð Eyjahrauns 8 verði selt á sama verði.

33 – Þjónustumiðstöðin

Tækjabúnaður og bifreiðar:

Það þarf að kaupa vörubíl með krana. Hugmyndin með að kaupa svona bíl er sú að hann muni leysa af núverandi tankbíl sem við höfum verið að nota í snjómokstri en hann er verður 30 ára gamall 2019. Hann er orðinn mjög lúinn og heilsuspillandi fyrir þann sem er að vinna á honum. Eftir að Brunavarnir Árnessýslu fengu nýjan bíll þá tókum við við tankbílnum. Eins og hefur verið í umræðunni um að sveitarfélagið taki við rekstri og viðhaldi á ljósastaurum í sveitarfélaginu þá kemur vörubíll með krana að góðum notum. Það er enginn svoleiðis bíll hér og þarf að fá hann frá Selfossi í hvert skipti sem þarf að fara upp í staur. Einnig getur höfnin nýtt sér kranann en það þarf t.d. að skipta um perur í innsiglingaljósunum. Eins mun svona bíll nýtast þegar það þarf að hífa menn upp við stofnanir bæjarins í ýmislegt viðhald. Svo nýtist hann við uppsetningu á jólaskrauti bæjarins. Einnig nýtist hann við ýmsa flutninga t.d.. timbur og rör, þar sem við getum þá híft upp á pallinn og flutt sjálfir. Að lokum þá getum við náð í efni eins og mól, grús, sand og mold upp í gryfjur sjálfir. Með því að hafa svona bíl þá getum við bjargað okkur mikið sjálf, þurfum ekki að kaupa þessa þjónustu annarsstaðar frá og spörum þá heilmikla peninga. Eins og þetta er núna með tankbílinn þá er hann bara notaður í snjómokstur en með nýjum bíl þá verður hann notaður allt árið um kring. Gamli tankbíllinn verður þá væntanlega seldur. Kostnaður er allt að 12.000.000 kr.

Mögulega verður keypt sláttuvél fyrir Kubota fyrir gróf svæði, s.s. lúpínu. Kostnaður 300 þús. Kaupa þarf 2 litlar sláttuvélar og 1 orf = 450 þús. Það þarf að fjárfesta í pressvél og fylgihlutum. En píparinn hefur þurft að leigja þessa vél. Kostnaður er um 500 þús. Það verður að kaupa nýjan krókheysisgám á vagninn okkar. Þessi græni sem við eigum er orðinn ónýtur. Kostnaður er um 900 þús.

Það vantar öryggiskerfi og brunakerfi í húsið. 1.000.000 kr.

Æskilegt væri að kaupa sóp fyrir Kubota sem við getum notað til að sópa götur og plön. Kostnaður gæti verið um 1 m.kr. en á móti kemur að við erum að borga Hreinsitækni tæpa 1.5 milljónir á hverju ári fyrir að sópa göturnar okkar einu sinni á ári en hugsanlega mætti þó fá slíka þjónustu áfram einu sinni á ári í stærstu götur bæjarins. Með því að eiga svona sóp þá getum við sópað allt sjálf og þá oftast en einu sinni á ári.

41 – Þorlákshöfn

Lóðarframkvæmdir:

Mikil aukning hefur verið á umsvifum við höfnina árið 2017 og landrýmisþörfin er mikil vegna starfsemi Smyril-Line cargo og snýr það sérstakleg að svæðum til að geyma bíla, vélar og tæki. Höfnin hefur þegar fjárfest í tollverndarplani og ekki er gert ráð fyrir því að höfnin fjárfesti mikið meira í slíkum innviðum en þess ber að vænta að bæta verði aðstöðuna að einhverju leyti á árinu 2018.

Gera verður ráð ráð fyrir því að á einhverjum tímamarki verði að malbika geymsluþlön fyrir áburð og hugsanlegur er frágangur ofan smábátahafnar. Þessar framkvæmdir verður þó aðeins farið í ef brýna nauðsyn krefur og eru ekki settar inn nema litlar fjárhæðir á fjögurra ára áætlun þar sem forsendubreytingar í rekstri verða það miklar ef til þessa kemur.

Stækkun hafnar:

Ein af stærri forsendum fyrir endurbótum Þorlákshafnar er brýn viðhaldsþörf á gömlu kerjabryggjunni á Suðurvarargarði og viðlegukanti Svartaskersbryggju, en elsti hluti hennar er frá árinu 1976. Þil bryggjunnar eru farin að tærast mikið og fylling er farin að renna undan dekki hennar á all nokkrum stöðum. Með því að laga bryggjunnar, dýpka svæðið fyrir framan þær fæst örugg höfn sem getur tekið á móti allt að 180 m. löngum skipum.

Árið 2017 var Norðurvararbryggjan rifin og höfnin dýpkuð að fullu í -8 m. auk þess sem endinn á gamla grjóttgarðinum sem gekk út í innsiglinguna var fjarlægður að stærstum hluta. Fyrir áramót árið 2017 er svo áætlað að dýpka siglingarrennu utan hafnar. Heildarkostnaður við þetta var um 450 m.kr. og er hlutur hafnarinnar 40% eða um 180 m.kr. að því gefnu að ríkið standi að fullu við sinn hlut.

Árið 2018 er gert ráð fyrir nýju 250 m. stálþili við Svartasker. Áætlaður kostnaður pr. m. er 1,5 m.kr., þ.e. heildarkostnaður um 375 m.kr. og hlutur hafnarinnar 30% eða um 112,5 m.kr.

Árin 2019 og 2020 er gert ráð fyrir nýju 250 m. stálþili við Suðurvarargarð og breikkun bryggjunnar. Áætlaður kostnaður pr. m. er 2 m.kr., þ.e. heildarkostnaður um 500 m.kr. og hlutur hafnarinnar 30% eða 150 m.kr. eða 75 m.kr. á hvort ár.

Það er mikilvægt út frá öryggissjónarmiðum að lengja Suðurvarargarð um allt að 200 m. til að skip séu komin í var áður en í innsiglinguna er komið. Vonir standa til að hægt sé að vinna þetta samhliða endurbótum á bryggjunni við Suðurvarargarð en gera má ráð fyrir að kostnaður sé um 750 m.kr. sem dreifast á árið 2019-2021 og hlutur hafnarinnar af því um 20% eða um 150 m.kr. eða 50 m.kr. hvert ár.

Sýnt er að miðað við umsvif við höfnina í dag þá getur hún tæplega borið ný stór verkefni. Ný stálþil við Svartasker og Suðurvarargarð munu bæta stöðuna mikið en það þarf að horfa til lengri framtíðar. Stækka verður höfnina svo hægt sé að virkja þau tækifæri sem til staðar eru á svæðinu og Suðurlandi öllu. Hefja verður undirbúning að þessu strax árið 2018 og er áætlað að setja í þetta allt að 10 m.kr.

Áhöld og tæki:

Í ljósi aukinna umsvifa við höfnina og tilkomu stærri skipa en áður er mjög mikilvægt að endurnýja dráttarbat hafnarinnar. Skoða verður hvort skynsamlegt er að gera samning við þjónustuaðila eða að höfnin fjárfesti með þátttöku ríkisins. Fyrirséð er að nýr 25-30 tn. bátur kosti um 300 m.kr. og áætlaður hlutur hafnarinnar er um 30%. Gera má ráð fyrir því að næstu ár verði fjárfest í búnaði fyrir 2 m.kr. á ári að jafnaði.

43 – Vatnsveita

Færsla á vatnsbóli:

Skv. aðalskipulagi 2010-2022 skal færa vatnsból á Hafnarsandi vestar og leggja nýja lögn til bæjarins. Á næstu árum er líklegt að farið verði í að bora nýjar vatnstökuholur og leggja tvöföld lögn til bæjarins sem tengist inn á núverandi kerfi. Liður í þessu er að leggja niður vatnstöku í Unubakka og flytja búnaðinn þaðan í nýtt dæluhús vegna hættu á megnun frá atvinnustarfsemi í nágrenni þess vatnstökustaðar.

Ef upp koma verkefni eða aðstæður sem krefjast aukinnar afhendingar á vatni frá veitunni getur orðið nauðsynlegt að flýta þessum framkvæmdum.

Vatnsveita að Víkurbraut:

Áætlaður kostnaður við að fara með vatnsveitu að Víkurbraut, iðnaðarsvæði vestan Þorlákshafnar, er um 43 m.kr. Þessu til viðbótar er áætluð þátttaka sveitarfélagsins í hitaveitu á svæðið v/lóða sem óbyggðar eru, þ.e. 20,5 m.kr. Þessi fjárfesting fellur til á árinu 2018.

Berglind:

Vegna mikillar og stöðugar uppbyggingar í dreifbýli Ölfuss er áformað að efla veituna á næstu misserum. Hluti lagna í lagnakerfi Berglindar eru orðnar gamlar, frá 1963 og þegar þær voru lagðar þá voru þær hugsaðar fyrir mun færri notendur. Þegar er búið að tengja mikið af húsum inn á kerfið og alltaf að bætast við og fyrirsjáanlegt að það muni aukast á næstu árum. Nú annar kerfið ekki almennilega þeim notendum sem komnir eru og það eru fleiri að sækja um að tengjast. Sem dæmi þá er það bara 50 mm lögn sem er að fæða Gljúfurárholtshlutana sem síðan er sveruð upp í 180 mm lögn í götunum þar, við þessar aðstæður eru brunahanarnir þarna gagnslausir ef á þyrfti að halda í bruna.

Endurnýja þarf Bakkarárholtshluta veitunnar, sem lögð var 1963 sem liggur um tún og skurði. Þrýstingurinn á Berglindi er um 2 bör, sem er frekar lítið, miðað er við 4 bör hér í Þorlákshöfn. Og þegar saman fara bæði grannar lagnir og lítill þrýstingur þá má lítið út af bregða til að vandræði komi upp. Við yfirferð á lögnum, þar með tengistykkjum þar sem verið er að greina heimæðar frá stofnlögninni á Bakkarárholtshlutunum, er hægt að meta viðhalds- og endurnýjunarþörfina. Í þetta verk þarf verktaka sem yfirfer svæðið sem veitan er á. Grafa þarf niður hér og þar til að finna tengingar og endurnýja þær eftir þörfum. Engin varadæla er fyrir Berglindi við holuna undir Ingólfsfjalli en fljótlega þarf að skoða með kaup á dælu.

Aðgengi að slökkvivatni er frekar erfitt á því svæði sem vatnsveitan Berglind þjónar en það er ekki lögbundin skylda að afhenda brunavatn í dreifbýli. Notendur verða að huga að safntönkum fyrir brunavatn sem mögulegt væri að veitan myndi fylla á eftir þörfum.

Sumarið 2017 var boruð hola í landi Reykja ofan Ölfusborga sem gefur að lágmarki 25 ltr./sek. Ætlunin er að reisa yfir holuna veituhús fyrir árslok 2017 og í framhaldi að virkja holuna fyrir vatnsveituna Berglindi. Sérstaklega er horft á vestursvæði veitunnar með það að markmiði að fæða núverandi- og framtíðarbyggð í Gljúfurárholti ásamt Völlum, þ.e. Eldhestar o.fl. Áætlaður kostnaður við uppbyggingu veituhússins er um 8 m.kr. og fellur það til árinu 2017. Þá verður búið að hanna og byggja upp hús og tengja það rafmagn. Árið 2018 verður farið í fyrsta áfanga uppbyggingar veitunnar sem er að leggja lögn frá veituhúsi að Þjóðvegi og ná að tengja Eldhesta og byggðina þar við. Áætlaður kostnaður áfanga 1 er um 24 m.kr. Í áfanga 2 verður farið með lögnina frá Eldhestum að Gljúfurárholti. Rætt hefur verið við Vegagerðina um það að sá áfangi komi með framkvæmdum við endurbætur á Suðurlandsvegi en af því er mikil samlegð. Kostnaðaráætlun EFLU gerir ráð fyrir 23 m.kr. í þennan áfanga en búast má við einhverju ófyrirséðu. Gera má ráð fyrir því að verkið verði unnið á árunum 2019-2020. Með þessu móti léttir álag á austurhluta veitunnar og dregur því úr viðhalds- og endurbótþörf þar.

Tilboð frá Görpum ehf. í veituhús í landi Reykja

Ekki er vitað hvort þarf að fleyga fyrir sökklum og er sá þáttur ekki inni í tilboðinu.

Lóð er jöfnuð og gert bílastæði við húsið og gengið frá hlöðnum kanti til að halda við veginn/planið:

Verð án vsk. kr.2.674.470,-

Smíðavinna, slá upp fyrir húsinu, smíða timburvegg með hurð og hífanlegt þak.

Verð án vsk. kr.2.650.629,-

Samtals án vsk. kr.5.325.099,-

Vsk. kr.1.278.024,-

Samtals kr.6.603.123,-

Kostnaðaráætlun frá Verkfræðistofunni Eflu í lagnir. Gengið er út frá 180 mm lögn sem hefur flutningsgetu 25-30 l/sek. 110mm lögn hefur flutningsgetu 7-8 l/sek

Lagnir frá borholu að Eldhestum, niður fyrir Suðurlandsveg.

Jarðvinna sem er fleygun, söndun, fylling og frágangur yfirborð	5.795.300,-
Þverun á malarvegi á leiðinni að Þjóðvegi kr.	150.000,-
Þverun Suðurlandsvegar, borun undir hann kr.	700.000,-
Ófyrirséð 30% kr.	1.993.590,-
Samtals jarðvinna kr.	8.638.890,-
Lagnir. 180 mm PE100 SDR17,6 plastlögn kr.	10.357.500,-
Spindilloki DN150 sem verða 3 á leiðinni kr.	600.000,-
Blindflangi við endann á lögninni. Eru tvær, annar neðan við Þjóðveginn þar sem Eldhestar tengjast og hinn ofan við Þjóðveginn þar sem lögnin að Gljúfurárholti tengist kr.	80.000,-
Tenging við eldri lögn kr.	200.000,-
Þverun núverandi lagna á 5 stöðum kr.	100.000,-
Grafið meðfram núverandi lögnum á um 75 m kafla kr.	225.000,-
Ófyrirséð 30% kr.	3.468.750,-
Samtals lagnir kr.	15.031.250,-
Alls jarðvinna og lagnir kr.	23.670.140,-

Til viðbótar þessu verður að bæta við dælum og tengingum, þ.e. bæði rafmagn og lokar. Gera má ráð fyrir að viðbótarkostnaður vegna þessa sé um 6 m.kr. og fjárfesting í heild árið 2018 því um 30 m.kr.

Tengigiöld vegna veitna

Í ljósi mikilla endurbóta á vatnsveitunni Berglindi þarf að fara vandlega ofan í gjaldskrá veitunnar. Ljóst er að nýir aðilar þurfa að greiða tengigiöld og eins þeir sem fá verulega aukningu magns á vatni.

Varðandi nýtingar við Víkurbraut er sama deililutfall notað og við áætlun gatnagerðargjalda. Heildarkostnaður vegna vatnsveitunnar er áætlaður 27,5 m.kr. og deilist hann á allar 11 lóðirnar, þ.e. 1 lóð 2018, 2 lóðir 2019, 3 lóðir 2020 og 5 lóðir 2021.

Endurnýjun vatnsveitu í elsta hluta Þorlákshafnar

Yfirborð gatna, gangstéttar, fráveita, vatnslagnir, ljósastaurar og strengir eru þættir sem komnir eru á tíma í elsta hluta Þorlákshafnar. Þetta á sérstaklega við um eftirfarandi götur í röð eftir ástandi (sú sem í brýnustu endurnýjunarþörf fyrst): Reykjabraut, Oddabraut, Hjallabraut, Skálholtsbraut og hluti Egilsbrautar.

Hreinsitækni hefur myndað allar fráveitulagnir á Reykjabraut, Oddabraut og Skálholtsbraut. Ástandið er sérlega slæmt, lagnir tærðar og verulegar skemmdir á nokkrum stöðum, á Reykjabraut og litlu skárra á Oddabraut og Skálholtsbraut. Mikilvægt er að affallsvatn hitaveitu verði tekið í sér lögn þegar að endurnýjun kemur.

53 – Íbúðir eldri borgara

Nían, þjónustuíbúðir fyrir aldraða

Forsvarsmenn Sveitarfélagsins Ölfuss í samvinnu við Höfn hollvinasamtök, Félag eldri borgara í Ölfusi og öldungaráð sveitarfélagsins hafa unnið að undirbúningi bættrar aðstöðu fyrir eldri borgara Ölfusi

en sveitarfélagið er eitt fárra á Suðurlandi þar sem hjúkrunarrými eru ekki í boði fyrir aldraða og það fjölmennasta.

Pung umræða hefur verið í samfélaginu um aðbúnað fyrir eldri borgara í Ölfusi (Þorlákshöfn og nágrenni) í hjúkrunarþörf. Í lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu segir í 32. gr. um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga: "Kostnaður við byggingu og búnað sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva greiðist úr ríkissjóði. Þátttaka sveitarfélaga í kostnaði við byggingu og búnað hjúkrunarheimila skal vera 15% af stofnkostnaði. Meiri háttar viðhald og tækjakaup teljast til stofnkostnaðar. Almennur viðhaldskostnaður fasteigna og tækja telst ekki til stofnkostnaðar. Sveitarfélög láta í té lóðir undir byggingar skv. 1. mgr., þ.m.t. íbúðarhúsnæði sem ætlað er starfsmönnum, ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda og lóðarleigu. Eignarhlutur hvors aðila um sig skal vera í samræmi við kostnaðarhlutdeild skv. 1. mgr. Hvorugur aðili á kröfu á hinn um leigu vegna eignar eða eignarhluta."

Hvernig sem mál þróast til framtíðar er ákaflega mikilvægt að komið verði á sólarhrings öryggisvakt fyrir íbúa Þorlákshafnar og er þá sérstaklega horft til þeirra sem búa á Níunni og í íbúðum Elliða. Inn í slíka útfærslu verður ríkið að koma í samstarfi við sveitarfélagið. Á árinu 2016 fengust 15 m.kr. frá heilbrigðisráðuneytinu til eflingar heimahjúkrunar í Þorlákshöfn með sérstaka áherslu á starfsemi Níunnar. Eftir á að ákveða hvernig þessu fjármagni verður ráðstafað og eins á eftir að komast að því hvort þetta er einsskiptis greiðsla eða hvort vænta má árlegrar greiðslu til framtíðar. Ef um einsskiptis greiðslu er að ræða er óvarlegt að ætla að koma á framtíðarfyrirkomulagi með varanlegri þjónustuaukningu fyrir þá fjárhæð.

Nú er í undirbúningi úttekt á þörf fyrir þjónustuíbúðir fyrir aldraða sem tengjast myndu Níunni og þeim félagslegu íbúðum sem þar eru reknar af sveitarfélaginu í dag. Til athugunar er hversu margar nýjar íbúðir þörf er fyrir og það hvort Framkvæmdasjóður aldraðra kemur að slíkri uppbyggingu með einhverjum hætti. Árlega er úthlutað úr sjóðnum en á árinu 2017 var umsóknarfrestur til 14. júlí. Einnig þarf að skoða hvort Íbúðalánasjóður fjármagnar slíka framkvæmd og með hvaða kjörum en gengið er út frá 85% láni með 4,2% verðtryggingum vöxtum til 50 ára.

61 – Fráveita

Fráveituhús / lengin á útrás

Mjög mikilvægt er að færa útrásina bæði vegna ásýndar og eins vegna mikils sandburðar sem stíflað getur útrásina ef dælar stoppa. Vandræði hafa á síðustu árum verið með fráveitudælnar, þær hafa verið að stíflast vegna aðskotahluta í skolpinu, t.d. vegna snæra, öngla og trefjaklúta. Til að losna við þetta vandamál þarf að setja upp 1. stig í hreinsistöð, grófhreinsibúnað og/eða herða verulega reglur og eftirlit með umgengni fyrirtækja um fráveituna. Reglur og eftirlit er á verksviði HES. Hreinsistöð er þó nokkuð fyrirtæki vegna þess hversu mikið magn kemur af skólpi sem er afleiðing þess að einfalt skólperfi er í þéttbýli sveitarfélagsins, þ.e. rigningarvatn er ekki skilið frá. Fyrirtækið Varma og vélaverk er búið að skoða fyrir okkur hvað vélbúnaðurinn mundi kosta en til viðbótar þarf að byggja þó nokkuð mannvirki til að koma búnaðinum fyrir og nokkur þjónusta er við reksturinn. Það er mikilvægt að finna laun á þessu því í dag er nokkur sjónmengun þó ekki sé mælanleg saurgerlamengun í Skötubótinni, sem er fallegur og vinsæll útivistarstaður.

Mikilvægt er að þetta verkefni verði unnið samhliða skipulagsvinnu og framkvæmdum við höfnina. Það er bráðnaðsynlegt að rifja upp aftur með Sigurði Sigurðarsyni hjá Vegagerðinni og Einar Stefánssyni hjá VSÖ mögulega lengingu á útrás samhliða brimvarnargarði á dýpri sjó.

Á næstu árum verði unnið að frekari úrbótum á fráveitunni til samræmis við nýja reglugerð um fráveitur sem er í vinnslu. Fyrirséð er að fara verði í mælingar og skoðun á lagnastæðinu og í framhaldi hönnun.

Stefnt að því að lengja útrás fráveitunnar á næstu árum. Gerð verður framkvæmda- og kostnaðaráætlun á árinu 2018.

Fyrirkomulagið við dælurnar í fráveituhúsinu við útrásina eins og það er í dag er algerlega óásættanlegt. Það er hreinlega ekki gert ráð fyrir því að unnið sé við dælurnar eða að þær yfirleitt bili. Útbúa þarf framhjálaup til að hægt sé að þjónusta og sinna viðhaldi á dælum. Reyndar þarf inn í lengri framtíð að finna varanlega lausn á útrásinni.

Fráveita Vesturbakki-Ölfusbraut (Hafnarbakki):

Jarðvinna, frárennsli og vatnslagnir. Þessi framkvæmd mun þjóna öllu svæðinu milli Vesturbakka og Ölfusbrautar auk íbúðabyggðar norðar Norðurbyggðar (Norðurhraun). Áætlaður kostnaður er 38 m.kr.

Fráveita Víkurbraut:

Áætlaður kostnaður við fráveitulögn frá Víkurbraut til sjávar er 44,5 m.kr.

Endurnýjun fráveitu í elsta hluta Þorlákshafnar

Yfirborð gatna, gangstéttar, fráveita, vatnslagnir, ljósastaurar og strengir eru þættir sem komnir eru á tíma í elsta hluta Þorlákshafnar. Þetta á sérstaklega við um eftirfarandi götur í röð eftir ástandi (sú sem í brýnustu endurnýjunarþörf fyrst): Reykjabraut, Oddabraut, Hjallabraut, Skálholtsbraut og hluti Egilsbrautar.

Hreinsitækni hefur myndað allar fráveitulagnir á Reykjabraut, Oddabraut og Skálholtsbraut. Ástandið er sérlega slæmt, lagnir tærðar og verulegar skemmdir á nokkrum stöðum, á Reykjabraut og litlu skárra á Oddabraut og Skálholtsbraut. Mikilvægt er að affallsvatn hitaveitu verði tekið í sér lögn þegar að endurnýjun kemur.

VIÐHALDSÁÆTLUN

Áætlun meiriháttar viðhalds (þús. kr.)	2018	2019	2020	2021	Samtals
10 - Umferðar- og samgöngumál					
1031-4960 Viðhald gatna	15.000	15.000	25.000	25.000	80.000
Samtals 10	15.000	15.000	25.000	25.000	80.000
31 - Eignasjóður					
31101-4965 Grunnskólinn í Þorlákshöfn, viðhald húsa	8.000	7.000	6.000	6.000	27.000
31301-4965 Hafnarberg 1, ráðhús	7.300	5.000	5.000	1.500	18.800
Samtals 31	15.300	12.000	11.000	7.500	18.800
43 - Vatnsveita					
4311-4960 Viðhald vatnsveitu í þéttbýli	2.000	3.000	3.000	3.000	11.000
Samtals 43	2.000	3.000	3.000	3.000	11.000
53 - Íbúðir eldri borgara					
5311-4965 Viðhald húsnæðis Egilsbraut 9	9.000	3.000	2.000	2.000	16.000
Samtals 53	9.000	3.000	2.000	2.000	16.000
61 - Fráveita					
6111-4960 Viðhald fráveitukerfis	2.000	2.000	2.000	2.000	8.000
Samtals 61	2.000	2.000	2.000	2.000	8.000
Alls áætlað til meiriháttar viðhalds	43.300	35.000	43.000	39.500	160.800

SKÝRINGAR VIÐHALDS

10 – Umferðar- og samgöngumál

1031-4960 Viðhald gatna

Árið 2018-21 verður unnið í Bergum og elsta hluta bæjarins auk annars nauðsynlegs viðhalds. Sérstök áhersla verður á að mynda þær fráveitulagnir sem eftir á að mynda en sá kostnaður færist undir fráveitu.

Vatns- og fráveitulagnir endurnýjaðar þar sem nauðsyn krefur og göturnar malbikaðar. Við myndatöku á fráveitulögnum geta komið í ljós skemmdir sem leiða til þess að flýta þurfi framkvæmdum.

Búið er að marka þá stefnu að þegar viðhalda á götum í þéttbýli verður notað hefðbundið malbiki (upb. 3-5 cm. þykkt) en ekki nota ódýrari leiðir, s.s. "microsurfacing/ralomag", eins og notuð var sumarið 2013. Malbikun er varanlegri aðferð og fallegrí ásýndar en fallegast ásýndar væri þó að helluleggja götur og gangsettir þar sem mögulegt er að koma því við, t.d. við miðbæjarkjarnann.

Viðhald gatna hangir saman við framkvæmdir við veitur og öfugt. Sérstaklega þarf að skoða það hvenær verður farið endurnýjun gatna og veitna í elsta hluta Þorlákshafnar. Sú framkvæmd verður eignfærð þar sem fjárfestingin í núverandi kerfi er fyrir nokkru afskrifuð að fullu. Athugandi er að lækka viðhaldsfjárhæðina á móti slíkri fjárfestingu.

31 – Eignasjóður

31101-4965 Grunnskólinn í Þorlákshöfn, viðhald húsa

Ýmis málningar- og viðhaldsvinna, s.s. rafvirkjar, pípulagnir og smíðavinna er áætluð 1,5 m.kr. að jafnaði hvert ár með einhverri aukningu. Auk tilfallandi viðhalds höfum við verið að glíma við nokkur vandamál sem ekki er búið að leysa:

1. Setja nýjann dúk á fundarherbergið.
2. Loftræstisamstæðu í gamla turni þarf að lagfæra . Samstæðan var sett upp árið 1995 og niðurstæða þessarar lagfæringar og skoðunar gæti orðið sú að þörf sé á að endurnýja hana algerlega.

Kostnaðaráætlun frá ÞH blikk vegna endurnýjunar loftræstisamstæðu í turni grunnskólans er 3,85 m.kr. m/vsk. Vandamál hefur verið með hita í húsinu og yfirfara þarf lagnir í lagnakjallara undir gamla turni og í tæknirými við húsvarðarherbergi. Úttekt verður gerð á miðstöðvarkerfi skólans á árinu 2017. Kostnaður við úttektina um 500 þ.kr fyrir vinnu sérfræðings og síðan vinna pípulagningarmanns Þjónustumiðstöðvarinnar.

3. Umræða hefur verið um að klæða „Gamla turninn“ að utan og skipta þá um glugga í leiðinni. Fjárhagsáætlun segir að eftir 5-6 ár verði skoðað með að klæða turninn að utan.

Timburverk sem eru gluggar í Gamla turni og matsal og þakkantur á salnum og tónlistar- og handmenntaálmu. Hver gluggi í endurmálun kostar um 28 þ.kr. auk vinnupalla til verksins. Alls er um að ræða um 40 glugga í heildina. Heildarkostnaður gæti verið um 1,35 m.kr.

4. Gera þarf áætlun um klæðningu á þeim byggingum skólans sem ekki eru þegar klæddar, s.s. tónlistarskólaálmu og gamla turni.
5. Þarf að skipta um vatnsbretti á gamla turni.
6. Loka loftglugga.
7. Endurbætur á brunaviðvörðunarkerfi 1,4 milljónir.

8. Viðhald lóðar: Loka sorpskýlinu með hliði. Setja upp körfur eða fóboltapönnu á gamla bílastæðið.

31301-4965 Hafnarberg 1, ráðhús

Ráðhúsið var tekið í notkun árið 2000 og hefur ekki fengið nauðsynlegt reglubundið viðhald frá þeim tíma. Sumarið 2017 var slétta múrklæðningin að utan lögð og máluð. Fyrir liggur að fara þarf í viðhald á múrklæðningu utanhúss. Vegna veðrunar sér almennt á steiningu/hvössun á steinuðum hluta klæðningarinnar. Steining er að glerhúsi og á SV-hlið hússins. Steiningin verður lögð næsta sumar en kostnaður við það er um 2,5 milljónir..

Viðhalda verður gluggum, s.s. að skipta út lömum. Gera má ráð fyrir því að kostnaður við þetta sé allt að 500 þús. kr. Það er nokkuð brýnt orðið að lagfæra rifur innanhúss og á næstu tveimur árum verður að mála húsið innan.

Almennt viðhald á húsinu ár hvert verður aldrei undir 1 m.kr. á ári. Nauðsynlegt er að leggja í kostnað á næstu árum umfram almennt viðhald til framkvæmda innan- og utanhúss skv. ofantöldu.

Það þarf að endurnýja brunaviðvörðunarkerfið en kostnaður við það er 3,8 milljónir.

43 – Vatnsveita

4311-4960 Viðhald vatnsveitu í þéttbýli

Laga þarf húsnæðið sem rafstöðin er í og setja fleiri og stærri ristar á skúrinn til að loftræsta þegar vélin er í gangi.

Vinnu við frágang á nýja vöktunarkerfinu er nánast lokið, vantar bara herslumuninn td. að klára handbókina og fínstýlla nokkur atriði.

Töluverður leki er í kerfinu, sem áætlað er að sé á hafnarsvæðinu en það kom í ljós þegar framkvæmd var lekaleit á iðnaðarsvæðinu, og er hann áætlaður 10 – 20 l/sek.

Unnið er að uppfærslu teikninga af lagnakerfinu, en í gegn um tíðina hefur verið farið í ýmsar framkvæmdir og breytingar og margar af þeim hafa ekki skilað sér inn í teikningargrunnin sem haldið er utan um í Granna, en þessi vana er tímafrek og kostnaðarsöm.

Afkastageta veitunar er um 80 l/sek. með fullum afköstum á núverandi dælum miðað við að við dælurnar sé 4,0 bara þrýstingur þar af frá Unubakka 40 l/sek. Svigrúm til að afhenda meira magn er ekkert hjá veitunni, því er nauðsynlegt að taka þá umræðu hvernig uppbyggingu veitunar á að vera. Verður farið í að færa vatnsbólið á Hafnarsandi, eins og Aðalskiplagið gerir ráð fyrir og þá hvenær? Setja þarf þá fjármuni í undirbúning að vali á nýju vatnsbóli og að meta þörf á afkastagetu vatnsbólsins. Eins þarf að ræða hvenær hætt verður vatnstöku í Unubakkanum, því að vendarsvæðið í kringum borholuna er lítið og að alveg við hliðina sé verið að geyma fullt af bílhræjum sem olíur og geymasýra getur lekið úr og þá mengað jarðveginn stutt frá vatnstökunni. Eins og staðan er í dag getum við alls ekki misst dæluna í Unubakka út því dælurnar á Hafnarsandi ganga alltaf á nánast fullum afköstum og hafa rétt svo við á nóttunni og alls ekki á daginn.

Miðað við núverandi ástand getum við ekki bætt við nýjum fyrirtækum sem þurfa að nota mikið magn af köldu vatni hér í Þorlákshöfn nema að ráðist verði í stórar og kostnaðarsamar framkvæmdir, eins og að bora nýjar vatnstökuholur og fjölga dælum.

Sérstaklega þarf að skoða það hvenær verður farið endurnýjun gatna og veitna í elsta hluta Þorlákshafnar. Sú framkvæmd verður eignfærð þar sem fjárfestingin í núverandi kerfi er fyrir nokkru afskrifuð að fullu. Athugandi er að lækka viðhaldsfjárhæðina á móti slíkri fjárfestingu.

53 – Íbúðir eldri borgara

5311-4965 Viðhald húsnæðis Egilsbraut 9

Venjulegt viðhald er um 1,5 milljónir kr.

1. Breyta þarf loftræstikerfi þá fyrir innloft fyrir loftræstisamstæðu. Núna er löggin undir stiganum þar sem brennsluofninn er staðsettur. Vandræði hafa verið þar sem ekki má loka hurðinni að brennsluofninum því þá slær loftræstisamstæðan út. Setja þarf upp magnstýrða loka á inntak úti- og innlofts til að hitastig falli ekki á veturna vegna of mikils útilofts í kerfinu. Áætlaður kostnaður er um 500 þ.kr. Á áætlun hefur verið að laga glugga sem tengir saman eldri og yngri álmu þar sem íbúðirnar eru. Leki er með glugganum. Þetta er heill gluggaveggur sem þarf að yfirfara og laga. Áætlað 500 þ.kr.
2. Eignin er um 25 ára gömul og þarf árlegt viðhald. Yfirfara þarf alla glugga hússins. Fúi er kominn í suma þeirra. Einnig þarf að mála húsið að utanverðu. Gerð verður úttekt á húsinu að utan við glugga og vegg. Áætlaður kostnaður gæti verið um 5 milljónir.
3. Þarf að setja upp sjálfvirkan opnara á útidyrhurð. Áætlaður kostnaður 800 þús.
4. Það er leki á milli gömlu byggingar og þeirri nýju. Sæmundur hefur verið að skoða það fyrir okkur.
5. Endurbætur öryggiskerfis, tilboð frá Árvirkjanum 1,2 milljónir.

61 – Fráveita

6111-4960 Viðhald fráveitukerfis


Ný dæla hefur verið pöntuð og verður sett niður eins fljótt og kostur er á.

Lagnir í elstu götum bæjarins eru með morknum lögnum. Steypurörin skemmdust þegar hitaveitan kom og bakrennsli hitaveitunnar fór í fráveituna. Til að geta lagt mat á ástand lagna þarf fyrst að mynda lagnirnar. Eftir útkomu á ástandi þeirra verður metið hvort gatna verður grafin upp og þá um leið skiptu út vatnslögnum sem eru að mestu úr járn yfir í plast, eða farið í að fóðra lagnir með þeirri tækni sem í boði er og áður hefur verið nefnd. Nauðsynlegt að mynda lagnir og leggja mat á hvor leiðin verður farin í endurnýjun/lagfæringu lagna.


Viðhaldsframkvæmdir fráveitu haldast mjög fast í hendur við viðhald gatna. Sérstaklega þarf að skoða það hvenær verður farið endurnýjun gatna og veitna í elsta hluta Þorlákshafnar. Sú framkvæmd verður eignfærð þar sem fjárfestingin í núverandi kerfi er fyrir nokkru afskrifuð að fullu. Athugandi er að lækka viðhaldsfjárhæðina á móti slíkri fjárfestingu.

SKIPURIT SVEITARFÉLAGSINS ÖLFUSS


STJÓRNSKIPULAG




SKIPURIT




STJÓRNSÝSLUSVIÐ SKIPURIT




FÉLAGSPJÓNUSTUSVIÐ SKIPURIT




ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSVIÐ SKIPURIT




MARKAÐS- OG MENNINGARSVIÐ SKIPURIT




FRÆÐSLUSVIÐ SKIPURIT



UMHVERFIS-, FRAMKVÆMDA- OG VEITUSVIÐ



SKIPULAGS OG BYGGINGARSVIÐ SKIPURIT



HAFNARSVIÐ SKIPURIT

